SKOÐUN Margrét S. Björnsdóttir skrifar um fyrirtæki sem blanda sér beint í stjórnmálabaráttu. 16

MENNING Hljómsveitin Pascal Pinon er á leið í tónleikaferðalag um landið í sumar. 38

SPORT Kvennalandsliðið í knattspyrnu tapaði enn einum leiknum er það mætti Dönum í gær. 34

SPJALDTÖLVUR Í SUMARFRÍIÐ

Lenco
BARNATÖLVUR
Í FLOTTUM LITUM
19.990

tl.is
TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Föstudagur
21. júní 2013
144. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

LÍFIÐ

Svala með nýja fatalínu

Svala Björgvins eltir drauma sína í LA. Hún er að koma með nýja fatalínu á markað og ætlar að gifta sig í sumar.

FRÉTTIR

Litla Ítalía Antonio Neri lét draumsinn rætast og opnaði sinn eigin veitingastað á Laugaveginum. 2

Stórt gat Einn eigenda Faktorý segir að Faktorý og Nasa skilji eftir sig svöðusár í íslenskri tónlistarmenningu. 4

Beint lýðræði Undirskriftasöfnun gegn veiðigjaldi vekur upp spurningar um beint lýðræði. 10

16

Bolungarvík	9°	NA	3
Akureyri	10°	NA	6
Egilsstaðir	11°	N	2
Kirkjubæjarkl.	11°	ASA	3
Reykjavík	15°	NV	5

Hlýjast SV-til Norðan til ríkja norðlægar áttir, fremur skýjað en léttir til er líður á daginn. Sunnanlands eru horfur á björtu veðri og skúrum síðdegis. 4

3 SÉRBLÖÐ

Lífið | Húð & Hár | Fólk

Barnaklám í tölvu manns sem vinnur með börnum

Rúmlega sextugur starfsmaður á frístundaheimili hefur verið ákærður fyrir vörslu barnakláms. Var sendur í leyfi í desember. Maðurinn var bundinn, keflaður og rændur fyrir ári. Ræningjarnir sögðu hann vera „barnaperra“.

LÖGREGLUMÁL Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur rúmlega sextugum starfsmanni á frístundaheimili fyrir vörslu barnakláms. Á annað hundrað ljósmyndir sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt fundust í tölvu hans í desember.

Maðurinn hefur undanfarin ár starfað sem verkefnisstjóri á barnasviði frístundaheimilis fyrir börn og unglinga. Hann hefur verið í launuðu leyfi síðan málið kom upp, að sögn Bjarna Brynjólfssonar, upplýsingafulltrúa Reykjavíkurborgar.

Hann segir borgaryfirvöld líta málið mjög alvarlegum augum. „Það er auðvitað mjög alvarlegt mál þegar starfsmenn sem eru að vinna með börnum og unglingum verða uppvísir að svona nokkru. Viðbrögð borgarinnar eru eftir því.“ Bjarni segir foreldrum barna á frístundaheimilinu ekki hafa verið gert viðvart um málið.

Lögregla lagði upphaflega hald á tölvu mannsins í júlí í fyrra, eftir að tveir menn sem höfðu ráðist á hann tjáðu lögreglu að þeir hefðu gert það vegna þess að hann væri „barnaperri“.

Maðurinn var hins vegar ekki handtekinn fyrr en í desember. Hann hafði tekið sér veikindaleyfi vegna árásarinnar í millitíðinni en snúið aftur til starfa nokkrum dögum áður en hann var handtekinn.

„Það er svo mikið af verkefnum í tölvurannsóknardeildinni að tölvan var ekki skoðuð fyrr en löngu síðar. Þetta var ekki forgangsverkefni,“ segir Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar. „Það er mikið álag á tölvudeildina og þetta er ein afleiðing þess.“ - sh

Árásarmenn fengu þunga dóma

Daniel Arciszewski og Snorri Sturluson fengu í september í fyrra þriggja og tveggja og hálfs árs fangelsisdóma fyrir að ráðast inn til mannsins á heimili hans í Breiðholti og ræna hann, auk nokkurra smávægilegri brota.

Tvímenningarnir bundu hann í stól, hótuðu honum líkamsmeiðingum og líflláti og neyddu hann til að millifæra á þá á fimmta hundrað þúsund. Þeir bundu hann á höndum með rafmagnssnúru ofan í baðkari, tróðu upp í hann tusku og límdu fyrir. Þeir héldu honum nauðugum í íbúðinni í sex klukkustundir og höfðu síðan ýmsar eigur hans á brott með sér.

HORFT NIÐUR Á SKÓGINN Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra skoðuðu Teigsskóg í gær. Innanríkisráðherra sér ekkert því til fyrirstöðu að vegur verði lagður um skóginn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hanna Birna Kristjánsdóttir fundar með Vestfirðingum um samgöngur:

Er hlynnt vegi um Teigsskóg

SAMGÖNGUR „Ég er hlynnt því að leggja veginn hér,“ sagði Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra þegar hún skoðaði sig um í Teigsskógi síðdegis í gær á leið sinni til fundar við Vestfirðinga um samgöngumál.

„Ég sé ekkert því til fyrirstöðu. En ég ætla ekki að taka endanlega ákvörðun. Það er annarra að sjá til hvernig umhverfismatið verður. Svo sjáum við til hvernig framhaldið verður með það,“ sagði Hanna Birna jafnframt. Hún skýrði frá því í fréttum Stöðvar 2 fyrr í vikunni að hún hefði heimilað vegamálastjóra að setja vegagerð um Teigsskóg í nýtt umhverfismat. Þar með sneri hún við tveggja ára gamalli ákvörðun forvera síns, Ögmundar Jónassonar, sem taldi slíka leið ófæra vegna fyrirsjáanlegra kærumála.

„Þetta er auðvitað fallegt svæði, eins og mörg önnur svæði á Íslandi, því verður ekki neitað. En mér finnst mikilvægt að láta á þetta reyna. Ég skil ekki hvers vegna það má ekki fara þessa leið í umhverfismat, eins og aðrar. Þetta er sú leið sem íbúar á svæðinu telja langbesta. Þetta er öruggasta leiðin, hún er hagkvæmust og hún er styst.“

Ráðherrann og vegamálastjóri verða meðal frummælenda á málþingi sem Fjórðungssamband Vestfirðinga stendur fyrir í íþróttahúsinu á Tálknafirði milli klukkan 12.30 og 15 í dag. - kmu

> **Þetta er auðvitað falleg svæði, eins og mörg önnur svæði á Íslandi, því verður ekki neitað. En mér finnst mikilvægt að láta á þetta reyna.**
>
> *Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra*

ÁSGEIR Tónlistarmaðurinn er hættur að nota Trausta-nafnið.

Trausti of erfitt í framburði:

Ekki lengur Ásgeir Trausti

FÓLK Tónlistarmaðurinn vinsæli Ásgeir Trausti Einarsson mun ekki lengur notast við listamannsnafnið Ásgeir Trausti. Hann mun einungis notast við fornafn sitt, Ásgeir. Hann hefur nú þegar fjarlægt Trausta-nafnið af aðdáendasíðu sinni á Facebook og af Youtube-rás sinni.

„Í rauninni er þetta bara út af því að Ásgeir Trausti þykir of erfitt í framburði fyrir alla sem ekki eru frá Íslandi.“ - ka / sjá síðu 38

Allt í einni bók!

Fróðasti ferðafélaginn

Lactocare daily
Bætir meltinguna

Með daglegri inntöku á Lactocare daily stuðlar þú að bættri þarmaflóru og jafnar ástand meltingarinnar.

Ráðlagður dagskammtur er 1 hylki á dag.
Lactocare fæst í apótekum.

SPURNING DAGSINS

Geir, þú óttast ekki að þetta verði þinn svanasöngur?

„Nei, það er alveg ljóst að ég hef ekki sungið mitt síðasta.“

Söngvarinn geðþekki Geir Ólafsson mun 13. júlí berjast við uppistandarann Rökkva Vésteinsson í blönduðum bardagalistum. Selt verður inn á bardagann og mun ágóðinn renna til Barnaspítala Hringsins.

Hópur sem tengist Wikileaks hefur tekið á leigu þotu og bíður nú viðbragða frá stjórnvöldum:

Flugvél tilbúin að flytja Snowden til Íslands

MANNRÉTTINDI Þota í eigu fyrirtækis í Kína hefur verið tekin á leigu af hópi tengdum Wikileaks til að flytja uppljóstrarann Edward Snowden til Íslands. Beðið er viðbragða frá innanríkisráðherra um hvort Snowden fái pólitískt hæli hérlendis.

„Nú bíðum við bara eftir ríkisstjórninni, hvað hún vill gera. Allt er til reiðu hjá okkur og vélin gæti farið í loftið á morgun,“ segir Ólafur Vignir Sigurvinsson, fulltrúi frá Wikileaks. Hann segir að Snowden verði ekki fluttur hingað nema vilyrði fáist frá stjórnvöldum. Það væri kjánalegt og hópurinn vilji ekki verða þess valdur að Snowden yrði framseldur til Bandaríkjanna.

Kostnaðurinn við að flytja Snowden til Íslands er um fjörutíu milljónir króna, þar af kostar leiga á flugvél þrjátíu milljónir. Framtakið er fjármagnað með framlögum frá einstaklingum en Wikileaks hefur milligöngu um það.

Edward Snowden er fyrrverandi starfsmaður leyniþjónustu Bandaríkjanna. Hann komst nýverið í heimsfréttirnar eftir að hafa upplýst fjölmiðla um umfangsmiklar netnjósnir bandarískra yfirvalda. Í gegnum Kristin Hrafnsson, talsmanns Wikileaks, lýsti Snowden yfir áhuga á að fá pólitískt hæli á Íslandi. Ef Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra tekur jákvætt í beiðni Snowdens er ekkert því til fyrirstöðu að hann komi til Íslands á næstu dögum. Hanna Birna hefur sagt afstöðu ráðuneytisins óbreytta og að hann fái sömu meðferð og allir aðrir sem sæki hér um hæli. - hjh

EDWARD SNOWDEN Bandaríski uppljóstrarinn gæti einnig hugsað sér að sækja um íslenskan ríkisborgararétt.

MEÐ FÓSTRU Læðan Lurlene hefur tekið pitbull-hvolpinn Noland að sér og elur á spena með eigin kettlingum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óvenjulegt fjölskyldumynstur á dýraheimili í Cleveland:

Læða með bulldog-hvolp á spena

BANDARÍKIN, AP Læðan Lurlene, sem býr á dýraheimili í borginni Cleveland í Bandaríkjunum, lætur sér ekki allt fyrir brjósti brenna. Hún hefur tekið að sér munaðarlausa pitbull-hvolpinn Noland og hefur hann á spena ásamt fjórum kettlingum sínum.

Noland var skilinn eftir á dýraheimilinu, einungis dagsgamall, fyrir um viku. Starfsfólkið þar ákvað að leggja hvolpinn hjá læðunni, enda er ekki alltaf víst að hvolpar taki mjólk úr pela. Lurlene tók honum vel og hleypti á spena en hætt er við því að önnur úrræði verði að finna á næstu vikum, enda vex hvolpurinn nokkuð hraðar en uppeldissystkin hans. - þj

Lítil Ítalía leynist á Laugaveginum

Nino lét draum sinn rætast þegar hann opnaði sinn eigin veitingastað í miðbæ Reykjavíkur. Staðurinn heitir Piccolo Italia og býður upp á veitingar sem unnar eru úr alvöru ítölsku hráefni. Nino heillaðist af friðsemdinni í Reykjavík.

FÓLK „Mér fannst vanta ítalskan stað sem býður upp á mat úr alvöru ítölsku hráefni,“ segir Ítalinn Antonino Neri, sem nýverið opnaði lítinn ítalskan veitingastað sem nefnist Piccolo Italia (Litla Ítalía) á Laugavegi 100. Þar býður Nino, eins og hann er gjarnan kallaður, upp á veitingar sem unnar eru úr ítölsku hráefni ásamt alls kyns ítölskum vörum sem hann selur á staðnum.

Nino flutti hingað til lands fyrir sjö árum þegar hann fékk vinnu á hóteli á Húsavík. „Ég ætlaði bara að vera hér yfir eitt sumar en þegar ég heimsótti Reykjavík varð ég dáleiddur af friðsemdinni og kyrrðinni í borginni,“ segir Nino, sem nýtur þess að ganga um friðsælar götur borgarinnar.

Nino er upprunalega frá ítölsku eyjunni Sardiníu en fluttist ungur til Þýskalands, þar sem hann vann sem kokkur í 25 ár. Nino segist hvorki sakna Ítalíu né Þýskalands og er búinn að festa rætur hér á Íslandi.

Nino býr til pasta frá grunni, sem er einkennandi fyrir ítalska matargerð. Á Litlu Ítalíu er einnig hægt að fá geitaost frá Sardiníu og mozzarella-ost sem gerður er úr mjólk ítalskra vatnavísunda, sem hvergi er hægt að fá annars staðar á landinu.

Nino talar hvorki íslensku né ensku og segist tjá sig við viðskiptavini sína með höndum sínum og augum. „Fólkið hér á Íslandi er svo vinalegt og rólegt að það er ekkert mál að gera sig skiljanlegan,“ segir Nino, sem er hæstánægður með reksturinn. „Fyrsta árið er náttúrulega alltaf erfitt en nú er Laugavegurinn að lifna við og sólin farin að láta sjá sig,“ segir Nino, sem lítur jákvæðum augum til framtíðar. „Ég er ekki í þessu til þess að verða ríkur heldur til þess að geta vaknað á morgnana með bros á vör,“ segir Nino og bætir við að hann hlakki til að mæta í vinnuna á hverjum degi. „Mig hefur dreymt um að opna minn eigin veitingastað alveg síðan ég fluttist hingað til lands og nú er draumurinn orðinn að veruleika,“ segir Nino, sem hlakkar mikið til að fylgjast með mannlífinu á Laugavegi í sumar. - le

HANDGERIR PASTA Nino, eigandi Piccolo Italia á Laugavegi, er spenntur fyrir sumrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Ég ætlaði bara að vera hér yfir eitt sumar en þegar ég heimsótti Reykjavík varð ég dáleiddur af friðsemdinni og kyrrðinni í borginni.**
>
> *Antonino Neri, eigandi staðarins Piccolo Italia á Laugavegi.*

Ferðamaður bjargaðist:

Féll í sjóinn við Reynisfjöru

SLYS Þyrla bjargaði erlendum ferðamanni í Reynisfjalli í gærkvöldi.

Maðurinn féll í sjóinn við Reynisfjöru í Vík í Mýrdal. Hann var í sjónum í um 30 mínútur áður en hann barst með öldum að fjallinu og rak þar upp í fjöru. Hann var því orðinn mjög þrekaður en var að öðru leyti heill á húfi.

Þyrla frá Þyrluþjónustunni, sem var skammt frá, náði að lenda hjá manninum og flytja hann. Þyrla Landhelgisgæslunnar kom einnig á svæðið og læknir skoðaði ferðamanninn. - þeb

Athöfn í Þjórsárverum í dag:

Ráðherra stækkar friðlandið

NÁTTÚRA Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfisráðherra mun undirrita friðlýsingu vegna stækkunar friðlandsins í Þjórsárverum í dag.

Með stækkuninni verður friðlandið 1.563 ferkílómetrar. Markmiðið með friðlýsingunni er að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendisins í Þjórsárverum í heild sinni. Þá á að vernda vistkerfið, votlendið, varpstöðvar heiðagæsa, víðerni og sérstaka landslagsheild, að því er fram kemur í tilkynningu frá ráðuneytinu. - þeb

IKEA hefur aukið öryggi í verslun sinni eftir að upp komst um fjársvikamál:

Höfða einkamál á hendur þjófum

DÓMSMÁL IKEA á Íslandi hefur aukið öryggi í verslun sinni eftir að upp komst um langvarandi, stórfellt fjársvikamál í versluninni fyrr á árinu. Samkvæmt framkvæmdastjóra IKEA, Þórarni Ævarssyni, hyggst IKEA einnig höfða einkamál á hendur þeim aðilum sem frömdu verknaðinn. Lögregla hefur enn ekki gefið út ákæru í málinu.

„Við höfum þurft að skerpa á öryggisráðstöfunum hjá fyrirtækinu. Sem dæmi má nefna að nú er alltaf öryggisvörður við kassann, en við höfum gripið til ýmissa annarra ráðstafana,“ segir Þórarinn. „Ég er tregur að skipta skilareglunni út. Mér finnst dapurt að nokkrir óprúttnir aðilar verði til þess að við þurfum að breyta eða herða skilaregluna. Mér finnst sjálfsagt að hægt sé að skila vörum til okkar. Við höfum hugsað þetta fram og til baka, en niðurstaðan er alltaf sú að okkur finnst þetta sjálfsagður réttur neytenda.“

Talið er að brotin nái allt að sex ár aftur í tímann. Þau felast einkum í því að strikamerki á ódýrum vörum voru sett á dýrar vörur sem var síðan skilað fyrir inneignarnótur. Inneignarnóturnar voru síðan notaðar til þess að kaupa vörur eða þeim breytt í gjafabréf sem auðvelt er að koma í verð. - ósk

> **Ég er tregur að skipta skilareglunni út. Mér finnst dapurt að nokkrir óprúttnir aðilar verði til þess að við þurfum að breyta eða herða skilaregluna.**
>
> *Þórarinn Ævarsson framkvæmdastjóri IKEA*

ENNEMM / SÍA / NM58266

Skráning hafin á marathon.is

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka verður að morgni menningarnætur þann 24. ágúst. Í boði verða vegalengdir við allra hæfi og hægt að fara heilt maraþon í boðhlaupi með 2–4 þátttakendum.

Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum frá vinum og vandamönnum til stuðnings góðgerðarfélagi að eigin vali. Láttu gott af þér leiða á hlaupum.

Við kynnum Maraþonmanninn

Fylgstu með Pétri Jóhanni Sigfússyni búa sig undir að hlaupa hálfmaraþon í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka.

Vertu vinur:
Facebook.com/marathonmadurinn

REYKJAVÍKUR MARAÞON 30 ÁRA ÍSLANDSBANKA

Íslandsbanki, stoltur stuðningsaðili í 16 ár

Íslandsbanki

SVONA ERUM VIÐ

436.500 Verða Íslendingar árið 2060.

Þeir voru 321.827 þann 1. janúar 2013. *Heimild: Hagstofan*

Um 100 nemendur af ríflega 4.000 komust ekki í þann skóla sem var fyrsta eða annað val:

Allir hafa fengið framhaldsskólavist

MENNTAMÁL Ríflega 85% nemenda í 10. bekk fengu skólavist í þeim framhaldsskóla sem þeir helst kusu. Öllum nemendum sem eftir því sóttust hefur verið fundin skólavist næsta vetur.

„Það gekk mjög hratt hjá okkur að finna öllum skólapláss. Við kláruðum það sex dögum áður en sá frestur sem við gáfum okkur rann út," segir Svanhildur Steinarsdóttir hjá Námsmatsstofnun, sem sér um innritun framhaldsskólanema.

Alls sóttist 4.141 nýútskrifaður nemandi úr 10. bekk eftir skólavist í framhaldsskóla. Af þeim fjölda fengu 85,17% skólavist í þeim skóla sem þeir völdu í fyrsta vali og 12,36% komust að í sínu öðru vali. Um 100 nemendur komust ekki inn í þá skóla sem þeir völdu sér og var þeim þá fundin skólavist í öðrum skóla.

Greint var frá því fyrr í mánuðinum að sá skóli sem flestir nemendur hefðu sóst eftir námi í væri Verslunarskóli Íslands með 478 skráningar í fyrsta val og 231 skráningu í annað val.

Næstvinsælastur var Menntaskólinn við Hamrahlíð og þar á eftir kom Kvennaskólinn.

- mþl

VERSLÓ Verslunarskólinn var vinsælasti skólinn meðal nýútskrifaðra nemenda úr 10. bekk. Samanlagt sóttu 709 nemendur um skólavist þar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á TAKSIM-TORGI Mótmælendur halda á tyrkneska fánanum. NORDICPHOTOS/AFP

Þrettán teknir í Tyrklandi:

Segja ofbeldi hjá mótmælendum

TYRKLAND, AP Lögreglan í Tyrklandi handtók þrettán mótmælendur í fyrrinótt en þeir eru grunaðir um að hafa tekið þátt í ofbeldisverkum í óeirðunum sem hafa geisað um landið síðustu vikur.

Fréttastofa á vegum ríkisins segir fólkið á vegum vinstrisinnaðra öfgahópa. Það sé grunað um að hvetja til óeirða, kasta eldsprengjum og vinna skemmdarverk. Mannréttindasamtök segja að fleiri en 3.000 manns hafi verið handteknir eftir að mótmælin hófust. Tugir séu enn í haldi. - þj

Endurskipulagningu lokið:

Skipti komin til nýrra eigenda

VIÐSKIPTI Fjárhagslegri endurskipulagningu Skipta lauk í gær þegar allir óveðtryggðir kröfuhafar samþykktu skilmála endurskipulagningarinnar. Nýir eigendur munu því taka við félaginu á hluthafafundi en þeirra stærstur er Arion banki með 38,3% hlut. Næststærstu eigendurnir eru Lífeyrissjóður verslunarmanna, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Gildi Lífeyrissjóður.

Í kjölfar endurskipulagningarinnar lækka skuldir Skipta úr 62 milljörðum í 27 milljarða. Þá hefur stórt sambankalán sem hvíldi á félaginu verið endurfjármagnað. - mþl

Faktorý og Nasa skilja eftir sig gat í íslenskri menningu

Mikið ósætti ríkir um fyrirhugaðar framkvæmdir við Hljómalindarreit í Reykjavík. Tónleikastaðnum Faktorý verður lokað í ágúst. „Átti að bola okkur út með fantabrögðum og lagaklækjum," segir einn eigenda staðarins.

SKIPULAGSMÁL „Þetta leit ekki vel út um tíma, það átti að bola okkur út með fantabrögðum og lagaklækjum. Maður var bara í andlegu rusli. Faktorý var byggður upp með blóði, svita og tárum," segir Arnar Fells Gunnarsson, einn eigenda tónleika- og skemmtistaðarins Faktorý sem stendur á Hljómalindarreitnum.

„Við áttum um tólf ár eftir af leigusamningnum þegar okkur var sagt upp og gefið að yfirgefa húsið í lok desember, þrátt fyrir skýr ákvæði um þriggja ára uppsagnarfrest í leigusamningnum. Reginn ehf. túlkaði samninginn eftir eigin höfði og allt stefndi í dómsmál. Enginn venjulegur maður hefur áhuga á að kljást við ofurefli í dómssal," segir Arnar um fasteignafélagið Regin ehf., sem sá um sölu eignanna á reitnum fyrir hönd Landsbankans.

„Þegar ég er spurður um samskipti okkar við Regin hef ég ekkert að segja, því mér var kennt að hafi maður ekkert gott að segja sé best að þegja. Ég skora hins vegar á fólk að kynna sér uppruna orðsins Reginn, en í Eddu er hann fégráðugur, svikull dvergur sem myrðir föður sinn í gróðaskyni," segir Arnar. Hann tekur fram að samskipti sín við nýjan eiganda reitsins, Pálmar Haraldsson, hafi verið góð.

„Það var tónlist meðal annars sem kom Íslandi á kortið. Ég hef hitt marga útlendinga í gegnum tíðina sem skilja ekki hvernig við getum átt svona gróskumikið tónlistarlíf. Þess vegna er mikilvægt að hlúa vel að því. Þó að Harpa sé fín í eðli sínu þá er hún ekki fyrir þann hluta tónlistarinnar sem skiptir einna mestu máli," bætir Arnar við.

KVEÐUR FAKTORÝ Arnar Fells, einn þriggja eigenda Faktorý, segir að Faktorý og Nasa skilji eftir sig svöðusár í íslenskri tónlistarmenningu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég geri mér fulla grein fyrir því að það eru aðrir þættir sem spila inn í þann mikla fjölda ferðamanna sem sækja landið. En tónlist er án efa einn af stærri þáttunum. Túrismi er orðinn ein af okkar helstu atvinnugreinum og hvað ætlum við að gera? Loka öllum stöðum þar sem grasrótin þrífst?" spyr Arnar.

„Við tókum við sögufrægu húsi í niðurníðslu og gerðum það upp. Svo á að rífa það til að byggja enn eitt hótelið í hjarta miðbæjarins. Ég skil vel að miðbærinn þarfnist uppbyggingar en ég get ekki séð að við séum á réttri leið. Það að missa Faktorý og Nasa á einu bretti er auðvitað svöðusár á íslenskri tónlistarmenningu en við sáum vænlegri kost í að semja og ganga nokkuð sáttir frá þessu skemmtilega ævintýri en að taka blóðuga rimmu," segir Arnar að lokum og þakkar sýnda velvild síðastliðin þrjú ár. olof@frettabladid.is

> **Við tókum við sögufrægu húsi í niðurníðslu, gerðum það upp, og svo á að rífa það til að byggja enn eitt hótelið í hjarta miðbæjarins.**
>
> *Arnar Fells Gunnarsson einn eigenda Faktorý*

jonogoskar.is | Sími 5524910 | Laugavegi 61 | Kringlan | Smáralind

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



HÆGVIÐRI AÐ MESTU Helgarspáin lítur ágætlega út. Vindur verður yfirleitt hægur og víða nokkuð bjart en sums staðar þokubakkar við ströndina og horfur á skúrum síðdegis, einkum inn til landsins sunnan- og vestantil.



Á morgun
Hæg norðlæg átt eða hafgola.



Sunnudagur
Snýst í SV-átt og hvessir vestantil.

Alicante	26°	Berlín	26°	Friedrichshafen	23°	Las Palmas	24°	New York	25°	París	20°
Aþena	31°	Billund	24°	Gautaborg	22°	London	21°	Orlando	30°	San Francisco	18°
Basel	27°	Frankfurt	23°	Kaupmannahöfn	22°	Mallorca	28°	Ósló	26°	Stokkhólmur	20°



Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is*, Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

CROSS

GÆÐAHJÓL Á GÓÐU VERÐI

CROSS hjólin eru nútímalega hönnuð og framleidd í Evrópu undir ströngu gæðaeftirliti.

FRÍ
YFIRFERÐ & ÁSTANDSSKOÐUN**
ÞJÓNUSTA & GÆÐI

FRÍ HEIMSENDING

28″ CROSS
Areal hjól
vnr. 889780
79.999
21 gíra

28″ CROSS
Arena hjól
vnr. 889781
79.999
21 gíra

26″ CROSS
Montana hjól
vnr. 889779
49.999
21 gíra

26″ CROSS
Phantom hjól
vnr. 889784
59.999
21 gíra

28″ CROSS
Arrow hjól
vnr. 842622
59.999
21 gíra

24″ CROSS
Alissa hjól
vnr. 889785
39.999
EINNIG TIL Í FJÓLUBLÁU
18 gíra

24″ CROSS
Rocky hjól
vnr. 889786
39.999
18 gíra

24″ CROSS
Phantom hjól
vnr. 889777
49.999
EINNIG TIL Í RAUÐU
21 gíra

20″ CROSS
Favorit hjól
vnr. 889776
34.999
EINNIG TIL Í BLÁU
6 gíra

20″ CROSS
Alissa hjól
vnr. 889774
34.999
6 gíra

SIXSIXONE
Hjálmur
6.999

FLOTTIR HJÁLMAR Í FULLORÐINS- OG BARNASTÆRÐUM

JD BUG
MS130B1
Hlaupahjól
Álstell - 4″ dekk
m/dempara að framan
100 kg burðarþol.
Kemur í svörtu
vnr. 892966
9.999

JD BUG
MS132 Classic II
Hlaupahjól
Álstell - 6″ Dekk
100 kg burðarþol.
Kemur í rauðu, bláu,
grænu og svörtu
vnr. 892968
10.999

JD BUG
HLAUPAHJÓL FYRIR KÁTA KRAKKA

JD BUG
MS105 Classic 1
Hlaupahjól
Álstell - 5″ Dekk
100 kg burðarþol.
Kemur í rauðu,
bláu, og svörtu
vnr. 892967
6.999

iF product design award 2011

JD BUG
Jafnvægishjól
Jafnvægishjólið er fyrir börn 3 ára og eldri. Verðlaun fyrir frábæra hönnun. Það er mjög létt, öruggt og hjálpar þeim yngstu að þjálfa jafnvægið.

TC-09
Álstell
12″ dekk
Líka til í bláu
14.999

VERÐLAUNAÐ JAFNVÆGISHJÓL!

Allt vöruúrvalið er fáanlegt í Smáralind, Skeifunni, Kringlunni, Holtagörðum, Garðabæ og www.hagkaup.is. Minna úrval í öðrum verslunum.
Frí heimsending gildir á höfuðborgarsvæðinu.** Frí yfirferð og ástandskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum hjá hjá viðurkenndum fagaðila.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. Hvað heitir bók Bryndísar Björgvinsdóttur sem franskt bókaforlag hyggst gefa út?
2. Hverjir ætla að berjast í bardagalistum fyrir Barnaspítalann?
3. Hvaða hæstaréttardómari skilaði sératkvæði þegar nauðgunardómi var snúið við?

SVÖR:
1. Fluguan sem stóðvaði strætið. **2.** Geir Ólafsson og Rokkvi Vésteinsson. **3.** Ingibjörg Benediktsdóttir.

Útvegsmenn telja ýmsa vankanta á framkvæmd veiðigjaldsins miðað við frumvarp sjávarútvegsráðherra:

LÍÚ gagnrýnið á nýja veiðigjaldafrumvarpið

SJÁVARÚTVEGUR Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) er lítt hrifið af frumvarpi Sigurðar Inga Jóhannssonar sjávarútvegsráðherra um breytingar á lögum um veiðigjald. Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir ýmsa vankanta á framkvæmd skattlagningarinnar.

„Við teljum þá hækkun sem þar er gert ráð fyrir á gjaldi á veiðar á uppsjávarfiski ekki ganga. Þá söknum við að tekið sé tillit til mismunandi kostnaðar við að sækja ólíkar fisktegundir. Loks verður veiðigjald áfram lagt á útgerðir vegna hagnaðar í fiskvinnslu og við teljum það ekki ganga. Þetta leiðir til þess að veiðigjaldið getur orðið mjög hátt hjá mörgum útgerðum," segir Friðrik.

Samkvæmt frumvarpinu verður sérstaka veiðigjaldið á botnfisk lækkað en sérstaka veiðigjaldið á uppsjávarfisk hækkað frá því sem var á yfirstandandi fiskveiðiári.

Verði frumvarpið að lögum er áætlað að veiðigjöld muni skila ríkissjóði 9,8 milljörðum í tekjur á næsta fiskveiðiári en til samanburðar hefur verið áætlað að veiðigjöld skili 10,5 milljörðum í tekjur á yfirstandandi fiskveiðiári og þá kveða núgildandi lög á um að veiðigjaldið hækki ár frá ári til fiskveiðiársins 2016 til 2017.

Friðrik leggur áherslu á að viðurkennt sé að veiðigjaldalögin frá því í fyrra þurfi að endurskoða frá grunn.Hann segir að menn hafi þá misst sjónar á aðalatriðinu sem ætti að vera að skattleggja umframhagnað og þá einungis ef tekst að skapa hann. - mþl

Þá söknum við að tekið sé tillit til mismunandi kostnaðar við að sækja ólíkar fisktegundir.
Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri LÍÚ

Meiri möguleikar innan ESB en utan

Evrópumálaráðherra Bretlands segir að margs konar erfiðleikar steðji að Evrópusambandinu og óánægja sé vaxandi meðal almennra borgara. Bretar líti þó svo á að hagsmunum þeirra sé betur borgið með því að vinna að breytingum innan frá.

EVRÓPUMÁL Bresk stjórnvöld stefna ekki að því að yfirgefa Evrópusambandið (ESB) heldur vera í fararbroddi um breytingar á eðli sambandsins. Þetta er meðal þess sem kom fram í máli Davids Lidington, Evrópumálaráðherra Bretlands, á opnum umræðufundi í Háskóla Íslands í gær.

Lidington vitnaði í margumtalaða ræðu David Cameron forsætisráðherra frá í janúar um framtíð Bretlands í ESB. Þar boðaði Cameron meðal annars að breskur almenningur fengi að kjósa um áframhaldandi veru í sambandinu.

„ESB er langt frá því að vera fullkomið en Bretland er staðráðið í því að vinna, ásamt bandamönnum sínum, að því að móta stefnu ESB innan frá svo þessi sýn; öflugur, samkeppnishæfur innri markaður, verði að veruleika."

Lidington segir morgunljóst að ESB komi til með að breytast hratt og mikið á komandi árum. Þrjár megináskoranir eru fram undan að hans mati; dvínandi samkeppnishæfi með ört vaxandi nýmarkaðsríkjum, framtíðarfyrirkomulag evrusvæðisins og vaxandi óánægja almennings með ESB, þar sem ákvarðanir virðast vera teknar úr fjarska og án ábyrgðar.

„Sannleikurinn er sá að ef Evrópa bætir ekki samkeppnisstöðu sína fljótt mun næsta kynslóð ekki geta viðhaldið lífsgæðum, félagslegu öryggi og opinberri þjónustu sem við tökum sem sjálfsögðum hlut í dag," sagði hann.

Til að vinna þessu bót þurfi meðal annars að gera innri markaðinn skilvirkari með því að losa um regluverkið fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Mjög hefur dregið úr ánægju almennings í ESB-ríkjum með aðild og Lidington segir að nauðsynlegt sé að auka tenginguna milli borgara og stofnana sambandsins.

Lykilmálið í þeim efnum sé að styrkja tengsl þjóðþinganna í hverju ríki við stofnanir ESB. Þannig fáist sterkara aðhald og tilfinning fyrir því að stofnanirnar séu sannarlega að vinna í þágu almennings.

Þegar Bretlandi er borið á brigður að vilja velja og hafna í Evrópusamstarfi eins og af matseðli segist Lidington svara því til að hver sá veitingastaður sem ekki hagi matseðli í samræmi við óskir viðskiptavina sinna sé dæmdur til að fara flatt.

„Við erum ekki á höttunum eftir undanþágum, heldur viljum við vinna að umbótum til hagsbóta fyrir öll aðildarríkin, eins og Cameron sagði í ræðu sinni. Það er bæði ESB í hag og eykur ánægju Breta með eigin aðild."

thorgils@frettabladid.is

VILL SJÁ BREYTINGAR David Lidington, Evrópumálaráðherra Bretlands, segir stjórnvöld ekki stefna að því að ganga úr ESB heldur vinna að umbótum innan þess. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kannast ekki við tregðu

Í þingsetningarræðu sinni hafði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, það eftir ónefndum evrópskum ráðamönnum að Evrópusambandið hefði hvorki vilja né getu til að ljúka aðildarviðræðunum við Ísland. David Lidington, sagðist á fundinum í gær, ekki kannast við slíkt, þó ekki væri eins mikil stemmning fyrir stækkun sambandsins nú og áður. Þessi mál væru ekki efst á lista hjá sambandsins.

„En ég hef ekki orðið var við nokkra tregðu til að halda áfram og ljúka ferlinu," sagði Lidington.

Tíu manns vinna í nýju Stevíuveri Via Health sem opnaði í Hafnarfirði í gær:

Ísland verði miðstöð sætuefnis

VIÐSKIPTI Stefnt er að því að hefja í næsta mánuði framleiðslu á sætuefni úr stevíujurt í Stevíuveri Via Health. Í tilkynningu félagsins kemur fram að innflutningur sé þegar hafinn, en jurtin er ræktuð í norðausturhluta Kína.

Verið opnaði formlega í gær að Grjótahrauni 8 í Hafnarfirði þar sem vatnsveita bæjarins var áður. Til að byrja með vinna tíu í Stevíuverinu.

Fyrirtækið sem er í kínverskri eigu stefnir að því að gera Ísland að framleiðslu- og dreifingarmiðstöð fyrir stevíusætu til ríkja Evrópusambandsins og Bandaríkjanna. „Hægt er að afgreiða vöruna á einni til tveimur vikum frá Íslandi en það tæki um átta til níu vikur frá Kína," segir í tilkynningu.

Þar kemur einnig fram að stevíusæta sé 100 til 300 sinnum sætari en sykur en um leið kaloríulaus með öllu og hafi hvorki áhrif á blóðsykur né valdi tannskemmdum.

Framkvæmdastjóri Via Health er Bjarný Björg Arnórsdóttir og gæðastjóri er Árni Ingason matvælaefnafræðingur. Auk þeirra voru við opnunina í gær bæjarstjóri og embættismenn frá Boli og Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri í Hafnarfirði. - óká

EFTIR OPNUN Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, og Shao Hongji, bæjarstjóri í Boli. MYND/VIA HEALTH

Upplýsingar og skráning á www.marathon.is
Afsláttur ef forskráð er á netinu í síðasta lagi 23. júní.

MIÐNÆTUR HLAUP SUZUKI
24. júní 2013

Þrjár vegalengdir í boði, hálfmaraþon, 10 km og 5 km.

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

HEIMURINN

Læknar vilja hjálpa föngum

1 KÚBA 150 bandarískir og breskir læknar hafa í bréfi til Bandaríkjaforseta beðið um að fá að hjálpa föngum í hungurverkfalli í Guantanamo-fangabúðunum. Segja læknarnir að fangarnir verði að gangast undir læknisrannsókn óháðra aðila óski þeir þess. Hungurverkfallið í búðunum hefur staðið yfir í fjóra mánuði. Af 166 föngum eru 104 í hungurverkfalli. Fangarnir mótmæla því að vita ekki hversu lengi þeir eigi að vera í búðunum.

Varar við mögulegri kreppu

2 NOREGUR Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, kveðst hafa áhyggjur af vaxandi atvinnuleysi í landinu, minni útflutningi til Evrópu og færri fjárfestingum í iðnaði. Forsætisráðherrann segir biðina eftir auknum hagvexti í Evrópu helsta vandann. Málið snúist ekki bara um löndin í Suður-Evrópu heldur sé einnig ástæða til að hafa áhyggjur af þróuninni í Svíþjóð og Danmörku.

Dauðarefsing vegna mengunar

3 KÍNA Kínverjar sem valda alvarlegri mengun eiga mögulega yfir höfði sér dauðarefsingu, að því er segir í fréttatilkynningu opinberu fréttastofunnar Xinhua. Íbúar í stórborgum í Kína eru farnir að mótmæla því að ekki skuli tekið tillit til umhverfissjónarmiða þegar unnið er að því að auka hagvöxt. Um síðustu helgi lá mikið mengunarský yfir stórum svæðum í norðurhluta Kína.

Hlaupið upp Esjuna á laugardag:

Stefnir í góða þátttöku í Esjuhlaupinu

ÍÞRÓTTIR Esjuhlaupið Mt. Esja Ultra verður haldið á morgun. Þetta er í annað skiptið sem hlaupið er haldið. Ákveðið var að gera hlaupið að árlegum viðburði eftir fyrsta hlaupið í fyrra en Esjuhlaupið var valið hlaup ársins á hlaup.is.

Hægt verður að hlaupa eina ferð, tvær, fimm og tíu ferðir upp og niður Esjuna. Stysta hlaupaleiðin er ný, en hún er sjö kílómetra löng með 600 metra hækkun. Lengsta leiðin er 70 kílómetrar og samtals 6.000 metra hækkun.

Í fyrra hlupu samtals 80 manns í öllum vegalengdum. Þar af fóru fjórir hlauparar tíu ferðir. Nú þegar hafa fimm skráð sig til leiks í tíu ferðir í hlaupinu á morgun. Að sögn Elísabetar Margeirsdóttur, skipuleggjanda hlaupsins, ríkir ánægja með skráninguna sem hefur verið góð hingað til.

Sett verður upp svið þar sem verða kynnar, og þeir munu fylgjast grannt með keppninni allan daginn. Það er hlaupahópur Ármanns sem heldur hlaupið í samvinnu við Esjustofu. Fjölmargar verslanir munu veita fljótustu hlaupurunum verðlaun.

Enn er hægt að skrá sig í hlaupið í versluninni TRI á Suðurlandsbraut. Þá verður hægt að skrá sig til leiks í styttri hlaupunum tveimur þar til hálftíma fyrir hlaupið í Esjustofu.

- þeb

Sjóræningjar í Hlíðunum

KLÁR Í GULLLEITINA Árlega halda krakkarnir á leikskólanum Hlíð í Engihlíð sjóræningjadag. Þá mæta allir í búningum og leita að gulli í garðinum við leikskólann. Þessi krakkar voru sannarlega til í slaginn þegar ljósmyndari átti leið hjá í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

FRÁBÆR KAUP

Hyundai i30 Classic
Verð frá: 2.990 þús. kr.
Eyðsla frá 4,9 l/100 km* – CO_2 139 g/km

Aðgerðarhnappar í stýri
ESP-stöðugleikastýring
Aksturstölva
iPod-, USB- og AUX-tengi
Rafléttstýri
EBD-hemlajöfnun
Brekkuhemlun

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðenda um eldsneytisnotkun í langkeyslu – Aukabúnaður á mynd, alfelgur.
ENNEMM / SÍA / NM58133

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Fáir bílaframleiðendur treysta bílum sínum jafnvel og Hyundai sem býður **5 ára ábyrgð og ótakmarkaðan akstur** með öllum nýjum Hyundai bílum.

ÓKEYPIS LÉTTSKOÐUN fyrir Hyundai viðskiptavini. Viðskiptavinir Hyundai geta komið með bílinn sinn hvenær sem er í Léttskoðun sér að kostnaðarlausu.

HYUNDAI
Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
575 1200 - www.hyundai.is

Opnunartími Hyundai Kauptúni 1(Beint á móti IKEA)
Opið frá kl. 07.45–18.00 virka daga og 12.00–16.00 á laugardögum.

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

nettó

Kræsingar & kostakjör

CampinGaz Adelaide grill

Glæsileg gasgrill á vandaðri grind úr stáli og tekki.
Grillin eru með brennara og grillgrind úr pottjárni,
sem henta mjög vel fyrir íslenskar aðstæður.
Grillið sjálft er postulíns emelerað að utan og innan.

Gasgrill 3ja brennara
49.998 kr

CampinGaz Adelaide 3 brennara

- Mjög öflugt 14 KW = 47.769 BTU
- 3x brennarar úr pottjárni
- 1x grillgrind úr pottjárni
- 1x steikarplata úr pottjárni
- 1x hliðarhella
- Piezo kveikja
- Grillflötur: 46x60 cm
- Postulínslok, emelerað að utan og innan
- Skúffa undir öllu grillinu sem tekur fitu
- Stærð BxDxH: 128x59x109cm
- Þyngd 48kg

Gasgrill 3ja brennara
59.998 kr

CampinGaz Grilláhöld 4stk
verð 3.998kr

Yfirbreiðslur fyrir grillin
einnig fáanlegar, verð 4.998kr.

CampinGaz Adelaide 4 brennara

- Mjög öflugt 18,7 KW = 63.807 BTU
- 4x brennarar úr pottjárni
- 1x grillgrind úr pottjárni
- 1x steikarplata úr pottjárni
- 1x hliðarhella
- Piezo kveikja
- Grillflötur: 46x77 cm
- Postulínslok, emelerað að utan og innan
- Skúffa undir öllu grillinu sem tekur fitu
- Stærð BxDxH: 144,5x59x109cm
- Þyngd 54kg

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLUR OG LÝÐRÆÐI

Er beint lýðræði tvíeggjað sverð?

Á undraskömmum tíma hafa tugþúsundir manna skrifað undir kröfu þess efnis að Alþingi falli frá lækkun veiðigjalds. Spurningar vakna um beint lýðræði í þessu samhengi. Þar undir brennur grundvallarspurningin um hvort gjaldið er skattur eða afgjald af auðlind þjóðar.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Aðeins tveimur sólarhringum eftir að undirskriftasöfnun gegn frumvarpi ríkisstjórnarinnar um breytingar á veiðigjaldi hófst höfðu tíu af hundraði kjósenda lagt málinu lið. Þar með var grunnskilyrði í tillögum stjórnlagaráðs um málskot til þjóðarinnar uppfyllt. Á sama tíma eru skiptar skoðanir um hvort yfirstandandi undirskriftasöfnun hafi í raun það vægi sem menn vilja vera láta – eða henti efninu yfirhöfuð.

65 og 67

Beint lýðræði var veigamikill þáttur í frumvarpi stjórnlagaráðs til stjórnskipunarlaga þegar þær voru settar fram fullbúnar árið 2011. Í greinum 65 og 67 var fjallað um framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu og gerði ráðið að tillögu sinni að tíu af hundraði kjósenda gætu krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um lög sem Alþingi hefur samþykkt. Slík mál, sem lagt væri í dóm þjóðarinnar í atkvæðagreiðslu, skyldu varða almannahag en á grundvelli þeirra skyldi hins vegar ekki hægt að krefjast endurskoðunar fjárlaga eða nokkurs annars sem tengdist tekjuöflun ríkisins.

Í frumvarpinu er jafnframt skýrt kveðið á um að setja verði reglur um framkvæmd; fyrirsvar fyrir kröfunni, tímalengd söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra í víðu samhengi.

Smellpassar

Þorvaldur Gylfason, prófessor við Háskóla Íslands, telur að undirskriftasöfnunin nú sé sprottin upp úr andanum og inntakinu í frumvarpi stjórnlagaráðs.

Hann telur, og það sé reynsla annarra þjóða, að 10% kjósenda sé eðlilegra viðmið en til dæmis 15%. Ástæðan sé einfaldlega sú að ef þröskuldurinn væri í hærri kantinum væru litlar líkur á því að slíkum atkvæðagreiðslum yrði mikið beitt, og þá væri ákvæðið um beint lýðræði nánast dauður bókstafur. „Hugmyndin var einmitt sú að þegar stjórnvöld kasta blautri tusku framan í þjóðina með þessum hætti gætu kjósendur risið upp og það er einmitt það sem hefur gerst hér," segir Þorvaldur og bætir við að ef nýja stjórnarskráin hefði tekið gildi væri yfirstandandi undirskriftasöfnun þegar orðin bindandi, óháð því hvað forsetinn væri að hugsa.

En hentar þetta tiltekna mál til úrlausnar í þessum farvegi? Er um að ræða skattamál eða snýst málið um auðlindir.

Þorvaldur telur á því engan minnsta vafa og það hafi forseti Íslands sjálfur bent á með afgerandi hætti. „Ástæðan er þessi. Veiðigjaldsmálið hefur brunnið heitt á þjóðinni í áratugi. Allar skoðanakannanir hafa sýnt að 70% þjóðarinnar eru ósátt við stöðu mála. En þá segja sumir að í tillögum stjórnlagaráðs sé það tekið fram að skattamál séu undanskilin, meðal annars. En þá verða menn að gæta að því að veiðigjaldsmálið er alls ekki skattamál. Veiðigjald er ekki skattur frekar en húsaleiga, heldur afgjald af eign. Að segja að málið henti ekki til þjóðaratkvæðagreiðslu, af því að skattamál eigi ekki heima þar, er einfaldlega útúrsnúningur sem hvílir á rangri orðanotkun," segir Þorvaldur, sem telur málið í þeim farvegi núna að óhjákvæmilegt sé að Alþingi dragi málið til baka eða, sem væri enn betra, setji málið í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Að lokum segir Þorvaldur að þegar tveir þriðju þjóðarinnar hafi samþykkt stjórnarskrá sem stjórnmálamenn hafi brugðið fæti fyrir eigi þeir sömu að hegða sér eins og sú stjórnarskrá sé þegar í gildi. „Krafan er siðferðileg en ekki lagaleg."

Háir þröskuldar

Haukur Arnþórsson stjórnsýslufræðingur segir að undirskriftasöfnunin núna sé mjög lærdómsrík fyrir stjórnmálamenn, einkum þá sem séu nýkomnir úr stjórnarandstöðu. Beint lýðræði geti orðið beitt vopn stjórnarandstöðunnar á hverjum tíma, sem sé þó varla það sem að er stefnt. „Mikilvægt er að finna leiðir sem beina áhuga almennings á stjórnmálum í farvegi sem styðja fulltrúalýðræðið en vinna ekki gegn því. Ég legg mesta áherslu á að aðkoma almennings að málum sé á undirbúningsstigi, það er gert í nágrannaríkjunum, og að ekki verði búinn til ákvörðunartökuferill eftir að ákvörðun Alþingis liggur fyrir."

Haukur veit ekki til þess að auknar þjóðaratkvæðagreiðslur séu á dagskrá í nágrannaríkjunum. „Margir fræðimenn hafa hins vegar bent á lýðræðishættur netsins, sem eru meðal annars múgæsing og réttrúnaður, og geta undirskriftasafnanir byggst á slíkum ágöllum í umhverfi okkar en ekki á upplýstri umræðu. Þröskuldar í undirskriftasöfnunum þurfa því að vera háir og öryggi undirskrifta ótvírætt," segir Haukur.

Rammi utan um málið

Haukur telur ákjósanlegt að finna undirskriftasöfnunum og ákvörðunum um þjóðaratkvæði ákveðinn og lýðræðislegan ramma, sem þó má ekki vera of þröngur. Setja þarf fram valkosti í því efni og ræða málefnalega um leiðir.

„Það fyrirkomulag að forsetinn ákveði upp á sitt eindæmi hvort þjóðaratkvæðagreiðslur eigi sér stað er mjög sérstakt. Finna má lýðræðislegra form á slíkar ákvarðanir og hefur oft verið bent á dönsku leiðina sem er að þjóðþingið taki ákvörðun um þjóðaratkvæði og nægi þriðjungur atkvæða í þinginu. Slíkt ákvörðunarvald þingsins myndi vinna gegn átakastjórnmálum og eykur það vissulega vald stjórnarandstöðunnar, en danskir þingmenn hafa notað það af ábyrgð."

KOSIÐ UM ICESAVE Í mars 2010 greiddu um 63% kjósenda atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-samningana. Rúmu ári síðar var nýjum lögum um ríkisábyrgð vegna Icesave synjað af forseta og vísað til þjóðaratkvæðagreiðslu, þar sem þeir voru kolfelldir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HAUKUR ARNÞÓRSSON

ÞORVALDUR GYLFASON

→ Beint lýðræði í Sviss

Beint lýðræði í formi þjóðaratkvæðagreiðslna hefur tíðkast öldum saman í Sviss og ræður miklu um framvindu stjórnmála þar í landi. Þjóðaratkvæðagreiðslur eru algengar og snúast ýmist um stærri mál eða smærri. Þátttaka í þeim er góð og umræður í samfélaginu oftast miklar.

Reglurnar eru þær að allar stjórnarskrárbreytingar þarf að bera undir þjóðina en um önnur lög þarf að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu ef 50 þúsund manns, nálægt 1,2 prósentum landsmanna, krefjast þess. Þá geta 100 þúsund manns, eða um 2,5 prósent þjóðarinnar, krafist breytingar á stjórnarskrá og ber þjóðþinginu þá að taka afstöðu til þess. Niðurstöðuna, hvort sem þingið er fylgjandi breytingunni eða ekki, þarf að leggja í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ekki er mögulegt að bera neitt sem tengist fjárlögum ríkisins undir þjóðina en mál sem varða fjárlög einstakra kantóna er þó hægt að bera undir atkvæði íbúa viðkomandi kantónu. Reglur um slíkt eru þó mismunandi eftir kantónum.

Skatta- og auðlindamál

Um það hvort veiðigjaldið henti þeim farvegi sem málið er í þessa dagana segir Haukur að í beinu lýðræði kjósi almenningur jafnan gegn því að greiða háa skatta og væntanlega með því að einhverjir aðrir greiði til sameiginlegra sjóða. „Því eru skatta- og auðlindamál illa til þess fallin að fara í þjóðaratkvæði og myndu t.d. gera ríkisstjórnum erfitt fyrir að veita þeim aðilum sem nýta auðlindir hér á landi skattaívilnanir. Og í rauninni færir okkar kerfi forsetanum ákvörðunarvald í slíkum málum ef mikið verður um undirskriftasafnanir, því líkurnar á niðurstöðu almennings eru nokkuð ljósar."

Beint lýðræði sagt rót alls vanda

Árið 1996 birtist í tímaritinu The Economist ítarleg úttekt á beinu lýðræði, þar sem hvatt var til róttækra breytinga á framkvæmd lýðræðis í nútímaríkjum. Höfundar úttektarinnar og leiðarahöfundar tímaritsins töldu augljóst að beint lýðræði myndi fá aukið vægi þegar kæmi fram á 21. öldina en vægi fulltrúalýðræðis myndi að sama skapi minnka. Þeir hvöttu til þess að fjölga mjög þjóðaratkvæðagreiðslum svo almenningur í lýðræðisríkjum gæti í auknum mæli tekið ákvörðunarvaldið í sínar hendur. Völd og áhrif atvinnustjórnmálamanna myndu jafnframt dvína.

Á sama tíma og stjórnlagaráð var að skila af sér birtist svo í sama tímariti önnur úttekt á beinu lýðræði en í þetta skiptið voru höfundarnir með bakþanka: Beina lýðræðið virkar ekki alltaf sem skyldi.

Bakþankarnir stafa einkum af reynslunni frá Kalifornía, þar sem beint lýðræði hefur verið stundað í ríkum mæli síðan 1978 þegar borin var undir íbúa ríkisins tillaga um lækkun eignaskatts. Síðan þá hafa Kaliforníubúar verið iðnir við kolann og efnt til þjóðaratkvæðagreiðslna um stórt sem smátt.

The Economist töldu beint lýðræði í ríkinu hafa mistekist. „Löggjöf almennings hefur leitt af sér glundroða. Margar tillögurnar hafa annaðhvort lækkað skatta eða aukið útgjöld, og þar með gert mönnum enn erfiðara að koma jafnvægi á ríkisfjármálin. Sumar eru svo vanhugsaðar að afraksturinn er andstaða þess sem lagt var upp með."

KOSIÐ Í KALIFORNÍU Kjörstaðir eru settir niður hvar sem verða vill, eins og á þessari bílasölu í ríkinu. NORDICPHOTOS/AFP

Í Kalifornía búa nærri 40 milljónir manna. Þetta er fjölmennasta ríki Bandaríkjanna og framleiðslan þar er 13 prósent af þjóðarframleiðslu. Fjárhagsvandræði Kalifornía, sem eru gríðarleg og vel kynnt, hafa því veruleg áhrif á efnahagslíf allra Bandaríkjanna. Ástæðu skuldavandans og þar með meginástæðu fjárhagsvanda Kalifornía má, að sögn Economist, að miklu leyti rekja til mislukkaðra ákvarðana sem teknar hafa verið í þjóðaratkvæðagreiðslum. Tíðar þjóðaratkvæðagreiðslur eru sömuleiðis sagðar ástæða þess að framkvæmdarvaldið er veikburða og löggjafarvaldið nánast lamað.

NÝTTU GÓÐA VEÐRIÐ

OG BERÐU Á PALLINN UM HELGINA

Vnr. 86363041-540
KJÖRVARI 12 pallaolía, glær, græn, hnota, fura, rauðfura eða rauðviður, 4 l.

VIÐARVÖRN NR. 1 Á ÍSLANDI

BYKO KLÚBBURINN

KLÚBB verð

3.890 kr.*

Almennt verð 4.695 kr.

BYKO KLÚBBURINN

SKRÁÐU ÞIG!

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.BYKO.IS.

*Gildir um helgina 21. - 23. júní.

facebook.com/BYKO.is

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

FUNDARÖÐ ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUNAR HÁSKÓLA ÍSLANDS

EVRÓPUSAMRÆÐUR

HAS GENDER EQUALITY LED TO INCREASED EUROPEAN INTEGRATION?

Í DAG, FÖSTUDAG 21. JÚNÍ KL. 12.00-13.00
Í NORRÆNA HÚSINU

Hefur kynjajafnrétti stuðlað að auknum Evrópusamruna?

Flestir eru sammála um að ESB hafi haft mikil áhrif á þróun jafnréttismála í aðildarríkjum ESB. Krafan um launajafnrétti hefur verið til staðar í sáttmálum sambandsins frá árinu 1958 og frá þeim tíma hefur ESB markvisst þróað stefnu um jafnréttismál kynjanna. Kynjajafnrétti er nú eitt af grundvallaratriðum Evrópusamrunans og þarf að samþætta það inn í öll stefnumarkmið ESB. Agnès Hubert heldur því fram að kynjajafnrétti hafi verið mikilvægur þáttur í samruna Evrópu og jafnvel enn mikilvægari nú en áður ef horft er til þeirra efnahagslegu, félagslegu og pólitísku áskorana sem ESB stendur frammi fyrir.

Agnès Hubert
Agnès Hubert er hagfræðingur og stjórnmálafræðingur og starfar við stefnumótun í Evrópumálum hjá framkvæmdastjórn ESB. Hún hefur einnig starfað sem sérfræðingur hjá Evrópuþinginu og sem blaðamaður með efnahagsmál sem sérsvið.

Fyrirlesturinn fer fram á ensku. Allar nánari upplýsingar: www.ams.hi.is
Alþjóðamálastofnun á Facebook: www.facebook.com/althjodamalastofnun

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands heldur tíu málstofur um Evrópusamrunann og Ísland. Stofnunin hlaut styrki frá Evrópustofu og úr Jean Monnet sjóði ESB til að stuðla að upplýstri umræðu um Evrópumál á Íslandi.

Evrópustofa Upplýsingamiðstöð ESB
Education and Culture Lifelong Learning Programme JEAN MONNET
ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI HÁSKÓLI ÍSLANDS



BJÓÐA SKIPTI Bandaríski hermaðurinn Bowe Bergdahl hefur verið í haldi talibana í um fjögur ár. Þeir bjóðast til að sleppa honum í skiptum fyrir háttsetta félaga sína sem eru fangar í Guantanamo-búðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bjóða upp á fangaskipti

Talibanar buðust til að sleppa bandarískum hermanni úr haldi í skiptum fyrir lausn fimm háttsettra talibana. Friðarviðræður gætu orðið næstu daga.

AFGANISTAN, AP Talibanar hafa gert Bandaríkjamönnum tilboð um að sleppa bandarískum hermanni úr haldi gegn því að fimm hátt settum liðsmönnum þeirra verði sleppt úr fangabúðunum í Guantanamo.

Hermaðurinn sem er í haldi talibana, hinn 27 ára gamli Bowe Bergdahl, er sá eini sem talinn er vera enn í haldi talibana. Hann hvarf frá herbúðum í suðausturhluta Afganistan sumarið 2009 og er talið að hann sé í haldi í Pakistan.

Shaheen Suhail, talsmaður talibana, segir að Bergdahl sé við góða heilsu, eftir því sem hann komist næst. Í augum talibana eru þessi fangaskipti skilyrði fyrir því að hefja friðarviðræður við Bandaríkjamenn sem boðaðar voru fyrr í vikunni.

„Fyrst verður að sleppa föngunum," sagði Suhail, „þar yrði um skipti að ræða. Síðan, skref fyrir skref, munum við byggja upp traust milli aðila til að halda áfram."

Talibanar opnuðu í vikunni sendiskrifstofu í Doha í Katar.

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, er nú staddur í Doha til að sækja ráðstefnu um ástandið í Sýrlandi, en mun að öllum líkindum einnig eiga fund með talibönum. Bandaríkjamenn leggja mikið upp úr því að ná pólitískri sátt við talibana eftir næstum tólf ára stríð í Afganistan.

Hinar boðuðu viðræður milli talibana og Bandaríkjanna verða tvíhliða, en það hefur hleypt illu blóði í Hamid Karzai, forseta Afganistans.

Honum finnst fram hjá sér gengið og hefur á móti aflýst viðræðum við Bandaríkin um framhald öryggissamstarfs eftir að hersveitir NATO yfirgefa landið í árslok 2014. Talibanar hafa hins vegar gert ljóst að þeir vilja ræða beint við Bandaríkin.

„Fyrst munum við ræða við Bandaríkjamenn um þau málefni sem snerta þá og okkur," segir Suhail. „Framkvæmd þeirra mála er alfarið í höndum Bandaríkjanna. Við viljum að erlendar hersveitir hafi sig á brott frá Afganistan, því að fyrr mun stríðinu ekki ljúka."

Fyrr í vikunni tóku afgönsk stjórnvöld við öllum öryggismálum í landinu, og þótti ástandið heyra til batnaðar.

Nú er hins vegar allt í lausu lofti á nýjan leik og bandarísk stjórnvöld vinna að því að lægja öldur á ný.

thorgils@frettabladid.is

SIMPLY CLEVER

ŠKODA

Breiðari, lengri, léttari og hlaðinn búnaði

Nýr **ŠKODA Octavia** er glæsilegur og rúmgóður fjölskyldubíll, hlaðinn staðalbúnaði. Má þar meðal annars nefna nálgunarvara að aftan, 16" álfelgur, fjarstýringar í stýri fyrir útvarp og síma og Bluetooth búnað fyrir síma og tónlist.

ŠKODA Octavia kostar aðeins frá:*
3.790.000,-

* Octavia Ambition 1.2 TSI, 105 hestöfl, beinskiptur

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Jutlandia Harðviður

FSC

SPARIÐ 22.960

VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

BORÐ + 4 STÓLAR

BORÐ + 4 STÓLAR

44.990

ORLANDO BORÐ OG 4 PORTLAND STÓLAR
Vandað borð úr gegnheilum harðviði. Stillanlegir stólar úr gegnheilum harðviði.
Stærð á borði: B80 x L150 sm. Borð **19.990** Stóll **11.990**
Vnr. 43759700,3758501

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is
Tilboðin gilda frá 21.06 til 23.06

ALLAR SESSUR 30% AFSLÁTTUR

Vnr. 4827402

FULLT VERÐ: 24.990

16.990

SPARIÐ 8000

MEXICO SÓLBEKKUR
Stærð H90 x B66 x L193 sm.
Vnr. 41217001

LAS VEGAS SÓLBEKKUR
Stærð H104 x B76 x L184,5 sm.
Vnr. 41484001

BORÐ + 2 STÓLAR

BORÐ OG 2 STÓLAR:

8.995

FRÁBÆRT VERÐ

PORTO BORÐ OG 2 BRAVA STÓLAR
Garðborð og stólar úr svörtu stáli. Borðið er með glerplötu úr hertu gleri. Stærð á borði: Ø 60 sm. Sessa og bak úr sterku polyrattan efni. Borð **3.895** Stóll **2.985**
Vnr. 370704, 3770703

Jutlandia Polyrattan

SPARIÐ 8000

FULLT VERÐ: 24.950

16.950

PALERMO BEKKUR
Flottur bekkur úr sterku polyrattan efni.
Stærð: B120 x H64 x D94 sm.
Vnr. 41213001

3 MANNA TJALD

4.895

FRÁBÆRT VERÐ

ETNA TJALD
Gott 3 manna tjald. Þéttur botn úr polyester. Þéttleiki: 1000 mm/cm².
Stærð: 210 x 210 x 130 sm. Þyngd: 2,0 kg.
Vnr. 4700900

24 LTR.

2 STK. SAMAN

10 LTR.

2 STK. KÆLIBOX:

3.995

KÆLIBOX
Tvö kælibox saman í setti á frábæru verði!
10 ltr. **1.695** og 24 ltr. **2.495**
Vnr. Y20290020

2 STK.

295

KÆLIKUBBAR
400 gr. stk. Frábært verð!
Vnr. B07350350

JUMBO ELDHÚSRÚLLA
Góð eldhúsrúlla eða sem alhliða pappírsrúlla til að hafa í bílnum eða bara hvar sem er.
400 blöð. Vnr. 8007541007194

ELDHÚSRÚLLA

695

FRÁBÆRT VERÐ

Price Star

FÆGISKÓFLA OG SÓPUR
Flott fægiskófla og sópur í stíl úr plasti. Frábært verð!
Vnr. 3948600

FÆGISKÓFLA OG SÓPUR

299

ÚTILEGUSTÓLAR VERÐ FRÁ:

1.395

Vnr. 910-1010600, 3714401

60 STK. GRILLELDSPÝTUR

FULLT VERÐ: 399

199

50% AFSLÁTTUR

EINNOTA GRILL

499

EINNOTA GRILL
Gott einnota grill á góðu verði.
Vnr. YL7315050

FERSKASTI
NAMMIBARINN

FERSKT með FLUGI

KIRSUBER Í LAUSU

TILBOÐ

2199KR/KG

VERÐ ÁÐUR 2999

GRANAT EPLI

699KR/KG

VERÐ ÁÐUR 899

TILBOÐ

FLATAR FERSKJUR

799KR/KG

VERÐ ÁÐUR 899

TILBOÐ

Tostitos

Ekta amerískt - finndu muninn!

TILBOÐ

339KR/PK

VERÐ ÁÐUR 389

Mini kleinuhringir

10stk í boxi - 2 tegundir

NÝTT Í HAGKAUP

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

Hatting brauð

3 tegundir

TILBOÐ 10% afsláttur á kassa

Illy kaffi

Allt úrvalið af illy fæst í Skeifunni, Kringlunni, Smáralind og Garðabæ, minna í öðrum verslunum

219 KR/STK

Himneskt engiferdrykkur 330ml

BBQ-SÓSUR

Sweet Baby Ray

Alvöru amerískar BBQ-sósur

Gildir til 23. júní á meðan birgðir endast.

FABRIKKU EFTIRRÉTTINA FÆRÐU Í HAGKAUP

SKYRTERTA

FABRIKKUÍS

GULRÓTARKAKA

ÍSLENSKA HAMB ORGARA FABRIK KAN 2010

24 Hagkaup

OPIÐ

allan sólarhringinn

Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

og á Akureyri í sumar!

Holta KJÚKLINGUR

NÝTT!
KJÚKLINGABRINGUR GRAND ORANGE

KJÚKLINGA-BRINGUR
2099 KR/KG
GOTT VERÐ

ÍSFUGL

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

FERSKAR KALKÚNALUNDIR
2399 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 3199

100% KJÚKLINGAKJÖT ÁN ALLRA AUKEFNA!

Holta

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR
749 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 999

MANGÓ-CHILI EÐA PIPAR-HVÍTLAUKS

Holta

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-LEGGIR 2 TEG.
699 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 999

SS

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

CAJP LAMBA-LÆRISSNEIÐAR
2549 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 3398

ÍSLANDS LAMB
Stolt kjötmeistarans

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

LAMBASIRLOIN KRYDDAÐ
1499 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1999

2.499

FRÍ
heimsending á Grillréttum
á www.hagkaup.is
Hagkaup | heim

VILTU VERA MEMM?

1.júlí fá tveir heppnir
facebook-vinir Hagkaups
30.000kr matarkörfur

www.facebook.com/hagkaup

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SKOÐUN

Þjóðaratkvæði um framhald viðræðna við ESB:

Upplýst ákvörðun eða ekki?

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur gefið til kynna að þjóðaratkvæðagreiðsla um Evrópumál, sem kveðið er á um í stjórnarsáttmálanum, kunni að snúast um eitthvað annað en hvort halda eigi áfram aðildarviðræðunum við Evrópusambandið. Ráðherrann tjáði sig óljóst um þetta þegar hann tilkynnti framkvæmdastjórn ESB að gert yrði hlé á viðræðunum.

Í viðtali í Fréttablaðinu í gær tekur ráðherrann skýrar til orða. Hann segir að tímasetning þjóðaratkvæðagreiðslunnar hafi ekki verið ákveðin og ekki hafi heldur verið ákveðið um hvað skuli spurt; „hvort spurningin snúist um hvort halda eigi viðræðum áfram eða hvort Ísland eigi að ganga í ESB, og þá með möguleikunum já eða nei“.

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Þegar frekar er gengið á utanríkisráðherrann um það hvort ekki hafi verið gert ráð fyrir að spurt yrði hvort halda ætti viðræðunum áfram, svarar hann: „Nei. Það eru einhverjir sem hafa talað þannig en það er hvergi gengið út frá því í stjórnarsáttmálanum.“

Þetta er athyglisverð útlegging. Í stjórnarsáttmála Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins segir: „Ekki verður haldið lengra í aðildarviðræðum við Evrópusambandið nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.“ Er hægt að skilja þetta öðruvísi en svo að þjóðaratkvæðagreiðslan eigi að snúast um framhald viðræðna? Eða er þetta bara einhver þjóðaratkvæðagreiðsla, til dæmis um hvort það megi flytja inn norskt kúakyn?

Ef við skoðum hvað flokkarnir sögðu um þetta mál fyrir kosningar, sagði í kosningastefnu Sjálfstæðisflokksins: „Kjósendur ákveði í þjóðaratkvæðagreiðslu á kjörtímabilinu hvort aðildarviðræðum skuli haldið áfram.“ Flokksforystan ítrekaði síðan að slík atkvæðagreiðsla yrði haldin á fyrri hluta kjörtímabilsins.

Í stefnu Framsóknarflokksins stóð: „ekki verði haldið lengra í aðildarviðræðum við Evrópusambandið nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.“ Aftur er ómögulegt að skilja þetta öðruvísi en svo að halda eigi atkvæðagreiðslu þar sem spurt er hvort halda eigi viðræðunum áfram eða ekki.

Spurningin um hvort fólk vilji að Ísland gangi í Evrópusambandið, með svarmöguleikunum já og nei, er allt önnur spurning. Og munurinn á spurningunum er að um þá fyrri getur fólk tekið upplýsta ákvörðun, byggða á boðaðri úttekt á stöðu viðræðnanna og þróun mála innan ESB. Um þá síðari, hvort fólk vilji ganga í ESB eða ekki, er ekki hægt að mynda sér upplýsta skoðun án þess að aðildarsamningur liggi fyrir. Og hann sjáum við ekki nema klára viðræðurnar.

Það er erfitt að átta sig á því hvað utanríkisráðherrann er að fara með því að reyna að drepa málinu á dreif með þessum hætti. Báðir stjórnarflokkarnir lofuðu þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna. Þeir verða að sjálfsögðu rukkaðir um það loforð – og þjóðin þarf að fá að taka upplýsta ákvörðun.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hissa ráðherra

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra segir að það komi á óvart hversu margir hafi skrifað undir áskorun um að breytingum á veiðigjaldi verði vísað í þjóðaratkvæðagreiðslu. Annaðhvort er Sigurður Ingi að segja ósatt eða hann hefur mjög lélegt pólitískt nef og ber lítið skynbragð á stemninguna í samfélaginu. Bjóst hann við því að svo til allir Íslendingar yrðu hoppandi kátir með það að lækka ætti álögur á stórútgerðirnar í landinu? Þá hefur ráðherrann ekki fylgst vel með undanfarin ár.

Sigur eða ósigur?

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, verjandi manns sem Hæstiréttur sýknaði í vikunni af nauðgunarákæru, var að vonum ánægður með niðurstöðuna. „Ég tel að þetta sé mikill sigur fyrir réttarkerfið á Íslandi,“ segir Vilhjálmur. Það er ein leið til að líta á málið – skjólstæðingur hans var jú sýknaður. Hins vegar fékk lögregla ákúrur í dómnum, sem yfirmenn þar telja ástæðu til að taka alvarlega, og héraðsdómur sömuleiðis. Það má því allt eins líta svo á að í málinu felist ósigur fyrir réttarkerfið.

Líka yngsti ráðherrann?

Jóhanna María Sigmundsdóttir, þingkona Framsóknarflokksins og yngsti kjörni þingmaður Íslandssögunnar, flutti jómfrúrræðu sína í gærmorgun undir liðnum störf þingsins. Ræðan fjallaði um heimilisofbeldi og viðhorf ungra kvenna til þess og var til fyrirmyndar í alla staði. Íslendingar hafa hér eignast efnilegan þingmann og nú er bara spurning hvort hún slær met Eysteins Jónssonar, sem varð ráðherra 27 ára gamall árið 1934. Til þess hefur hún fimm ár.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Spennandi námskeið í Suðurhlíðarskóla

21.-25. JÚNÍ

21/6 föstudagur – kl. 20:00
Líffræðileg starfsemi fyrirgefningarinnar: Hefurðu efni á því að fyrirgefa ekki?

22/6 laugardagur – kl.12:00
* ATH Aðventkirkjunni í Rvk
Eining og fjölbreytileiki
(gjafir andans og ríkjandi hlutar heilans)

22/6 laugardagur – kl.15:00-18:00
Eining og fjölbreytileiki, úthverfa og innhverfa

23/6 sunnudagur – kl.11:00
Hvað gerist þegar tæknin og heilinn rekast á?

23/6 sunnudagur – kl.13:00
Frumuminni

23/6 sunnudagur – kl.14:00-16:00
Kynjamunur og vinnustaðurinn (eða heimilið)

24/6 mánudagur – kl. 20:00
Að skipta niður í lægri gír

25/6 þriðjudagur – kl. 20:00
Viljastyrkur og fyrirbærið hvíti björninn

Dr. Arlene Taylor hefur víða fengið góðar undirtektir við efnisflutning sinn. Sérgrein hennar er starfsemi heilans. Hún segir m.a.: „Þinn heili er óumræðilega mikilvægur. Hvað veistu um starfsemi heilans almennt og þinn heila sérstaklega? Þú gætir fræðst um það hvernig nýta má upplýsingar um heilavirkni til að ná meiri árangri persónulega og í starfi.“ Efni hennar er spennandi, gagnlegt og öllum aðgengilegt.

aðgangur ókeypis

sudurhlidarskoli.is
Suðurhlíð 36 105 Reykjavík
adventistar.is

Dr. Arlene Taylor

Stjórnmálastarfsemi fyrirtækja?

STJÓRNMÁL

Margrét S. Björnsdóttir
félagi í Samfylkingu – Jafnaðarmannaflokki Íslands

41 milljón króna fór frá íslenskum útgerðarfélögum til Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og frambjóðenda þeirra árin 2008-2011 og prófkjörsframbjóðenda Sjálfstæðisflokks fyrir þingkosningar 2013. Það er tífalt hærra en aðrir flokkar fengu til samans. Framlög til flokkanna 2012 liggja ekki fyrir. Þetta hefur Hörður Unnsteinsson stjórnmálafræðinemi tekið saman í nýrri BA-ritgerð.

Eitt fyrsta verk sömu flokka, í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, er að lækka veiðileyfagjald útgerðarfyrirtækja um alls 10 milljarða á þessu ári og því næsta. Meðan ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna undirbjó hækkun á veiðileyfagjaldi eyddu útgerðir landsins og samtök þeirra a.m.k. milljónatugum í auglýsingar og aðgerðir gegn þeim áformum. Þrjú af stærstu útgerðarfyrirtækjum landsins, Ísfélagið í Vestmannaeyjum, Samherji og Kaupfélag Skagfirðinga á Sauðárkróki í gegnum dótturfélag, hafa keypt Morgunblaðið ásamt fleirum og sett í það hundruð milljóna, sem engan fjárhagslegan arð bera. Ráðið í ritstjórastól einn öflugasta stjórnmálamann samtímans, Davíð Oddsson, sem ritstýrir blaðinu daglega í þeirra þágu.

Allt eru þetta smáaurar fyrir að hafa til þessa haft nær ókeypis aðgang að sameiginlegri auðlind Íslendinga. Jón Steinsson hagfræðingur hefur reiknað út að auðlindaarður útgerðarinnar þessi sömu ár, þ.e. 2008-2011, hafi árlega verið á bilinu 38-56 milljarðar króna eða hátt í tvö hundruð milljarðar. Þá er búið að draga frá allan tilkostnað og eðlilegan arð af fjárfestingum. Reikna megi með að talan sé hærri fyrir 2012. Ef ekki væri fyrir lög um upplýsingaskyldu um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi, sem tóku gildi 2007, myndum við ekki vita um milljónatugina sem runnið hafa til Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og þeirra frambjóðenda.

➜ Þarf að útvíkka upplýsingaskyldu um fjárreiður stjórnmálastarfsemi til fyrirtækja sem blanda sér beint í stjórnmálabaráttu?

Eftir áðurnefnda auglýsingaherferð LÍÚ og útgerðarfyrirtækjanna hef ég mikið velt fyrir mér spurningunni: Þarf að útvíkka upplýsingaskyldu um fjárreiður stjórnmálastarfsemi til fyrirtækja sem blanda sér beint í stjórnmálabaráttu?

Í Bandaríkjunum, þar sem strangar reglur eru um takmörk og upplýsingaskyldu um fjárframlög til stjórnmálaflokka, er orðinn vaxandi vandamál fjáraustur alls konar hliðarsamtaka (political action committees), sem í dag eyða meira fé til stjórnmálabaráttu en flokkarnir sjálfir og þeirra frambjóðendur en lúta engum takmörkunum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Sigríður Björg Tómasdóttir, *sigridur@frettabladid.is* og Trausti Haflíðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Fábrotin fjölbreytni

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Kæri vinur, kæra vinkona. Þú segist elska fjölbreytni. Þér finnst samt að það eigi að vera bannað að reykja á börum og skemmtistöðum. Það er nú alveg gefið. Þetta er lýðheilsuspurning og líka spurning um heilsu starfsfólks. Frelsi snýst ekki um rétt til að skaða aðra. Og raunar snýst frelsi heldur ekki um rétt fólks til að skaða sjálft sig. Við ættum alla vega að gera fólki það erfitt.

Þú segir að fólk sé fjölbreytt og við eigum að fagna því. Fegurðarsamkeppnir eru samt fáránleg tímaskekkja. Að láta menntaskólanema keppa í því hver sé með heila sem geymi mest af fánýtum fróðleik, við höfum vanist því. En að keppa í því hver sé sætastur? Það er fáránlegt. Hver myndi vilja gera slíkt? Örugglega ekki þú. Og þú óttast þau skilaboð sem þetta sendir til ungra kvenna.

Þú mætir á fjölmenningarhátíð og bragðar litháískan mat. Þú lærir að segja „takk“ á öðrum tungumálum þegar þú ferð til útlanda. En þér finnst reyndar að útlendingar sem flytja til Íslands ættu að læra íslensku. Ekki þín vegna heldur þeirra vegna. Íslenskan er lykillinn að samfélaginu. Þess vegna ætti að skylda alla innflytjendur í íslenskunám, en hafa það bara ókeypis. Þú vilt samt ekki meina að þú hafir eitthvað á móti útlendingum. Þetta hefur ekkert að gera með þjóðerni fólks. Þú vilt til dæmis líka að börn séu í skóla til 18 ára aldurs. Þau hafa gott af því.

Þú vilt ekki að meirihlutinn þröngvi lífsskoðunum sínum upp á aðra. Þér fannst fáránlegt að eitthvað fólk í Sjálfstæðisflokknum hafi viljað að lagasetning tæki mið af „kristnum gildum“. Þvílík fásinna! En þegar ung kona í Sjálfstæðisflokknum lagði til að ein slík lög yrðu afnumin þá fannst þér það fáránlegt. Því auðvitað á að vera bannað að selja áfengi á sunnudögum og öðrum hátíðisdögum þjóðkirkjunnar. En þér finnst það ekkert hafa með kristni að gera. Sumir dagar eiga einfaldlega að vera áfengislausir.

> Það er ekki ýkja merkilegt umburðarlyndi að umbera bara það sem manni sjálfum líkar.

Viss um að þú meinir vel

Stundum segistu eiginlega vera anarkisti og algjört rebel: Vilt eiginlega ekkert hafa of mikið af reglum. En auðvitað eiga 40 prósent í stjórnum allra fyrirtækja að vera konur og 40 prósent karlar. Ef einhver vill bara hafa eina konu í fimm manna stjórn í fyrirtækinu sínu þá gengur það ekki. Þær verða að vera tvær eða þrjár. Fjölbreytninnar vegna.

Já, þú fagnar oftast fjölbreytni. En samt minna þegar málið snýst um peninga og rekstur. Þú vilt til dæmis ekki að heilbrigðisstofnanir verði einkareknar. Þá myndum við búa við tvöfalt kerfi. Hinir ríku gætu keypt sér betri heilbrigðisþjónustu en hinir fátæku. Og það viltu náttúrlega ekki. Þér er raunar ekki sérstaklega vel við einkaskóla heldur. Þú myndir örugglega ekki vilja leyfa þá ef engir slíkir væru til. En fyrst einhverjir eru til þá verðum við víst að umbera þá. En við ættum alls ekki að reyna að fjölga þeim og helst fækka þeim. Með sömu rökum og áður: Við viljum ekki tvöfalt menntakerfi, eitt fyrir hina ríku og annað fyrir hina.

Þér finnst að það eigi almennt ekki að skipta sér af því hvað fólk gerir. En klám á auðvitað að vera bannað. Tölum nú ekki einu sinni um eiturlyf eða fjárhættuspil. Fólk á vissulega að vera frjálst, en ekki frjálst til að skaða sig. Ekki frjálst til að eyðileggja í sér heilann með einhverju ógeði eða frjálst til að leggja fjárhag sinn í rúst. Fólk á að vera frjálst til að gera hluti eins og að mennta sig eða stunda íþróttir. Samt ekki box. Box eyðileggur heilann í fólki. Það eru til læknisrannsóknir sem sýna það.

Kæra vinkona, kæri vinur. Ég segi ekki að þú meinir illa, raunar er ég nokkuð viss um að þú meinir vel. Flest af þeim boðum og bönnum sem þú leggur til ertu örugglega viss um að geri samfélagið betra. En ég verð samt að segja. Fábrotin er nú þessi fjölbreytni þín. Það er ekki ýkja merkilegt umburðarlyndi að umbera bara það sem manni sjálfum líkar.

Leikum með á menntandi hátt

MENNTUN

Ingileif Ástvaldsdóttir
skólastjóri Pelamerkurskóla í Hörgársveit

Við lok skólaárs er við hæfi að velta fyrir sér hvað teljast framfarir og árangur. Við lifum á tímum þar sem framfarir teljast sjálfsagðar og árangur er eftirsóknarverður. Það má velta fyrir sér hvort allur árangur og allar framfarir teljast góð eða menntandi.

Heimspekingurinn og menntafrömuðurinn John Dewey, sem var uppi á fyrri hluta 20. aldar, segir að menntun eigi rætur sínar í reynslu einstaklingsins. Hann gengur út frá því að óhjákvæmileg tengsl séu milli náms, menntunar og persónulegrar reynslu. Það er skoðun hans að öll sönn menntun eigi sér stað með tilstyrk reynslu. En það merkir samt ekki að öll reynsla stuðli að sannri og jafngóðri menntun. Eins og hann segir sjálfur þá á ekki að leggja að jöfnu reynslu og menntun því sum reynsla er neikvæð í menntunarlegu tilliti. Að hans mati getur tiltekin reynsla til dæmis leitt til tilfinningaleysis og sljóleika. Enn fremur getur tiltekin reynsla leitt til þess að auka sjálfvirka færni manns og leitt til þess að hann festist í vana og sjálfvirkni. Upplifun getur líka verið stundargaman sem skilur lítið eftir af sannri reynslu. Reynsla af þessu tagi minnkar líkurnar á að einstaklingurinn hafi burði til að nýta sér síðari reynslu til menntunar. Það getur orðið til þess að upplifanir eru þá teknar rétt eins og þær koma fyrir, annaðhvort sem skemmtun eða sem óánægja eða uppreisn. Undir slíkum kringumstæðum er vart hægt að tala um sjálfstjórn eða stjórn á eigin reynslu og þar með sannri menntun og framförum.

Auðvelt að verða þræll

Ástæða þess að ég vel að draga fram aldargamla menntunarkenningu við lok skólaársins er sú að hún á enn við þegar við lítum til þess síbreytilega heims sem börnum okkar er búinn í dag. Tölvur og samskiptatæki eiga núorðið æ stærri hlut af veruleika þeirra. Og það mun ekki minnka. Það er og verður þannig að börn nútímans og framtíðarinnar muna ekki þá tíð þegar ekki var til internet, myndsímtöl, tölvur, snjallsímar, leitarvélar eða öpp. Hlutur þessara tækja í lífi þeirra mun bara aukast í framtíðinni. Jafnhliða sprettur fram þörfin fyrir kaup á nýjum tækjum inni í skólunum og sölumennskan og tíska láta á sér kræla.

Þá stöndum við skólafólk frammi fyrir þeirri spurningu hvort við ætlum að bjóða nemendum þroskavænlegar aðstæður þar sem tölvur og samskiptatæki eru hluti af því að búa þeim sanna og menntandi reynslu. Enda segir Dewey að langmikilvægasta viðhorfið sem getur myndast meðal manna sé löngunin til að halda áfram að læra.

> **Það er skoðun hans að öll sönn menntun eigi sér stað með tilstyrk reynslu. En það merkir samt ekki að öll reynsla stuðli að sannri og jafngóðri menntun.**

Það er auðvelt að verða þræll tölvutækninnar og nýta hana sem stundargaman og festast þar með í sljóleika, vana og sjálfvirkri færni. Það er líka auðvelt að stinga höfðinu í sandinn og taka ekki þátt í framþróuninni og halda að þannig muni hún hverfa og ekki hafa áhrif á veruleika okkar, hvorki í nútíð eða framtíð.

Heimurinn er í framþróun og skólastarf nútímans verður að leika með.

En raddir sölumennskunnar eða tískunnar eiga ekki að setja leikreglurnar. Það er skólafólksins að velja meðvitað að leika með á menntandi hátt, annars eigum við á hættu annaðhvort að hrífast af gylliboðum sölumanna eða starfa í sljóleika og vana og verða steinrunnin eins og náttröll sem ekki nær heim fyrir sólarupprás. Heimurinn er á hreyfingu og því er kyrrstaða ekki valkostur.

Lítill kall með hatt

FJÖLMIÐLAR

Ólafur Hauksson
almannatengill

Fyrir rúmlega tveimur árum fékk DV í hendur skýrslu úr bókhaldsathugun á iðnfyrirtækinu Sigurplasti eftir að það var úrskurðað gjaldþrota. Þessi skýrsla varð tilefni fullyrðinga DV um að fyrrverandi aðaleigendur fyrirtækisins hefðu framið stórfelld lögbrot í starfseminni, þar á meðal stundað fjárdrátt, skilasvik, umboðssvik og skattalagabrot. Því var slegið upp á forsíðu DV að stjórnarformaður fyrirtækisins sætti rannsókn lögreglu, þó svo að engin rannsókn ætti sér stað.

Á þessum tveimur árum hefur DV haldið áfram að pönkast á tvímenningunum með þessar ávirðingar, einkum þó stjórnarformanninum. Blaðið og vefsíða þess hefur hvergi dregið af sér í svipuhöggunum og einatt vitnað í umrædda bókhaldsathugun sér til halds og trausts. Ávirðingarnar hafa birst á rúmlega 20 blaðsíðum í DV og í rúmlega 50 fréttum á dv.is.

Í mars síðastliðnum, tveimur árum eftir að DV hóf umfjöllun sína, hófst rannsókn hjá sérstökum saksóknara á kæru sem skiptastjóri Sigurplasts lagði inn á grundvelli athugunar viðskiptafræðingsins. Skemmst er frá því

> **En þegar á reynir er ritstjóri DV bara lítill kall með hatt.**

að segja að þann 31. maí síðastliðinn sendi sérstakur saksóknari bréf til hluthafeigandi. Þar sagði hann að rannsókn væri lokið og ekkert hefði komið fram við hana sem þætti líklegt eða nægjanlegt til sakfellingar. Málið væri því fellt niður.

Með öðrum orðum, fullyrðingar DV um stórfelld lögbrot í starfsemi Sigurplasts voru kolrangar. Skýrsla viðskiptafræðingsins féll í flokkinn fúsk og fleipur, þrátt fyrir að hafa kostað þrotabúið hátt í 18 milljónir króna.

Ritstjóri DV, maðurinn með hattinn, fékk sent afrit af bréfi sérstaks saksóknara. Þannig gafst honum tækifæri til að vera fyrstur manna til að segja frá því að ómaklega hefði verið vegið að mannorði fyrrverandi aðaleigenda Sigurplasts. Þannig gafst honum tækifæri til að biðjast innilega afsökunar á fúkyrðunum og lyginni.

En þegar á reynir er ritstjóri DV bara lítill karl með hatt. Hann hefur ekki birt stafkrók um niðurstöðu sérstaks saksóknara, hvað þá dregið óhróðurinn til baka. Smámennið kann ekki að skammast sín og þegir sem fastast.

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

NÝ OG STÍLFÖGUR ELDHÚSTÆKI FRÁ **AEG** SEM GERA GOTT ELDHÚS ENN BETRA

VORUM AÐ FÁ NÝJA SENDINGU!

Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur og auðveldur í notkun og allri umgengni.
Íslensk notendahandbók.

Fjölkerfa blástursofn með hraðhitakerfi, sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni.
Íslensk notendahandbók.

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum.
Íslensk notendahandbók.

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli, hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum og sjálfhreinsikerfi.
Íslensk notendahandbók.

Nýjar ofnalínur, **30%** stærra innra rými en áður, alls 74 lítrar, sömu utanmál.
Allt fjölkerfa blástursofnar með ýmsum valkostum í útfærslum.
Íslenskar notendahandbækur.
Hagstæðir vaxtalausir greiðsluskilmálar til allt að 12 mánaða.*

* 3.5% LÁNTÖKUGJALD

AÐ ELDA MEÐ AEG
Þegar þú eldar með AEG máttu búast við framþróaðri tækni, flottri hönnun og fjölmörgum stillingarmöguleikum sem bjóða upp á svo margt, margt fleira.

FULLKOMIN HÖNNUN
AEG ofnarnir eru hannaðir til að skara fram úr á öllum sviðum. Þeir eru einstaklega fjölhæfir, áreiðanlegir og þar að auki glæsilegir útlits.

AEG HELLUBORÐ AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM
Ný glæsileg lína helluborða frá AEG býður upp á fullkomnustu tækni, hvort sem þú velur spansuðu- eða venjulegt hraðsuðuhelluborð eða fyrir gas þá er úrvalið mikið og útfærslurnar fjölbreyttar.

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10–18
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

AF NETINU

Hótfyndni ríkisstjórnar um veiðigjöld

Á síðasta ári skilst mér – af fréttum að dæma – að hrein auðlindarenta hafi verið í sögulegu hámarki. Því er spáð að hún verði enn hærri í ár. Er ákaflega ósanngjarnt að eigandi auðlindarinnar fái einhvern hluta þessarar rentu?

Myndi okkur þykja eðlilegt ef vinir okkar Norðmenn gæfu rentu sína af olíunni úr Norðursjó beint til besta vinar aðal? Vegna þess að það sé svo voða flókið að reikna út hvað olía og vinnsla hennar kostar?

Og ætlar einhver að segja mér að það sé flóknara að skilgreina afnotagjöld veiða á fiski úr sjó en þegar um er að ræða olíunýtingu, þar sem fyrirtæki þurfa að leggja í gífurlega háar fjárfestingar til mjög langs tíma (og stundum er borað langt undir sjó) og óvissan er gífurleg um heimtir og verð vörunnar?

http://blog.pressan.is/gauti/

Gauti Eggertsson

Lýðskrum

FJÁRMÁL

Ögmundur Jónasson
alþingismaður

Eftir að ég – ásamt fleirum – lagði fram þingsályktunartillögu á Alþingi um að því yrði beint til Íbúðalánasjóðs og samsvarandi áskorun send til lífeyrissjóða og fjármálastofnana „að fresta öllum innheimtuaðgerðum og nauðungarsölum uns niðurstaða liggur fyrir í aðgerðum ríkisstjórnarinnar í skuldamálum heimilanna“ hef ég orðið þess var að þetta sé túlkað sem hið versta lýðskrum. Ég sé nýkominn úr ríkisstjórn, hvers vegna hafi ég ekki beitt mér fyrir þessu á meðan ég átti þar sæti.

Staðreyndirnar eru hins vegar þessar: Fyrri ríkisstjórn gekkst fyrir tímabundinni frystingu af þessu tagi upp úr hruninu eða þar til að ætla mætti að þau úrræði sem gripið var til væru farin að koma til framkvæmda. Frystingin var síðan framlengd að minni tillögu.

Allt kjörtímabilið var unnið að því að taka á lánamálunum, nú síðast lánsveðunum, sem kostaði langvinnar og erfiðar samningaviðræður við lífeyrissjóðina en skilaði á endanum árangri.

Almennri niðurfærslu hafnað

Öllum var ljóst að þessi mál yrðu ekki leyst í eitt skipti fyrir öll. Því miður náðist ekki samstaða um almenna niðurfærslu lána eins og Hagsmunasamtök heimilanna kröfðust en það hefði að mínum dómi kallað á að neyðarlögin yrðu látin taka til lánamarkaðarins. Það var okkar ógæfa að fara ekki þá leið í upphafi en gegn henni var andstaða, einkum og sérílagi af hálfu AGS, en einnig var ekki einhugur innan ríkisstjórnarinnar um að þetta væri rétt.

Smám saman varð mönnum hins vegar ljóst, og endanlega haustið 2010, eftir strangar viðræður við fjármálafyrirtækin, að almenna niðurfærslu myndu þau aldrei fallast á í samkomulagi og hótuðu lögsókn ef þetta yrði reynt með lagasetningu. Enn harðdrægari voru lífeyrissjóðirnir sem veifuðu eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Við svo búið var farin sú leið að skattleggja fjármálafyrirtækin og fjármagna þannig að hluta til sérstakar vaxtabætur sem komu til útgreiðslu ofan á almennar vaxtabætur. Þessar stórauknu vaxtabætur komu skuldugu fólki að sjálfsögðu að góðum notum og þyrftu þær að vera viðvarandi eða þar til aðrar lausnir kæmu til sögunnar. Í aðdraganda kosninganna viðraði VG nýja útfærslu hvað þetta varðar án þess þó að sver loforð væru gefin.

Ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu

Öðru máli gegndi um Framsóknarflokkinn. Hann lofaði stórfelldri lækkun á höfuðstól lána. Þegar flokkurinn síðan komst til valda á grundvelli þessara loforða og Sjálfstæðisflokkurinn gekkst inn á þessa nálgun sköpuðust nýjar aðstæður.

Fyrir fólk sem komið er í greiðsluþrot eða er í þann veginn að missa heimili sitt skiptir sköpum að fá boðaða úrlausn sem allra fyrst, megi það verða til að forða frá heimilismissi eða gjaldþroti. Einnig skal halda því til haga að ákveðin biðstaða myndaðist á fasteignamarkaði og í úrvinnslu greiðsluerfiðleikamála eftir að ríkisstjórnin var mynduð. Ástæðan er m.a. væntingar einstaklinga til þess að fá lausn sinna mála.

→ Fyrir fólk sem komið er í greiðsluþrot eða er í þann veginn að missa heimili sitt skiptir sköpum að fá boðaða úrlausn sem allra fyrst...

Þetta er skýringin á umræddri þingsályktunartillögu sem gengur út á að á meðan úrræði ríkisstjórnarinnar eru í vinnslu verði Íbúðalánasjóði gefin fyrrgreind fyrirmæli og lífeyrissjóðum og fjármálastofnunum send samsvarandi áskorun.

Oft var farið þess á leit við mig sem innanríkisráðherra að ég stöðvaði dómsmál sem komin voru í ferli án þess að ég hefði til þess nokkra heimild. Ég tel reyndar að menn hafi einblínt um of á dómskerfið en ekki horft til sjálfra gerendanna, það er kröfuhafanna. Það er til þeirra sem lagt er til að nú verði horft.

Trúa ekki orðum ríkisstjórnarinnar

Ef einhverjum finnst þetta vera lýðskrum þá þykir mér það jafngilda yfirlýsingu um að viðkomandi trúi ekki orði af því sem ríkisstjórnin hefur lofað. Ef loforð og heitstrengingar ríkisstjórnarinnar eru bara orðin tóm er að sjálfsögðu tómt mál að tala um frestun á aðför.

Ég er hins vegar í hópi þeirra sem vilja trúa því að ríkisstjórnin taki sjálfa sig alvarlega. Ef hún gerir það mun hún sjá skynsemina í því að reyna að telja lánamarkaðinn á að fresta innheimtuaðgerðum og uppboðum þar til ríkisstjórnin er tilbúin með tillögur sínar.

Útlendingamál og rangfærslur Pawels

LÖG UM ÚTLENDINGA

Halla Gunnarsdóttir
fyrrverandi aðstoðarmaður innanríkisráðherra

Pawel Bartoszek skrifar um margt ágæta grein í Fréttablaðið 14. júní sl. þar sem hann fjallar um útlendingamál. Greinin er ágæt fyrir þær sakir að Pawel minnir á þá staðreynd – sem ætti að vera augljós – að ákvarðanir um brottvísanir, hæli og útgáfu dvalarleyfa byggja á löggjöf en ekki á geðþóttaákvörðunum ráðherra, þótt oft sé sett fram krafa um að hið síðarnefnda ráði. Hins vegar virðist takmarkaður áhugi á að ræða lagarammann, miklu fremur einstaka mál sem koma upp og hljóta athygli fjölmiðla. Við þetta mætti bæta að í umræðunni er oftar en ekki öllu þvælt saman, umsóknir um hæli og dvalarleyfi fólks utan EES eru lagðar að jöfnu. Í fyrrnefnda tilfellinu gilda alþjóðalög sem fjalla um vernd fólks sem flýja hefur þurft ofsóknir en dvalarleyfi fjalla um aðrar forsendur dvalar og er alfarið á valdi Alþingis að ákveða með lögum.

Kærunefnd og frumvarp

En Pawel klykkir síðan út í grein sinni með því að hnýta í vinstrimenn fyrir að hafa litlu breytt til að „opna Ísland fyrir venjulegu fólki í leit að betra lífi“ og heldur því fram að síðustu tillögur Ögmundar Jónassonar hafi miðað að því einu að skipa sjálfstæða kærunefnd „um deilumál tengd brottvísunum útlendinga o.fl.“ Slíkt hefði að mati Pawels engu breytt þar sem nefndin myndi úrskurða eftir sömu lögunum.

Erfitt er að skilja hvað Pawel gengur til með þessari fullyrðingu. Fyrir utan það að kærunefndin hefði bæði víðtækara og mikilvægara hlutverk en Pawel heldur fram fer hann með rangt mál þegar hann segir nefndina mundu úrskurða á grundvelli núgildandi laga. Staðreyndin er sú að ákvæði um þessa nefnd er að finna í viðamiklu frumvarpi sem Ögmundur Jónasson, þá innanríkisráðherra, lagði fyrir Alþingi síðastliðinn vetur og felur í sér setningu nýrra heildarlaga um útlendinga, m.ö.o. ný lög sem úrskurðað yrði eftir.

Breyta þarf atvinnuréttindum

Forsaga málsins er sú að árið 2011 skipaði Ögmundur Jónasson starfshóp þriggja ráðuneyta til að fara yfir lög um útlendinga og lög um atvinnuréttindi útlendinga og gegndi undirrituð formennsku í þeirri nefnd. Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu snemmsumars 2012 og lagði til að sett yrðu ný heildarlög um málefni útlendinga, auk þess sem greindar voru sérstaklega ákveðnar breytingar á dvalarleyfaflokkum og heimildum fólks til að setjast að hér á landi. Í kjölfar skýrslunnar var hafist handa við að semja frumvarp á grunni tilagnanna og var það sem fyrr segir lagt fyrir á síðasta þingi. Ekki gengu þó allar tillögur starfshópsins eftir, svo sem lesa má um í greinargerð með frumvarpinu, en til þess hefði þurft áframhaldandi samstöðu með velferðarráðuneytinu sem fer með lög um atvinnuréttindi. Án þess að gera breytingar á atvinnuréttindalögunum – og helst að steypa þeim saman við lög um útlendinga svo sem starfshópurinn lagði til – verður örðugt að fara í þá átt sem Pawel kallar eftir; að opna Ísland í meira mæli fyrir venjulegu fólki í leit að betra lífi.

Mannúðlegri lög

Með þeim aðkallandi breytingum sem Ögmundur Jónasson lagði til

→ Með þeim aðkallandi breytingum sem Ögmundur Jónasson lagði til með frumvarpi sínu sl. vetur eru hins vegar stigin mikilvæg skref í átt að mannúðlegri löggjöf...

með frumvarpi sínu sl. vetur eru hins vegar stigin mikilvæg skref í átt að mannúðlegri löggjöf, styrkari réttindum hælisleitenda og flóttafólks, bættum rétti aðstandenda til dvalar hér á landi (þ. á m. barna) og afnámi hluta þeirrar mismununar á grundvelli menntunar sem er í núgildandi lögum. Þá er lögð rík áhersla á að lögin séu skýr og skilmerkileg, enda geta þau verið úrslitaþáttur í lífi fólks.

Ágreiningur ríkjandi

Núgildandi lög um útlendinga annars vegar og atvinnuréttindi útlendinga hins vegar voru sett árið 2002 í miklum ágreiningi. Vilji þáverandi meirihluta til að setja ný heildarlög um útlendinga var skiljanlegur, enda hin fyrri lög frá árinu 1965 löngu úr sér gengin, en á sama tíma hefði verið æskilegt að ná fram breiðari sátt um lögin. Ágreiningurinn hefur litað umfjöllun um málaflokkinn allar götur síðan, sem er ekki til góðs, hvorki fyrir almenna umræðu né fyrir það fólk sem á allt sitt undir löggjöfinni.

Tilraun til sáttar

Ögmundur Jónasson gerði tilraun til að leggja grunn að sátt um ný heildarlög. Þær tillögur náðu ekki fram að ganga á síðasta þingi, að hluta til vegna skorts á pólitískum áhuga og að hluta til vegna skorts á tíma. Þetta verkefni bíður nú nýs innanríkisráðherra en einnig – og ekki síður – nýs velferðarráðherra, sem þarf að láta til sín taka í málaflokknum.

FRÉTTABLAÐIÐ
ER HELGARBLAÐIÐ

DAUFBLINDIR ERU EKKI GEIMVERUR

Systurnar **Snædís Rán** og **Áslaug Ýr Hjartardætur** eru staðráðnar í að láta ekki sjaldgæfan taugahrörnunarsjúkdóm sem kostaði þær sjón og heyrn koma í veg fyrir að þær lifi lífinu til fulls.

Tískan í tjaldbúðunum

Útivistarfatnaður landans færist stöðugt nær tískuheiminum enda skiptir það æ meira máli að vera vel klæddur þegar farið er út fyrir bæjarmörkin.

Frá Úganda til Vestmannaeyja

Knattspyrnumaðurinn **Tonny Mawejje** frá Úganda hefur spilað fótbolta á Íslandi síðan 2009 og er í dag ein helsta knattspyrnuhetja þjóðar sinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ
Ómissandi hluti af góðri helgi

Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000
Auglýsingar 512-5401 | **visir.is**

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Allan sólarhringinn, alla daga

Iceland

90 ára afmælí

Kristrún Hreiðarsdóttir

Kristrún Hreiðarsdóttir, nú til heimílis að Furugerði 1, Reykjavík, fagnar 90 ára afmæli sínu 24. júní næstkomandi.

Af því tilefni bjóða börn hennar, tengdabörn og barnabörn vinum og vandamönnum til samsætis henni til heiðurs sunnudaginn 23. júní í safnaðarheimili Grensáskirkju kl. 14. Kristrún getur ekki veitt gjöfum móttöku en biður velunnara að láta Grensáskirkju njóta þess.

---

†

Minningarathöfn okkar hjartkæru

SIGRID VALTINGOJER
Bárugötu 33, 101 Reykjavík,

sem lést 8. maí í Berlín, verður haldin mánudaginn 24. júní kl. 13.00 í lönó. Dreifing ösku mun fara fram eftir athöfnina í grennd við Kleifarvatn.

Fyrir hönd aðstandenda,
Birgit Guðjónsdóttir

---

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

ÓLAFS A. ÓLAFSSONAR
málarameistara,
Árskógum 8, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæslu í Fossvogi fyrir einstaka umhyggju og hlýju.

Gísli Örvar Ólafsson
Valgerður Björk Ólafsdóttir
Helga H. Ólafsdóttir Gustafsson
Hulda Sjöfn Ólafsdóttir
Ólafur Örn Ólafsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Reynir Jóhannsson
Roger Gustafsson
Ólafur Sturla Kristjánsson

---

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

PÁLÍNU ÞORVALDSDÓTTUR
Kjarrhólma 18,
Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 11E Landspítalans, heimahjúkrunar Karitas og starfsfólks á líknardeild Landspítalans fyrir góða umönnun og hlýju í okkar garð. Guð blessi ykkur öll.

Rúnar Sigurbjörnsson
Guðbjörg Valdís Rasmussen
Jónas Guðmundsson
Erla Guðmundsdóttir
Jóhanna Poulsen
Hlífar S. Rúnarsson
Hlynur Svan Rúnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Frank Rasmussen

Heimir Brynjarsson
Halla Magnúsdóttir
Guðbjörg Magnúsdóttir

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

ÓLAFUR EMILSSON
Lyngheiði 8, Hveragerði,

lést 17. júní sl. Útförin fer fram í ríkissal votta Jehóva, Hraunbæ 113 Reykjavík, mánudaginn 24. júní kl. 13.00.

Anna Kristín Guðmundsdóttir
Andrés Ólafsson
Páll Ólafsson
Elísa Ólafsdóttir
Pétur G. Ólafsson
Stefanía Ólafsdóttir

Sara Alstrup Jensen

Jónas Guðnason

Emil Óli Jónasson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

PETTA GERÐIST: 21. JÚNÍ 1991

Perlan opnuð í Öskjuhlíð

Perlan, útsýnishús Hitaveitu Reykjavíkur í Öskjuhlíð, var formlega tekin í notkun þennan dag fyrir 22 árum. Fyrstu hugmyndir um byggingu glæsihúss í Öskjuhlíð komu frá meistara Kjarval árið 1930. Í hugljómun Kjarvals átti húsið að svara birtu dags og táknum nætur en betri lýsing á Perlunni, sem reist var sextíu árum síðar, er vandfundin.

Perlan hvílir ofan á sex hitaveitugeymum sem samtals rúma 24 milljónir lítra af heitu vatni og er byggð úr stálgrind sem hefur öðru og meira hlutverki að gegna en að tengja saman hitaveitugeyma og mynda hvolfþak, því stálið er hitagjafi hússins. Grindin, sem er hol að innan, virkar eins og risastór ofn. Á köldum vetrardögum streymir um hana heitt vatn en kalt vatn á heitustu sumardögum. Með þessu móti er hitastigi Perlunnar haldið stöðugu og hægt er að ganga um léttklæddur í hvolfinu meðan ísköld stórhríð geisar úti fyrir.

Samtals var byggingarkostnaður Perlunnar á annan milljarð króna. Byggingarefnin stál og gler lögðu grunn að afar slæmum hljómburði en með sérstökum aðferðum í klæðningu, einangrun, teppalögn og hátölurum tókst að framkalla úrvals hljómburð. Hljóðtæknileg hönnun Perlunnar fékk alþjóðlegu Golden Ear-verðlaunin árið 1993.

Ótrúlega víðsýnt er af útsýnispöllum Perlunnar, þar sem finna má sex útsýnis-

skífur með hljóðböndum á fimm tungumálum. Stolt Perlunnar er heimsklassa veitingahús með snúningsgólfi þar sem gestir njóta útsýnisins. Perlan hefur verið valin í hóp fimm bestu útsýnisveitingahúsa heims.

FYRSTI LAXINN Ólafur Ólafsson er Reykvíkingur ársins 2013, en hann veiddi sinn fyrsta lax á ævinni ásamt Jóni Gnarr borgarstjóra í sólinni í gærmorgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Veiddi fyrsta laxinn sinn á tveimur mínútum

Ólafur Ólafsson er Reykvíkingur ársins og að venju fékk hann þann heiður að renna fyrir fyrsta laxinn í Elliðaánum í gærmorgun í blíðskaparveðri. Ólafur er einn af stofnfélögum íþróttafélagsins Aspar og hefur verið formaður félagsins í 31 ár.

„Það var mjög góð tilfinning að veiða minn fyrsta lax," segir fyrrverandi rennismiðurinn Ólafur Ólafsson, Reykvíkingur ársins 2013. Hann fékk þann heiður að renna fyrir fyrsta laxinn í Elliðaánum í gærmorgun ásamt borgarstjóranum Jóni Gnarr.

Ólafur er einn af stofnfélögum íþróttafélagsins Aspar, sem er íþróttafélag fatlaðs og þroskahamlaðs fólks, en hann hefur gegnt formannsstöðu í félaginu í 31 ár. Að sögn Björns Blöndal, aðstoðarmanns borgarstjóra, var Ólafur valinn í kjölfar tilnefninga sem bárust skrifstofu borgarstjóra. „Fyrir utan að vera góð og almennileg manneskja hefur hann rekið íþróttafélagið af mikilli atorku, einkum heiman frá sér úr lítilli skrifstofu," segir Björn.

Nafnbótina kom Ólafi verulega á óvart enda ekki amalegur titill að bera, segir hann hlæjandi. „Það er gaman að sjá að starf okkar er vel metið og ég deili þessu með vinnufélögum mínum hér," segir Ólafur sem skemmti sér vel á árbökkum Elliðaáa, enda var hann að veiða lax í fyrsta sinn og það tók hann einungis tvær mínútur frá því að maðkurinn var kominn í vatnið.

Ástæðan fyrir því að Ólafur fór að vinna að íþróttamálefnum fatlaðs fólks er sú að hann á þroskaheftan son sem langaði að stunda íþróttir. „Hann var á fullu í fótbolta en eins og gefur að skilja var hann alltaf settur á bekkinn.

250 félagar eru skráðir í íþróttafélagið Ösp.

Eftir að við stofnuðum félagið fór hann að vera fremstur meðal jafningja og þú getur rétt ímyndað þér stoltið."

Baráttumál íþróttafélagsins eru þau sömu í dag og þau voru fyrir þrjátíu árum að sögn Ólafs. „Aðalbarningurinn er alltaf þessi peningaumræða. Okkar félag er ólíkt öðrum íþróttafélögum að því leyti að við þurfum fleiri þjálfara, stundum þarf mann á mann, sem er óneitanlega dýrt."

Hægt er að fræðast um starf íþróttafélagsins á heimasíðunni Ospin.is.

alfrun@frettabladid.is

---

†

Okkar elskulegi faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

GUÐMUNDUR ALFONSSON
Sandholti 40, Ólafsvík,

lést á gjörgæsludeild LSH Fossvogi miðvikudaginn 19. júní 2013. Útför hans fer fram frá Ólafsvíkurkirkju föstudaginn 28. júní klukkan 13.00.

Bryndís Guðmundsdóttir
Finnur Guðmundsson
Albert Guðmundsson
Hjörleifur Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabarn.

Samúel Valsson
Petrína Kristjana Ólafsdóttir
Samran Sela
Fríða Sveinsdóttir

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

HERJOLF SKOGLAND
yfirvélstjóri,
Melgerði 10, Reykjavík,

sem lést þann 5. apríl í Haugesund í Noregi, verður jarðsettur frá Fossvogskapellu föstudaginn 21. júní kl. 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Gunnhildur Jónsdóttir
Elsa Herjolfsdóttir Skogland
Hulda Björg Herjolfsdóttir Skogland
Árni Herjolfsson Skogland

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

SYNGJA UM SJÓINN OG ÁSTINA

Jónsmessutónleikar verða í sjóminjasafninu Víkinni á sunnudagskvöld. Þar stilla saman strengi sína Svavar Knútur og Kristjana Stefáns. Dagskráin verður fjölbreytt, allt frá Abba til Dolly Parton með viðkomu hjá Nick Cave og Páli Ísólfssyni. Lög um sjóinn ráða ríkjum að þessu sinni, auk ljúfra laga um ástina.

20% afsláttur af öllum kjólum!

Stærðir 34-52

Vertu vinur okkar á Facebook

hjá Hrafnhildi

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 | laugardaga frá kl. 10-16

ELDAÐ MEÐ HOLTA

HOLTA KYNNIR *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að grilluðum kjúklingaspjótum með nokkrum af sínum uppáhaldssósum. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

GRILLUÐ KJÚKLINGASPJÓT MEÐ NOKKRUM AF MÍNUM UPPÁHALDSSÓSUM

FORRÉTTUR FYRIR 8 OG AÐALRÉTTUR FYRIR 4
6-800 g kjúklingalundir
Grillspjót

Klettakálspestó
1 poki klettakál
2 msk. furuhnetur
2 msk. rifinn parmesanostur
2-3 hvítlauksgeirar
1-2 msk. ljóst balsamedik
1-2 msk. sítrónusafi
1 msk. sykur
Salt og pipar
1,5 dl olía, ekki ólífuolía
Allt sett í matvinnsluvél og maukað.

Teriyaki-sósa með hvítlauk, engifer og chilli
2 dl teriyaki-sósa
2-3 hvítlauksrif, smátt söxuð
1,5 msk. engifer, smátt saxað
0,5 steinlaust chilli, smátt saxað
2 msk. balsamikedik
1 msk. hlynsíróp
Allt sett í skál og blandað vel saman.

Sesam-vinaigrette
1 dl þurristuð sesamfræ
1,5 msk. hunang
1 msk. dijon sinnep
1 msk. sítrónusafi
1 msk. ljóst edik
Salt og nýmalaður pipar
1,5 dl olía
Setjið allt nema olíu í matvinnsluvél og grófmaukið. Hellið þá olíunni í mjórri bunu í skálina og látið vélina ganga á meðan.

Úllalasósa
5 cm bútur engiferrót, skræld
½ chili-aldin, fræhreinsað
3-4 hvítlauksgeirar
1 tsk. kóríanderfræ
1 tsk. rósapipar
1 tsk. karrí, milt
1 tsk. paprikuduft
2 msk. hunang
2 msk. balsamikedik
3 msk. ostrusósa
2 msk. tómatsósa
2 msk. sætt sinnep
3 msk. sérrí, má sleppa
2-3 dl olía
Setjið allt nema olíu í matvinnsluvél og maukið vel. Hellið þá olíunni saman við í mjórri bunu og látið vélina ganga á meðan.

Hægt er að nota eina eða fleiri sósur, ekki þarf að nota þær allar. Leggið lundirnar í helminginn af sósunni og látið standa við stofuhita í 1 klst. Þræðið þá lundirnar á grillspjótin og grillið við mikinn hita í 2-3 mínútur á hvorri hlið. Restin af sósunni er borin fram með réttinum.

Minna að fletta **meira** að frétta

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti frétta- og afþreyingarvefur ársins á Íslensku vefverðlaunum 2012.**

visir.is

BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

Úr umsögn dómnefndar: *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“*

INSTAGRAM Í ORÐUM

LEIKKONA YRKIR LJÓÐ *Halla Margrét Jóhannesdóttir leikkona gefur út sína fyrstu ljóðabók í dag og er að ljúka meistaranámi í ritlist við Háskóla Íslands.*

„Það er bara allt á fullu, bókin er væntanleg í dag,“ segir Halla Margrét Jóhannesdóttir leikkona sem gefur út sína fyrstu ljóðabók með pompi og prakt í dag. „Þetta er rosaskrýtin tilfinning að bíða svona, svolítið eins og að vera með rosalega hægar hríðir. Mjög kraftmiklar þó,“ segir hún og hlær.

Ljóðabókina kallar hún einfaldlega 48. „Ég er 48 ára og bókin inniheldur 48 ljóð. Svo er þetta svo falleg tala, fjórir er jarðbundin tala og átta táknar eilífðina. Það má því segja að ég sé með annan fótinn á jörðinni en hinn í eilífðinni,“ segir Halla kímin. „Svo geri ég fastlega ráð fyrir að verða 96 ára og þá er ég í miðjunni núna, 48 ára. Og í miðjunni er rými og næði fyrir sköpun.“

Ljóðin hafa orðið til á síðustu tveimur til þremur árum en Halla lýsir þeim sem persónulegum myndum. „Þau eru dálítið eins og Instagram í orðum. Í þeim birtist óvægin sýn á sjálfa mig, en líka með húmor.“

Forlagið Nikkan, sem gefur út bókina, er glænýtt. „Það er raunar mitt eigið forlag,“ segir Halla. „Pabbi minn spilar á harmonikku og þegar maður var að fara að gera eitthvað spurði hann gjarnan hvort ekki vantaði nikkara og ég sá bara að það vantaði nikkara í íslenska bókaútgáfu. Nikkan er líka hljóðfæri öndunar, hún er alltaf að anda inn og út. Á sama hátt verður að setja loft í hlutina til að setja þá á hreyfingu.“

Halla Margrét segist ekki mikið leika um þessar mundir, þótt hjartað sé alltaf tengt leikhúsinu. Reynsluna úr leiklistinni segir hún þó hafa hjálpað sér við ljóðaskrifin. „Í ljóðunum eru alltaf ákveðnar kringumstæður, líkt og í leikhúsinu, sem er lýst.“

Útgáfu bókarinnar verður fagnað í kvöld, á sumarsólstöðum, á Loft hostel, kl. 17 - 19 og eru allir velkomnir.

■ *halla@365.is*

LEIKKONA OG LJÓÐSKÁLD
Halla Margrét Jóhannesdóttir er að ljúka meistaranámi í ritlist við Háskóla Íslands.
MYND/STEFÁN KARLSSON

SKYNDIBITI FRÁ MEXÍKÓ

Quesadillas er smáréttur frá Mexíkó sem er afar vinsæll og auðvelt að útbúa.

Quesadillas er upplagt að útbúa sem snakk í útilegunni, sumarbústaðnum eða heima. Það sem þarf í réttinn eru tortillur, hveiti- eða grófkorna kökur, ostur og álegg eftir smekk. Hægt er að nota pylsur, kjúkling, nautakjöt eða grænmeti í quesadillas. Einnig er hægt að gera kökurnar eingöngu með osti.

Notið útigrillið, setjið ost og álegg á annan helming kökunnar, leggið hana saman og grillið á báðum hliðum. Einnig er hægt að nota samlokugrill. Með quesadillas er gott að hafa salsasósu og sýrðan rjóma. Best er að útbúa salsasósuna sjálfur en í henni eru:

SALSASÓSA

1 smátt skorinn tómatur
1 smátt skorinn rauðlaukur
½ smátt skorin lárpera (avókadó)
1 hvítlauksrif, rifið
2 msk. fersk basilíka, smátt skorin
1 msk. sítrónusafi
1 msk. dijonsinnep
3 msk. ólífuolía
Salt og pipar

Hrærið allt saman og látið sósuna standa í ísskáp góða stund áður en hún er borin fram. Hægt er að gera sósuna sterkari með því að bæta smátt skornum eldpipar saman við.

Þessi sósa er góð með quesadillas og öðrum mexíkóskum réttum.

QUESADILLAS
Góður skyndibiti í sumarfríinu.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Lífið

FÖSTUDAGUR
21. JÚNÍ 2013

Hlaðgerður Íris Björnsdóttir
TEKUR ÞÁTT Í NORRÆNNI LISTASÝNINGU 2

Markþjálfunarbúðirnar Í heilu lagi
STYRKJA UNGMENNI FYRIR FRAMTÍÐINA 4

Tískan á þjóðhátíðardaginn 17. júní
LITRÍK OG GLAÐVÆR STEMNING Í KÓPAVOGI 10

Svala Björgvins

Fatalínan Kali verður að veruleika

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

HVERJIR HVAR?

Árlegur góðgerðafótboltaleikur FC Ógnar var spilaður á KR-vellinum í vikunni af ýmsum þekktum andlitum en leikurinn var haldinn til þess að styðja við bakið á krabbameinssjúkum konum. Margt var um manninn og heyrst hefur að það hafi verið mikill hiti í leiknum. Leikmenn að þessu sinni voru meðal annars **Sigga Beinteins**, **Hrefna Sætran** og **Þórunn Antonía** og David James var dómari í leiknum.



Lífið
Hamingja, fólk og annað frábært

Umsjón blaðsins
Marín Manda Magnúsdóttir
marinmanda@frettabladid.is
Umsjón Lífsins á Vísir.is
Ellý Ármanns
elly@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Forsíðumynd
Einar Egilsson
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is
Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
www.visir.is/lifid

Hár og makeup Mandy
Stílisti Svala Björgvins

LIST BÖRNIN ERU INNBLÁSTUR

Hlaðgerður Íris Björnsdóttir myndlistarkona var valin úr stórum hópi umsækjenda til þess að taka þátt í myndlistarkeppninni Portrait Nu í Hillerød í Danmörku en keppendurnir komu alls staðar að af Norðurlöndunum.

Mér var bent á þessa keppni fyrir nokkrum árum en það var hún Ólöf K. Sigurðardóttir hjá Hafnarborg í Hafnarfirði sem hvatti mig til að taka þátt en þá var ég ekki alveg tilbúin," segir Hlaðgerður Íris Björnsdóttir, sem nýverið tók þátt í myndlistarkeppninni Portrait Nu í Danmörku.

Myndlistarkeppnin fór fram í National Historiske Museum í Frederiksborg-höll í Danmörku. Rétt yfir þúsund verk voru send inn í keppnina en myndlistarfólk víðs vegar frá Norðurlöndunum og Rússlandi tók þátt að þessu sinni. Þetta var í fjórða sinn sem Portrait Nu var haldin. Að lokum voru valin í kringum áttatíu verk í keppnina. Hlaðgerður var önnur þeirra Íslendinga sem tóku þátt en segir hún að Wow air hafi styrkt sig með flugferð til Danmerkur til þess að vera við opnun sýningarinnar. Verkið sem Hlaðgerður sendi í keppnina heitir Freyja og er af ungri stúlku. Hún segist hafa verið nokkuð ánægð með útkomuna og þótt verkið hæfa í svona keppni.

Í kjölfar sýningarinnar fékk Hlaðgerður fyrirspurn frá Þýskalandi þar sem óskað er eftir því að skrifa smásögu eftir verkinu hennar.

Dulúðin er ríkjandi

Hlaðgerður segir að oft komi fyrirspurnir mörgum mánuðum eftir sýningar en nokkuð hafi verið um það að fólk leiti til hennar og vilji láta mála persónuleg verk fyrir sig. „Það vill bara þannig til að ég mála fólk þó svo að ég vilji alls ekki kalla mig portrettmálara. Ég reyni að halda ákveðinni dulúð yfir verkunum mínum og ef fólki líkar við þemað í verkunum mínum og treystir mér til þess að mála viðkomandi einstakling í þeim anda þá gengur samstarfið upp." segir Hlaðgerður.

Stór fjölskylda

Listin er ræktuð á heimilinu en Hlaðgerður er fjögurra barna móðir og hefur sótt innblástur í börnin sín í gegnum tíðina. „Maður sækir svo mikið í það sem er nálægt manni og börnin mín þekki ég svo vel og veit nákvæmlega hvernig ég fæ fram það sem ég er að sækjast eftir. Í dag er ég meðal annars að mála tvær yngstu dætur mínar við eyðibýli við Suðurstrandarveg, sem er ótrúlega spennandi umhverfi."

Hlaðgerður Íris Björnsdóttir listakona á vinnustofu sinni í Reykjavík.

Hægt er að skoða fleiri verk eftir Hlaðgerði á sýningunni Auglitis til Auglitis á Listasafni ASÍ eða á www.hlalla.is

JAPÖNSK GÚMMÍVESKI

Netverslunin nekoshop.is selur skemmtilega japanska fylgihluti. Hachi-veskið er meðal annars sniðugt en það er úr silíkoni og rúmar lykla, kortið, símann og jafnvel varalitinn. Veskin fást í sex litum. Eigandi verslunarinnar bjó í Japan um tíma og ákvað að heiðra japanska krúttísku þegar verslunin opnaði fyrir mánuði síðan en Neko þýðir köttur á japönsku.

Nýtt!

Nicorette® QuickMist munnholsúði

HVISS!

- og reykingalöngunin minnkar

Nicorette® QuickMist munnholsúðinn er nýjasta níkótínlyfið frá Nicorette og virkar á 60 sekúndum



Nicorette® QuickMist

- Úðist í munn við reykingaþörf
- 1 mg nikótín í hverjum úða
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Virkar á 60 sekúndum
- Er með mintubragði
- Hvert úðahylki inniheldur 150 úða
- Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

nicorette® auðveldar þér að hætta að reykja

nicorette® nicotin

Nicorette® QuickMist munnholsúði er nikótínlyf (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fáanlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á nikótínfíkn, til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reykt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan háþrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lifrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, æxli í nýrnahettum, magasár eða vélindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reykt eiga ekki að nota lyfið. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

10 HEILSURÁÐ
TIL AÐ AUKA VELLÍÐAN



Ebba Særún Brynjarsdóttir
Þríþrautarkona, hlaupari og þriggja barna móðir

1. Farðu jákvæð inn í daginn, það gerir allt svo miklu auðveldara.
2. Hreyfðu þig markvisst 3-5 sinnum í viku að lágmarki 30-40 mínútur í senn.
3. Eitt skot af rauðrófusafa á dag bætir og kætir.
4. Gerðu plön, skipuleggðu þig og settu þér markmið,
5. Skelltu þér í sund, það er svo hressandi.
6. Drekktu vel af vatni og borðaðu úr öllum fæðuflokkum.
7. Brostu það mikið að stundum færðu þú strengi í andlitið.
8. Veldu þér eitt fjall í mánuði og labbaðu á það.
9. Dansaðu af þér rassinn reglulega, heima eða á balli.
10. Þolinmæði, trúðu á sjálfan þig og þá getur þú það sem þig langar.

VEIN AWAY

20% afsláttur
31. maí - 7. júlí

- Dregur úr sýnileika háræðaslits á aðeins 4-6 vikum!
- Eykur blóðflæði til fóta um 26% á aðeins 4 vikum.

SKIN DOCTORS™
ÞRÓAÐ AF LÝTALÆKNUM

Lyf & heilsa
Við hlustum!



Unnur María Birgisdóttir og Arnór Már Másson í húsnæði Evolvia á Klapparstíg.

Í HEILU LAGI
MARKÞJÁLFUNARBÚÐIR FYRIR UNGMENNI Á ÍSLANDI

Unnur María Birgisdóttir og Arnór Már Másson, eigandi AM Markþjálfunar, vilja styrkja ungmenni og leiðbeina á beinar brautir í lífinu með jákvæðum og hvetjandi aðferðum.

Umræðan um unglinga á tímamótum hefur verið þó nokkur undanfarið en hún hefur að mestu verið neikvæð og lítið borið á lausnum. Málefnið er ótrúlega verðugt og brýnt. Þegar öllu er á botninn hvolft þá eru það unglingarnir sem hafa lykilinn að framtíðinni og við verðum að hlúa að þeim," segir Unnur María Birgisdóttir markþjálfi.

Markþjálfunarbúðir

Unnur María Birgisdóttir og Arnór Már Másson markþjálfarar hafa nú hafið samstarf þar sem þau bjóða upp á markþjálfunarbúðir í sumar fyrir ungmenni á aldrinum 15-16 ára. Hugmyndin að verkefninu kom upp á yfirborðið í kjölfar umræðna í fjölmiðlum um mikið brottfall unglinga úr menntaskólum. Unnur segir tvíeykið vilja bregðast við þörfinni sem virðist vera til staðar í samfélaginu og vinna á jákvæðan og uppbyggilegan hátt með ungmennum til þess að hjálpa þeim að finna sinn eigin takt í lífinu. Hún segir þau Arnór Má hafa brennandi áhuga á að vinna með ungmennum sem mörg hver fara í gegnum mikilvægt en viðkvæmt aldursskeið.

Nýtt á Íslandi

„Það er ekki boðið upp á neitt sambærilegt á Íslandi en markþjálfunarbúðirnar eru eins konar bootcamp-búðir fyrir hausinn þar sem unnið er markvisst með sjálfstraustið og samskipti og unglingum er hjálpað að taka stefnumarkandi ákvarðanir í lífinu. Markþjálfun er íslenska þýðingin á coaching en þetta er í stuttu máli ótrúlega flott verkfæri sem notað er til þess að vinna með heilbrigðu fólki," segir Unnur og bætir við að þetta verkfæri sé aðferð til þess að hjálpa einstaklingum að uppgötva styrkleika sína og ná persónulegum vexti.

Markþjálfunarbúðirnar eru sex daga námskeið sem samanstendur af fjórum kennsludögum í borginni og tveggja daga ferð út á land með gistingu og uppihaldi á gistiheimilinu Milli vina í Borgarfirði.

Markþjálfun er: Samtal, trúnaður, nálægð, viðvera, virk hlustun, jafningjar, framkvæmd, breytingarstjórnun, færni, persónulegur vöxtur.

Skráning og fleiri upplýsingar er hægt að nálgast á www.iheilulagi.is

HANNAÐU ÞÍNA EIGIN
NIKE FREE ID

Nike Free íþróttaskórnir hafa verið áberandi í sumar en þeir henta bæði dagsdaglega við hvers kyns fatnað og í sportið. Á heimsíðu Nike býðst viðskiptavinum að hanna sína eigin skó og eru ýmsar litasamsetningar í boði. Punkturinn yfir i-ið er persónulega nafnmerkingin. Hér er síðan nikeid.nike.com.

NINGS

SUMARTILBOÐ

Djúpsteiktar rækjur

Eggjanúðlur

Svínakjöt „appelsínu"

Kjúklingur „Kung Pao"

1995 á mann
verð fyrir tvo 3990
gildir aðeins fyrir tvo eða fleiri
Yasmin hrísgrjón, Soyasósa
ásamt 2l Coke fylgir með

Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00

Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði

www.nings.is | Sími: 5889899

WEDO

SVALA BJÖRGVINS ELTIR DRAUMA SÍNA Í L.A.

Svölu Björgvinsdóttur er margt til lista lagt. Söngurinn er henni í blóð borinn og hún er hamingjusömust þegar sköpunargáfan fær að njóta sín á hverjum degi. Í sumar gengur hún í hjónaband með sínum heittelskaða eftir 19 ára samband og fyrsta fatalínan hennar, KALI kemur á markað. Lífið ræddi við Svölu um brúðkaupið, tónlistina, Steed Lord og nýju tískulínuna.

Þú hefur nú búið í Los Angeles í rúmlega fjögur ár, hvernig upplifir þú glysborgina? „Ég hef verið með annan fótinn í L.A. síðan árið 2000 og þekki borgina rosalega vel og hef alltaf elskað þessa borg. Ég hef ekki beint upplifað hana sem einhverja glysborg því hérna býr alls kyns fólk, ekki bara fræga og ríka fólkið. Að sjálfsögðu er mikið af sjúklega ríku fólki hérna en svo þarftu ekki að keyra nema í 20 mínútur niður í miðbæ L.A. og þar sérðu allt aðra hlið á borginni. Þar er rosalegur fjöldi af heimilislausu fólki og fátæku fólki sem maður reynir að hjálpa á einhvern hátt. Það eru til dæmis fjórir gamlir heimilislausir karlar sem búa undir brúnni í okkar hverfi og við gefum þeim reglulega mat, hreina sokka, teppi og púða. Þetta er eitthvað sem ég get aldrei vanist og alltaf þegar ég sé svona fólk á götunni þá langar mig að hjálpa þeim."

Listamannalífið

Svala segir Los Angeles bjóða upp á allt milli himins og jarðar en hægt er að fara í fjallgöngur, á ströndina og jafnvel á skíði. „Við eigum mikið að nánum vinum í borginni og erum löngu búin að skjóta niður sterkum rótum. Hérna er alltaf gott veður og ódýrt og auðvelt að gera sér glaðan dag. Ég mæli með að þeir sem koma til L.A. í heimsókn séu hjá fólki sem hefur búið í borginni í nokkur ár því þú færð ekki rétta mynd af borginni nema þú sért meðal þeirra sem búa hérna. Annars ertu bara á Hollywood Blvd. og í einhverju túristarugli sem mér finnst persónulega hundleiðinlegt og ekkert sérstaklega áhugavert. Það eru svo margir fallegir staðir í Los Angeles sem er vert að skoða og það er hægt að upplifa borgina á mismunandi hátt."

Hvar er „heima" í þínum huga? „Heima fyrir mér er þar sem ég og maðurinn minn Einar búum saman."

Hvernig er hefðbundinn dagur í lífi Svölu Björgvins? „Mínir dagar eru mjög misjafnir. Ég vinn sem sjálfstæður listamaður og ég er alltaf að vinna við eitthvað. Það fer bara eftir því hvað er í gangi. Til dæmis núna vorum við í Steed Lord að semja lag fyrir ameríska þáttinn So You Think You Can Dance og þá fóru dagarnir í að undirbúa útgáfu lagsins og markaðssetningu, en við erum með okkar eigið plötufyrirtæki. Dagarnir eru því eiginlega aldrei eins því það er alltaf eitthvað nýtt verkefni í gangi sem maður tekur sér fyrir hendur. Það eina við að vera sjálfstæður listamaður er að maður veit aldrei hvaðan næstu laun koma. Þess vegna erum við alltaf með puttana í mörgum verkefnum til að geta lifað á listinni. En ég myndi aldrei vilja hafa þetta öðruvísi. Ég elska að geta unnið við það sem ég dýrka og dái og geta verið skapandi á hverjum degi."

Kemur það fyrir að þú saknir kuldans í hitanum og sólinni? „Já stundum sakna ég íslenska veðursins og þá sérstaklega á veturna í L.A. Veturnir í L.A. eru eins og meiriháttar heitt sumar á Íslandi. Þá sakna ég að hafa ekki brjálaðan snjóstorm og vera veðurteppt inni hjá mér. Þess vegna elska ég þegar það rignir í L.A. því það gerist eiginlega aldrei og það er alltaf svo kósý."

Ertu í einhverju sambandi við aðra Íslendinga sem eru þarna í borginni sem vinna í tónlistariðnaðinum, eins og t.d. The Charlies? „Já, ég er í fínu sambandi við aðra Íslendinga í borginni. Ein af mínum bestu æskuvinkonum, Dröfn Ösp Snorradóttir, býr bara 15 mínútum frá mér og hún flutti hingað út ári áður en ég flutti út, sem er skemmtileg tilviljun. Annars eru vinir okkar alls staðar að úr heiminum og við eigum mikið af bandarískum vinum líka. Vinahópurinn er stór og litríkur."

Hvernig kom það til að þið fluttuð til L.A. á sínum tíma? „Það var alltaf plan að flytja aftur þangað og svo kom bara sá tími að við Einar vorum tilbúin að flytja og prófa að búa í nýrri borg saman og við kýldum bara á það. Það sem auðveldaði flutning var að ég hef verið með landvistarleyfi í Bandaríkjunum síðan 1999 því ég fékk listamannafararleyfi þegar ég fór á samning hjá EMI/Priority Records á sínum tíma. Ég hef haldið þessu landvistarleyfi síðan þá og gat sett Einar, manninn minn, og bróður hans Edda á mitt leyfi og þá var lítið mál að flytja hingað. Annars er það ekki hægt ef þú ert ekki með landvistarleyfi, því miður."

Steed Lord gerir það gott

Eruð þið með umboðsmann eins og hinar stjörnurnar? „Já, við höfum verið með nokkra umboðsmenn, alla frábæra. Síðastliðin tvö ár hefur Einar, maðurinn minn og meðlimur í Steed Lord, verið umboðsmaður okkar. Hann hefur verið að gera svakalega góða hluti með bandið því hann er svo vel tengdur og svo mikill drifkraftur í honum."

Hvaða tónleikar Steed Lord standa upp úr? „Það eru margir æðislegir tónleikar sem standa upp úr. Ef ég á að nefna eina sem voru trylltir þá voru þeir í Seattle og það voru nokkur hundruð manns og allir sungu við lögin okkar og Íslendingur úr áhorfendahópnum hljóp upp á svið með risastóran íslenskan fána. Það var frábært og skemmtileg uppákoma."

Hvað er fram undan hjá ykkur Steed Lord? „Við erum að fara spila mikið á þessu ári. Kynna plötuna okkar, The Prophecy part 1, sem kom út í desember í fyrra. Við erum að fara að mynda tvö ný tónlistarmyndbönd fyrir Steed Lord og einnig að gera tónlistarmyndbönd fyrir aðrar hljóm-

Ég ákvað að hanna föt sem mig sjálfri langar að klæðast í þannig að línan er algjörlega minn persónulegi stíll. Minn innblástur fyrir þessari fyrstu línu var karakterinn Elvira sem Michelle Pfeiffer lék í Scarface og Pris sem Darryl Hannah lék í Blade Runner.

STARF
Söngkona og fatahönnuður

ALDUR 36 ára

HJÚSKAPARSTAÐA
Trúlofuð - mun gifta sig í sumar.

MYND/EINAR EGILSSON. MAKUP/MANDY. STÍLISTI/SVALA BJÖRGINVS

Uppáhalds

MATUR?
Indverskur matur

DRYKKUR?
Pepsi með fullt af klökum

VEITINGAHÚS
Cafe Agra í LA…indverskur staður…geðsjúkur

VEFSÍÐA
Stockholm Streetstyle og Ebay

VERSLUN
Ebay

HÖNNUÐUR
Moonspoon Saloon

HREYFING
Fjallganga í Los Angeles

DEKUR
Manicure og pedicure

HÚÐ & HÁR

Kynningarblað FÖSTUDAGUR **21. JÚNÍ 2013**

Greiðslurnar í sumar

Lágt settir snúðar, skásettir toppar og afturhvarf til sjöunda áratugarins.
SÍÐA 2

Verjum húðina

Notkun sólarvarna er gríðarlega mikilvæg til að koma í veg fyrir bruna og krabbamein.
SÍÐA 2

Hirtu um hárið

Vel má hirða um hárið með nokkrum vel völdum hráefnum sem til eru í flestöllum eldhúsum.
SÍÐA 6

MUNUM EFTIR AÐ BERA SÓLARVÖRNINA Á Í SUMAR

Sólarvörn er gríðarlega mikilvæg til að hindra bruna og húðkrabbamein sem stafa af UV-geislum sólarinnar. Rétt val á SPF-stigi fer eftir húðgerð, hversu oft sólarvörnin er borið á, hvaða iðju á að stunda í sólinni og hve mikið er borið á í hvert skipti. Bera þarf þykkt lag af sólarvörninni á líkamann reglulega.

Valið á sólarvörn ræðst af því hve langan tíma það tekur húðina að brenna án varnar. Ef húð verður rauð eftir 20 mínútur í sól og notuð er sólarvörn nr. 15 er gert ráð fyrir að hægt sé að vera 15 sinnum lengur í sólinni án þess að brenna ef vörnin er notuð.Þessu viðmiði þarf þó að taka með fyrirvara. Sólarvörnin getur t.d. farið af vegna svita eða vatns og styrkur sólar yfir daginn er mismikill.

Framleiddar hafa verið sólarvarnir upp í 70 og 100 í SPF-stigi en talið er að þessar tölur séu til þess gerðar að rugla neytandann. Hefur ESB til

Mikilvægt er að bera nóg af sólarvörn á allan líkamann.

dæmis bannað sólarvarnir yfir 50 stigum. Ástralar hafa bannað sólarvarnir yfir 30 stigum.

Sólarblokk er krem með málmefnum sem truflast ekki við sólarljós og passa að engir UV-geislar komist að húðinni. Ekki eru til lífrænar sólarblokkir. Sólarvarnir verða að endast í þrjú ár samkvæmt ESB og reglugerð Bandaríkjanna. Sólarvörn getur haft fleiri góð áhrif, því rannsóknir yfir síðustu fjögur ár hafa sýnt að dagleg notkun sólarvarna getur hægt á hrukkumyndun í húðinni.

High Protection Moisturizing Fluid SPF 30 Pa+++

Dagleg meðferð með styrktri sólarvörn sem verndar húðina gegn skaðlegum sólargeislum (UVA og UVB) og mengun til að vinna gegn sjáanlegum merkjum ótímabærrar öldrunar húðarinnar. Endingargóð og öflug rakagjöf. Létt krem sem umvefur húðina og gerir hana mjúka og þægilega. Inniheldur E og C-vítamín.

Fæst á snyrtistofum um land allt.

académie PARIS scientifique de beauté

1

Lágt settur hnútur. Af vor- og sumartískusýningu Ralphs Lauren.



2

Skipt í miðju. Af vor- og sumarsýningu Ralphs Lauren.



3

Skásettur toppur. Af vor- og sumartískusýningu Unique.

Greiðslurnar í sumar

Vinsælar greiðslur fyrir sumarið eru af margvíslegu tagi. Þeirra á meðal eru lágt settir snúðar, skásettir toppar og afturhvarf til sjöunda áratugarins.

1

Lágt settir snúðar

Ballerínusnúðurinn var vinsæll á síðasta ári en í ár er það lágt settir snúðar sem eru aðalmálið. Fallegt er að hafa hárið alveg slétt en einnig er skemmtilegt að hafa snúðinn aðeins tætingslegan.

2

Skipt í miðju

Hliðarskiptingin hefur ráðið ríkjum síðustu ár en nú þykja miðjuskiptingar ásættanlegar hjá tískumeðvituðum á ný. Þær má nota samhliða ýmsum greiðslum, til dæmis með lágt settum snúðum eða lágt settu tagli sem einnig hefur hlotið náð fyrir augum tískulöggunnar. Áberandi hárgreiðslustefna á tískusýningum fyrir vorið og sumarið.

3

Skásettir toppar

Í mótsögn við miðjuskiptinguna er öfgakenndur skásettur toppur. Skiptingin ætti að sitja sem næst hvirflinum og liggja á ská yfir ennið til að móta dramatískt útlit.

4

Sixtís

Hárgreiðslur sjöunda áratugarins eiga afturkomu sumarið 2013 ef marka má ýmsar tískuvefsíður sem spá fyrir um strauma og stefnur.

5

Blautt og tjásulegt

Í fyrra var bæði í tísku að vera með sleikt blautt hár og tjásulegt hár. Í ár hafa þessar greiðslur sameinast í eina. Til að fá rétta útlitið er hárið sleikt aftur frá enni með til þess gerðum efnum en endar hársins eru ýfðir.

4

Sixtísgreiðsla. Af vor- og sumartískusýningu Moschino.

5

Blautt að ofan, tjásulegt að aftan. Af vor- og sumartískusýningu Alberta Ferretti.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmenn auglýsinga:** Bryndís Hauksdóttir, s. 512 5473, bryndis@365.is | **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

Börn elska að bera Proderm á húðina

Proderm er froða og er því helmingi drýgri en venjulegt sólarkrem, hún er auk þess langvirk og þess vegna er mikill sparnaður í notkun hennar. Proderm-froðan er mjúk og einstaklega þægilegt að bera hana á sig, hún smýgur fljótt inn í húðina og er laus við fitu, klístur og allan glans.

Proderm KIDS SPF30
hefur hæstu mögulegu vörn sem hægt er að fá gegn UVA, 5 stjörnur. Sólarvörnin er framleidd í samvinnu og eftir ráðleggingum færustu húðlækna, SPF30 uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru.

Proderm SPF30 KIDS
er sérstaklega vatnsþolin fyrir börn frá 6 mánaða aldri og veldur ekki ertingu í augum. Proderm inniheldur engin paraben, engin ilm- eða litarefni, enga nanótækni eða jarðhnetuefni.

Langvirk sólarvörn þróuð fyrir viðkvæma norræna húð

BÄST-i-TEST.se

Proderm-sólarvörn hefur fengið frábæra dóma og hlotið margar viðurkenningar í Svíþjóð. Proderm hentar vel fyrir alla fjölskylduna, hvort sem er í slökun, í garðinum, í sundi eða á ströndina. Proderm-sólarvörn er mikið notuð af afreksíþróttafólki sem þarf hámarksvörn við erfiðustu aðstæður.

Proderm-sólarvörnin er sænsk uppfinning sem er sérstaklega þróuð fyrir viðkvæma norræna húð. Einkaleyfisvernduð formúlan myndar rakafyllta vörn í dýpsta hornlagi húðarinnar sem styrkir varnir húðarinnar og ver húðina langvirkt tímunum saman. Sólarvörnin þolir vel vatn og svita. Hægt er að þurrka sér með handklæði án þess að vörnin fari af eða nuddist í fatnað.



Proderm hefur verið valin besta sólarvörnin í óháðum prófunum

Gerður var samanburður við níu þekkt merki í óháðum prófunum sem stóðu yfir í heilt ár við ólíkar aðstæður, á sólarströnd, í heitum eyðimerkursandi þar sem vindasamt var, í sjósundi og í klettafjallgöngum. Mörg erlend tímarit hafa valið Proderm bestu sólarvörnina og besta kremið eftir sól. Proderm er vörn gegn UVB- og UVA-geislum og veitir hámarksvörn gegn húðskaða og húðöldrun.

Vitiligo húðsamtökin

Sænsku Vitiligo húðsamtökin hafa útnefnt Proderm sem öruggustu sólarvörnina fyrir meðlimi sína.

Vitiligo eru hvítir húðflekkir sem myndast þar sem litarfrumur vantar í húðina. Þeir sem eru með slíka bletti þurfa örugga vörn eins og Proderm SPF 30 sem hefur hlotið meðmæli húðlækna.

Óþarfi að láta sólina elda húðina

Ekkert eldir húðina jafn mikið og skaðlegir sólargeislar, sólarvörn er sérstaklega nauðsynleg þegar lofthiti er ekki mikill eða húðin orðin vel brún. Proderm heldur húðinni mjúkri þótt verið sé í sól vikum saman. Hún lagar húðþurrk fljótt og vel. Gott fyrir þá sem hafa farið í leisermeðferðir eða eru með sólarbletti eða ör. Ekki má gleyma að bera á varirnar sem verða silkimjúkar því vörnin fer ekki af þótt matar sé neytt eða varalitur settur yfir. Vörnin er sömuleiðis frábær í hársvörðinn til að vernda hárið og strípur í mikilli sól.

Þekktir förðunarfræðingar sem vinna við kvikmyndaupptökur mæla með og nota Proderm sem grunn undir alla förðun við kvikmyndatökur.

Íþróttafólk og ofurhugar nota Proderm

Sundkeppnisfólk, pólfarar, siglingakappar, golfarar og fleiri bera lof á hversu Proderm reynist við erfiðustu aðstæður. Íslenskir róðrarsiglingarkappar sem róa frá Noregi til Íslands í heilan mánuð völdu Proderm-sólarvörnina, sem ver húðina einnig gegn sjávarseltu og núningi.

Umbúðirnar eru bakteríuheldar og því þránar sólvörnin ekki og óþarfi að henda afgöngum.
Proderm After Sun gefur mikla og langvirka kælingu eftir heitan sumardag, mýkt og raka og er með kælandi aloe vera og kamillu. Hún fær mikið lof húðfræðinga og hefur verið valin besta fáanlega kremið eftir sól. Frekari upplýsingar á www.proderm.is

Rauðhærðir verða sólbrúnir

Grunnformúlan í Proderm er læknisfræðilega skráð. Proderm veitir hámarksvörn gegn sólarexemi og ver húðina svo vel að ljós, viðkvæm og rauðbirkin húð nær því að verða fallega brún, mjúk og rakafyllt án þess að fá neinn roða eða bruna. Margir hafa orðið brúnir í fyrsta skipti þegar þeir byrjuðu að nota Proderm-sólarvörn. Óháð könnun leiddi í ljós að Proderm nýtur yfir 80% viðskiptatryggðar.

EGF-húðvörurnar veita vellíðan og betra útlit

EGF-húðvörurnar frá Sif Cosmetics nýta náttúrulegar leiðir húðarinnar til endurnýjunar og viðhalds. Þær innihalda EGF-frumuvaka sem er prótein náttúrulegt húðinni og virkar sem lykill að endurnýjunarferli húðfrumnanna.

Styrkur EGF í húðinni minnkar með aldri en með því að bera hann á húðina er hægt að bæta upp að hluta það sem tapast með árunum. Þannig vinna EGF-húðvörurnar gegn öldrun húðarinnar, minnka hrukkur og fínar línur, jafna litarhaftið og gefa húðinni unglegra yfirbragð.

Einstök erfðatækni

ORF Líftækni, sem er móðurfyrirtæki Sif Cosmetics, hefur í yfir tíu ár þróað einstaka erfðatækni sem gerir kleift að framleiða EGF-frumuvakann í byggi.

Tæknin byggir á því að á rannsóknastofu er smíðað bygg-gen sem segir byggfræinu hvernig á að búa til EGF sem er nákvæmlega eins og það EGF sem er í húðinni. Þessu geni er komið fyrir í byggi sem er ræktað í hreinum Hekluvikri í hátæknigróðurhúsi ORF Líftækni í Grindavík. Eftir uppskeru er EGF-frumuvakinn hreinsaður úr byggfræjunum með líftæknilegum aðferðum og notaður í EGF-Húðdropana og aðrar EGF-húðvörur.

Seljast vel í vélum British Airways

Á þennan hátt hefur Sif Cosmetics tekist að búa til einstakar húðvörur á heimsmælikvarða sem hafa notið fádæma vinsælda notenda, hér heima og erlendis. Sem dæmi má nefna að Húðdroparnir eru ein mest selda snyrtivaran í hinni frægu lífsstílsbúð Colette í París, Magasin du Nord í Kaupmannahöfn og Selfridges í London. Samkvæmt frétt breska síðdegisblaðsins Evening Standard í vikunni eru þeir einnig fyrsta snyrtivaran til að seljast betur en áfengi og tóbak í flugvélum British Airways.

Góðar eftir sólina

Þótt meirihluti landsmanna hafi lítið séð til sólar það sem af er sumri þá er fram undan sá tími þegar helst er hægt að njóta geisla hennar á Íslandi. Þá er mjög mikilvægt að huga vel að umhirðu húðarinnar og ekki síst skiptir gott „after-sun“ miklu máli. Vegna græðandi eiginleika EGF-frumuvakans í EGF-húðvörunum eru fáar vörur betur til þess fallnar að bera á sig eftir veru í sólinni.

Á rannsóknastofu er smíðað bygg-gen sem segir byggfræinu hvernig á að búa til EGF sem er nákvæmlega eins og það EGF sem er í húðinni.

MYND/SIF COSMETICS

EGF-HÚÐNÆRING HENTAR VEL FYRIR ÁLAGSSVÆÐI Á LÍKAMANUM

EGF-Húðnæring er húðvara sem er áþekk EGF-Húðdropunum en er sérstaklega þróuð fyrir líkamann. Hún inniheldur einnig EGF-frumuvaka og er þess vegna líka mjög græðandi og hentar mjög vel til að bera á líkamann að loknu sólbaði. EGF-Húðnæringin er einnig mjög góð til að bera á álagssvæði og á þurra og sprungna húð, svo sem á hendur, fætur, hné og olnboga. Í prófunum hefur meðal annars komið fram að hún gerir nánast kraftaverk fyrir sprungna og þurra hæla.

EGF-HÚÐDROPA ER BEST AÐ NOTA DAGLEGA

Vinsældir EGF-Húðdropanna eru fyrst og fremst til komnar vegna þeirra einstöku áhrifa sem þeir hafa á húðina. Þeir innihalda hærri styrk af EGF en aðrar EGF-vörur, eru mjög græðandi og rakagefandi og innihalda fá og hrein innihaldsefni. Best er að nota þá daglega en þeir henta einnig einstaklega vel til að bera á húðina eftir sólbað. Eftir of langan tíma í sólinni getur verið gott að bera EGF-Húðdropana á andlitið nokkrum sinnum á dag, til að aðstoða húðina við að jafna sig.

KRISTÍN BJARNADÓTTIR

flugfreyja hefur notað EGF-húðvörurnar að staðaldri í þrjú ár.

„EGF-Húðdroparnir slétta húðina, minnka grófleikann og þétta hana. Þeir minnka litamuninn og gefa jafnari áferð. Eftir að ég hafði notað dropana í nokkurn tíma minnkaði þörfin á að nota undirlag undir farða,“ segir Kristín.

„Ég hef einnig notað Húðdropana á sóríasisbletti með frábærum árangri. EGF-Dagkremið nota ég alltaf eftir ræktina og eftir sund sem rakagjafa yfir daginn og Húðnæringuna nota ég á háls, bringu, barm og maga. Húðnæringin gerir algjört kraftaverk. Hún stinnir húðina mjög mikið á þeim stöðum sem á þurfa að halda. Mér finnst líka mjög góður kostur að vörurnar eru nánast lyktarlausar og þær erta ekki húðina. Ég sá strax mun á húðinni eftir að ég fór að nota EGF-vörurnar. Nú eru vinkonurnar allar orðnar áskrifendur að vörunum og ég er líka dugleg að gefa vörurnar í gjafir.“

- Svansmerkt
- SPF 30
- Án parabena, ilm- og litarefna
- Vatnsfráhrindandi

DECUBAL-VÖRURNAR FÁST EINUNGIS Í APÓTEKUM.

Decubal-sólarvörn fyrir þurra og viðkvæma húð

Decubal-sólarvörn er sérstaklega ætluð fyrir þurra, mjög þurra og viðkvæma húð. Hún gefur húðinni mikinn raka og næringu en fituinnihald hennar er 41%.

Decubal 2 in 1 Sun Spray
er Svansmerkt sólarvörn með háum varnarstuðli, SPF 30, sérstaklega ætluð fyrir þurra, mjög þurra og viðkvæma húð.
Sólarvörnin veitir góða vörn gegn skaðlegum geislum sólarinnar og gefur húðinni mikinn raka og næringu en fituinnihald hennar er 41%.

Decubal 2 in 1 Sun Spray
inniheldur Aloe Vera sem gefur raka og róar viðkvæma húð. Inniheldur einnig E-vítamín sem styrkir varnir húðarinnar og hjálpar henni að verjast UVA- og UVB-geislum.
Sólarvörnin er án parabena, ilm- og litarefna og hefur vatnsfráhrindandi eiginleika.
Hentar bæði fyrir börn og fullorðna.

Karen Elva Smáradóttir, markaðsfulltrúi heilsuvara og lausasölulyfja hjá Actavis, segir að Decubal-húðvörulínan hafi verið á markaði í meira en fjörutíu ár og sérstaklega þróuð fyrir norræna húð í samvinnu við húðsjúkdómalækna. Decubal-sólarvörnin er Svansmerkt og án parabena, ilm- og litarefna.

„Decubal 2 in 1 Sun Spray er eina sólarvörnin, mér vitanlega, sem er öflugt rakakrem meðfram því að vera frábær vörn gegn hættulegum geislum sólarinnar. Hana má nota jafnt fyrir börn og fullorðna. Hún er einstaklega góð fyrir þá sem eru með viðkvæma eða mjög þurra húð," segir Karen og bætir við að hún henti sérstaklega vel þeim sem eru með exem eða sóríasis.

Sólarvörnin inniheldur Aloe vera sem nærir og róar viðkvæma húð og E-vítamín sem styrkir varnir húðarinnar og hjálpar henni að verjast UVA- og UVB-geislum.

„Decubal-sólarvörnin er í spreyformi og því auðvelt að bera hana á líkamann. Sólarvörnin hefur vatnsfráhrindandi eiginleika og er því góð fyrir þá sem eru mikið í sundi eða sjó. Allar vörur í Decubal-línunni eru án helstu skaðlegu aukefna og henta flestum sem glíma við þurra og viðkvæma húð," segir Karen.

Decubal 2 in 1 Sun Spray er með háan varnarstuðul, 30 SPF, en mælt er með þeim styrkleika eða hærri fyrir þá sem eru með viðkvæma húð.

Hirtu um hárið heima

Internetið er stútfullt af ráðum er varða hárumhirðu. Þessi ráð eru yfirleitt einföld auk þess sem notast er við hráefni sem finna má í eldhúsum flestra. Hér eru nokkur slík ráð.

- Blandið saman í jöfnum hlutföllum volgu vatni og eplaediki, berið í hárið. Skolið vandlega eftir fimm mínútur til að losna við lyktina af edikinu. Þetta á að gefa létt og lipurt hár.
- Blandið 3 msk. af matarsóda í vatn. Skolið hárið með blöndunni eftir að hárið hefur verið þvegið. Látið bíða í 5 mínútur áður en hárið er skolað. Þessi meðferð á að fjarlægja allt sjampó sem orðið hefur eftir svo og aðrar hárvörur.
- **Ólífuolía** þykir frábær næring fyrir hárið. Einnig er hægt að blanda hunangi við olíuna til að fá enn meiri og betri glans á hárið. Aðeins þarf litla skál af ólífuolíu, notið hendurnar til að nudda olíunni í enda hársins og miðhluta þess. Þvoið með sjampói tveimur tímum síðar.
- Sleppið heitum sturtum. Heitt vatn gerir hárið þurrt og stökkt því náttúruleg fita hársins hverfur. Veljið heldur volgar sturtur sem eru nær líkamshita.
- Notið heilt **egg** sem hárnæringu. Notið hálfan bolla af hrærðu eggi, annaðhvort aðeins eggjahvítu eða allt eggið, og berið í hreint, rakt hárið. Látið bíða í 20 mínútur og hreinsið með köldu vatni. Fyrir þurrt og stökkt hár er gott að nota aðeins eggjahvítuna.
- Blandið 1 bolla af venjulegri hárnæringu saman við 2-3 msk. af hunangi. Berið blönduna jafnt í blautt hár. Bíðið í hálftíma og skolið vel. Með þessu er ætlunin að koma í veg fyrir hárlos og gefa hárinu glans.
- Möndluolía á að vera góð til að meðhöndla þurrt og skemmt hár. Aðferðin er einföld. Hellið smá möndluolíu í skál og hitið í 40 sekúndur. Dreifið blöndunni jafnt í hárið og bíðið í hálftíma. Þvoið hárið á vanalegan máta með sjampói og hárnæringu en notið kalt vatn.
- Með furðulegri ráðum er kannski það að væta hárið í **bjór**. Þá á að nudda hársvörðinn í tuttugu mínútur og skola vel til að lykta ekki eins og bjórtunna. Til að fá sem bestan árangur er bent á að gera þetta einu sinni í viku.
- Eftir hárþvott er gott að setja eina msk. af **sítrónusafa** í hárið. Síðan er hárið þurrkað með handklæði.
- Til að viðhalda náttúrulegu hári má ekki þvo hárið of oft. Mælt er með að þvo hárið á tveggja til þriggja daga fresti.
- Ekki er mælt með að nota blásara til að þurrka hárið, betra sé að láta hárið þorna að sjálfu sér. Ef blásarinn er notaður á að nota lága hitastillingu.

Undirbúðu húðina fyrir sumarið

Það er mikilvægt að undirbúa og viðhalda góðri húð á sumrin. Prófaðu fullkomnaða uppskrift að góðum undirbúningi til að fá húðina til að ljóma í sumar með Blue Lagoon Skin Care-húðlínunni.

Bláa Lónið býr að einstökum náttúrulegum hráefnum, kísil, steinefnum og þörungum, sem eru uppistaðan í húðvörum frá Blue Lagoon. Notast er við það sem náttúran færir á hreinan og öruggan hátt til að veita heilsu, vellíðan og fegurð.

Blue Lagoon-þörungar virka gegn öldrun húðar, þeir draga úr niðurbroti húðarinnar og örva náttúrulega myndun kollagens.

Blue Lagoon-kísill verndar húðina með því að styrkja varnarlag hennar. Kísillinn er lykilþáttur í að viðhalda heilsu og útgeislun húðarinnar.

Blue Lagoon-steinefni eru mikilvægur hluti af Blue Lagoon-húðvörunum því þau endurnæra og viðhalda jafnvægi húðarinnar.

Dagleg húðhreinsun skiptir miklu máli fyrir fallega húð. Hér er fullkomin þrenna til að ljóma í sumar með Blue Lagoon Skin Care.

Frábær undirbúningur fyrir sjálfbrúnku eða sólbað:

1. Hreinsið andlitið með Mineral Foaming Cleanser. Berið á rakt andlit, nuddið lauslega og hreinsið með vatni.

2. Nuddið Mineral Face Exfoliator með léttum hringlaga hreyfingum á andlitið, utan augnsvæðis. Hreinsið af með volgu vatni.

3. Berið ríkulegt magn af Silica Mud Mask á andlit og háls en forðist að bera á augnsvæðið. Látið liggja á húðinni í 5 til 10 mínútur. Hreinsið af með volgu vatni.

4. Berið viðeigandi Blue Lagoon-krem á andlit og háls til að næra og gefa húðinni raka.

BLUE LAGOON SKIN CARE

Anti-aging day cream, fullkominn ferðafélagi

Anti-aging day cream dregur úr myndun og sýnileika á fínum línum og hrukkum, veitir fallegt yfirbragð og útgeislun, SPF 15.

BLUE LAGOON
ICELAND

SÓLBRÚNKA OG BRUNI

Sólbrúnka er síður en svo hraustleikamerki heldur einkenni sólskaða á húðinni. Húðsjúkdómalæknar mæla með því að fólk klæðist hlífðarfatnaði og noti sólgleraugu og sólarvörn.

Útfjólublár geislar sólarinnar örva litfrumur í húðinni svo þær mynda litarefnið melanín. Melanín ver húðina gegn þessum sömu geislum. Fólk með mjög dökka húð, mikið af melaníni, á hundraðfalt síður á hættu að fá húðkrabbamein en fólk með mjög ljósa húð.

Hætta á sólbruna er fyrir hendi þrátt fyrir að skýjað sé en um 30 til 50 prósent útfjólublárra geisla sólar ná í gegnum skýin.

Meiri hætta er á sólbruna þegar vindur blæs þar sem við finnum þá síður fyrir geislum sólarinnar og hitanum.

Hætta á sólbruna margfaldast nærri sjó og snjó vegna endurkasts.

Sólargeislun er sterkust milli klukkan 10 og 16 á daginn.

Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands

KÖLD STURTA GERIR GOTT FYRIR HÚÐ OG HÁR

Það er gamalt ráð að í lok sturtunnar þyki það gott fyrir húð og hár að setja á kaldan straum í um það bil 30 sekúndur. Það hefur sýnt sig og sannað að með kalda vatninu lokast svitaholurnar og eru tregari að hleypa fitu og óhreinindum inn í húðina. Í hársverðinum helst fitan einnig lengur í burtu og ekki þarf að þrífa hárið eins oft. Hárið verður einnig glansandi og lítur út fyrir að vera heilbrigt í lengri tíma á milli þvotta.

EINFALDUR HEIMAGERÐUR ANDLITSMASKI

Uppskrift að einföldum og góðum maska sem tekur aðeins nokkrar mínútur að búa til og allt hráefnið ætti að vera til á heimilinu.

Hráefni

2 msk. hafrar

2 msk. heitt vatn eða rjómi

½ msk. hunang

Byrjað er á því að setja hafrana í blandara þangað til að þeir eru orðnir vel saxaðir. Hafrarnir eru síðan hrærðir saman við vatnið og hunangið og blandan látin standa í fimm mínútur.

Andlitið þarf að þvo vel áður en maskinn er borinn á andlitið í kringum munninn og augun. Maskinn á að vera á í tíu mínútur. Taktu maskann af með volgum þvottapoka og berðu rakakrem á andlitið eftir á. Haframaskar fjarlægja dauðar húðflögur og hjálpa til við pirring í húðinni. Maskinn skilur eftir sig mjúka og raka húð.

sveitir, sem er svakalega gaman. Hugsanlega verður Steed Lord með fleiri lög í So You Think You Can Dance-þættinum. Einnig munum við semja ný lög bæði fyrir Steed Lord og aðra tónlistarmenn, sem er mjög skemmtilegt. Svo eru fleiri spennandi hlutir í gangi sem ég get ekki alveg sagt frá að svo stöddu.“

Draumabrúðkaupið fram undan

Hvernig hefur gengið að skipuleggja brúðkaup á Íslandi frá öðru landi? „Sem betur fer á hafa foreldrar mínir og tengdapabbi minn og tengdamóðir verið að skipuleggja og plana. Við tökum reglulega Skype-fundi þar sem við segjum hvað við fílum og hvað ekki. Við erum mjög heppin að hafa þau til að græja allt og plana. Hefðum aldrei getað gert þetta annars.“

Ertu búin að finna brúðarkjólinn? Hvernig er hann og tók það langan tíma? „Já ég keypti brúðarkjólinn á Ebay fyrir 8 árum. Ég sá hann þar og hugsaði „best að kaupa þennan kjól ef ég gifti mig einhvern tímann“. Mér fannst þetta bara einn sá fallegasti brúðarkjóll sem ég hafði séð. Hann er ónotaður en samt frá 1979. Það var enn þá gamall verðmiði inni í honum og allt. Hann kostaði mig samt bara $40 sem er bara djók. Kjóllinn er kremhvítur og úr silki-jersey. Svo verð ég með slör og í mjög háhæluðum skóm, því maðurinn minn er mjög hávaxinn og ég er pínkulítil.“

Hvernig verður brúðkaupið og hvar verður veislan? „Við ætlum að gifta okkur í sömu kirkju og mamma mín og pabbi, í Landakotskirkju. Ég var alin upp í kaþólskri trú því mamma og öll hennar fjölskylda eru kaþólsk. Ég á margar fallegar og góðar minningar frá Landakotskirkju og mig hefur alltaf langað að gifta mig í sömu kirkju og foreldrar mínir.“

Eruð þið á leiðinni í brúðkaupsferð eftir brúðkaupið? „Já, hugsanlega. Okkur langar að fara til Havaí. Við höfum aldrei farið þangað og við ætlum að stefna á brúðkaupsferð þangað í september eða þegar við höfum næst tíma.“

Hafið þið Einar hugleitt barneignir? „Já, okkur langar að fjölga mannkyninu. Það gerist bara þegar það á að gerast.“

Eltir ekki tískustrauma

Þú varst kosin best klædda kona Íslands af Fréttablaðinu í fyrra, hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum? „Minn stíll er fjölbreytilegur og ávallt skemmtilegur. Ég klæði mig alveg nákvæmlega eins og mér sýnist, hef alltaf verið þannig og mun alltaf vera þannig. Ég elti ekki tískutrend og vil helst alltaf vera í fötum sem enginn klæðist og enginn getur keypt heldur. Hef alltaf viljað líta út öðruvísi en allir aðrir.“

Lumar þú á einhverjum tískuráðum sem þú vilt deila? „Klæddu þig í það sem þú fílar. Ekki pæla í hvað öðrum finnst um þig og þinn fatastíl. Mér finnst að þegar maður klæðir sig í föt þá á það að gleðja mann og láta manni líða vel. Þetta eru bara föt og maður á að hafa smá húmor fyrir tísku.“

Ef gluggað yrði í fataskápinn þinn, af hverju er áberandi mikið? „Gullefni, pallíettur, fjaðrir, silki, munstruð og litrík föt. Búningar, samfestingar, síðkjólar, 90% vintage föt, rosalega mikið af skóm og skarti. Stórt safn af höttum og 80´s sundbolum.“

KALI-fatalínan verður að veruleika

Nú ertu að koma með þína eigin fatalínu með haustinu, er hönnuður í blóðinu? „Ég hef alltaf saumað á mig föt alveg síðan ég var unglingur. Ég sauma mikið af mínum eigin búningum með Steed Lord. Hef alltaf elskað að sauma og hanna föt. Og þegar ég fékk tækifæri til að koma með mína eigin fatalínu þá varð ég ▶

Myndaalbúmið

Svala lítil • Systkinin Krummi og Svala • Í fangi föður síns Björgvins Halldórssonar • Fjölskyldan á góðri stund.

Þetta var algjörlega súrrealísk upplifun. En samt falleg á furðulegan hátt því við lifðum þetta af. Stundum finnst mér einsog þetta hafi ekki gerst og ég hafi bara dreymt þetta. En síðan sé ég öll örin á Einari og þá rennur það alltaf upp fyrir mér að þetta gerðist í alvörunni.

▶ bara að stökkva á það. Og rosalega þakklát fyrir það tækifæri."

Hver er hönnunaráherslan og fyrir hverja er línan? „Ég ákvað að hanna föt sem mig sjálfa langar að klæðast þannig að línan er algjörlega minn persónulegi stíll. Ég myndi segja að línan sé fyrir konur á öllum aldri sem vilja standa út úr hópnum og vera í „unique" fötum. Ég er með litríkar flíkur og svo líka með svartar klassískar flíkur. Minn innblástur fyrir þessa fyrstu línu var karakterinn Elvira, sem Michelle Pfeiffer lék í Scarface, og Pris, sem Darryl Hannah lék í Blade Runner."

Hvað heitir nýja fatalínan og hvar er hún framleidd? „Línan heitir KALI, sem er listamannanafnið mitt og hefur verið síðan Steed Lord varð til í janúar 2006. Öll línan er framleidd í Los Angeles til að byrja með. Það eru átta flíkur í þessari fyrstu fatalínu."

Ertu að hanna í samvinnu við einhverja aðra? „Ég er með fjárfesta sem styður mig fjárhagslega að gera þessa fatalínu en ég er sú sem hanna hana algjörlega sjálf. Svo er ég með manneskju sem sér um að búa til sniðin fyrir mig og við vinnum í sameiningu við það."

Hvar getur fólk svo nálgast flíkurnar? „Fatalínan mín KALI verður til sölu á nýrri vefbúð sem heitir Lastashop.com og hún mun vera með eingöngu íslenska hönnun. Þessi vefbúð er staðsett í Los Angeles en við sendum auðvitað um allan heim. Búðin opnar á netinu seinna í sumar og verður með hönnun frá Ziska, Munda og fleirum."

Hvenær er fatalínan væntanleg á markað? „Við erum að fara í framleiðslu eftir nokkra daga og gerum svo „lookbook" og alla markaðsvinnu. Þannig að línan verður væntanleg seinna í sumar."

Slysið sem breytti lífinu

Þið Einar lentuð í bílslysi fyrir einhverjum árum síðan, hversu alvarlegt var það? „Það var mjög alvarlegt. Við vorum fimm manns í bílnum, ég, Einar og bræður hans tveir, Elli og Eddi. Pabbi þeirra var að keyra. Það kom bíll úr gagnstæðri átt á 100 km hraða og bílstjórinn missti stjórn á bílnum sínum og lenti beint framan á okkar bíl á Reykjanesbrautinni morguninn 9. apríl 2008. Við lentum öll á spítala á gjörgæslu. Við slösuðumst öll lífshættulega nema pabbi þeirra. Einar var á spítala í fjóra mánuði og fór í nokkrar aðgerðir. Eddi fór líka í aðgerðir og við tvö fengum innvortis blæðingar og brotin bein. Það munaði mjög litlu að bæði Einar og Eddi hefðu látið lífið. Þetta var algjörlega súrrealísk upplifun en samt falleg á furðulegan hátt því við lifðum þetta af. Stundum finnst mér eins og þetta hafi ekki gerst og mig hafi bara dreymt þetta. En síðan sé ég öll örin á Einari og þá rennur það alltaf upp fyrir mér að þetta gerðist í alvörunni."

Telur þú að slysið hafi breytt þér að einhverju leyti? „Já þetta breytir manni andlega og auðvitað líkamlega, sérstaklega þegar maður slasast alvarlega. Það er kannski klisjulegt að segja þetta en maður lítur á lífið öðruvísi og er þakklátur fyrir að vera á lífi. Þetta líf er svo viðkvæmt og við verðum að muna að njóta augnabliksins. Vera góð hvert við annað og láta gott af sér leiða. Elta sína drauma og lifa lífinu í botn."

Ertu hrædd þegar þú sest upp í bíl í dag? „Já, ég hef ekki keyrt ein bíl síðan við lentum í slysinu og ég er mjög bílhrædd ef Einar er ekki að keyra. Vonandi kemst ég yfir það einn daginn."

Hverja telur þú vera þína helstu styrki? „Ég er svakalega tryggur vinur og ég elska heitt og mikið."

Hver er þín fyrirmynd í lífinu? „Foreldrar mínir og Krummi bróðir. Þau hafa kennt mér svo mikið og mótað mig. Þau eru alltaf til staðar og skipta mig gríðarlega miklu máli."

Heldurðu að þú flytjir aftur til Íslands einhvern daginn? „Það er aldrei að vita. Ég hugsa ekki langt fram í tímann. Akkúrat núna vil ég búa í L.A. og líður afskaplega vel hérna. Ég elska Ísland alltaf en ég vil frekar búa hérna í dag," segir Svala Björgvinsdóttir.

Draumabrúðkaupið framundan

GIFTING Svala Björgvins giftir sig í sumar en bónorðið segir hún hafa verið einstaklega fallegt og mjög persónulegt. Eftirvæntingin er mikil eftir 19 ára samband og segist hún ekkert vera stressuð því þau Einar séu ein og þau hafi verið gift í allan þennan tíma. Tilhlökkunin er mikil að hitta vini og vandamenn í brúðkaupinu í sumar.

UNDIRBÚNINGURINN Skipulagningin erlendis hefur gengið vel en foreldrar og tengdaforeldarar Svölu hafa verið þeirra stoð og stytta. Svala segir þau ræða saman á Skype reglulega til að fara yfir stöðuna en án þeirra yrði brúðkaupið aldrei að veruleika á Íslandi.

BRÚÐARKJÓLINN „Ég keypti brúðarkjólinn á Ebay fyrir 8 árum. Ég sá hann þar og hugsaði „best að kaupa þennan kjól ef ég gifti mig einhvern tímann. Mér fannst þetta bara einn sá fallegasti brúðarkjóll sem ég hafði séð. Hann er frá 1979. Það var ennþá gamall verðmiði inní honum og allt. Hann kostaði mig þó bara $40. Kjóllinn er krem hvítur og úr silki jersey. Svo verð ég með slör og í mjög háhæluðum skóm því maðurinn minn er mjög hávaxinn og ég er pínkulítil."

KIRKJAN „Við ætlum að gifta okkur í sömu kirkju og mamma mín og pabbi, í Landakotskirkju. Ég var alin upp í kaþólskri trú og ég á margar fallegar og góðar minningar í Landakotskirkju og mig hefur alltaf langað að gifta mig í sömu kirkju og foreldrar mínir."

Spurður hvers vegna hann ákvað að gerast gítarleikari segist Beck hafa orðið fyrir áhrifum frá frænda sínum, sem var fiðluleikari. „Hann hafði gaman af djassi en svo sneri hann baki við honum. Mér fannst merkilegt hvernig hann gat hatað þessa tónlist sem hann hafði áður elskað. Við vorum vinir þangað til hann komst að því að ég elskaði rokk og ról. Þá hætti hann að tala við mig," segir hann og hlær. „Móðir mín var píanóleikari og pabbi minn var mikill djassaðdáandi. Þannig að það voru klassísk áhrif öðrum megin og djassáhrif hinum megin. Mitt á milli kom rokkið. Í kringum ellefu ára aldur prófaði ég að búa til minn eigin gítar og eftir það var ekki aftur snúið."

Hann segist ekki hafa fengið innblástur frá neinum sérstökum gítarleikara á sínum yngri árum. Hann hlustaði á plötur Genes Vincent og Elvis Presley þegar rokkið var að koma fram á sjónarsviðið og þróaði smám saman sinn eigin stíl. „Ég er undir miklum áhrifum frá melódíum og mér finnst gítarinn vera hljóðfæri sem getur búið til frábærar melódíur."

Rekinn úr The Yardbirds

Beck gekk til liðs við hljómsveitina The Yardbirds árið 1965. Þar tók hann við af Eric Clapton eftir að Jimmy Page, sem síðar varð gítarleikari Led Zeppelin, mælti með honum. Tími Becks í The Yardbirds var ekki langur því hann var rekinn á miðri tónleikaferð um Bandaríkin. Í framhaldinu gaf hann út plötuna Beck´s Bolero, þar sem Jimmy Page, John Paul Jones, Nicky Hopkins og Keith Moon úr The Who spiluðu með honum.

Síðar stofnaði hann The Jeff Beck Group þar sem Rod Stewart var söngvari og Ronnie Wood úr The Rolling Stones bassaleikari. „Við vorum þrír svipaðir gaurar. Við elskuðum að spila blús og vildum gera okkar eigin útgáfu af honum." The Jeff Beck Group gaf út tvær hljómplötur áður en hún hætti störfum 1969.

Á LEIÐ TIL ÍSLANDS Gítarsnillingurinn Jeff Beck spilar í Vodafone-höllinni 27. júní. NORDICPHOTOS/GETTY

Hefur unnið átta Grammy-verðlaun

Jeff Beck hefur tvívegis verið vígður inn í Frægðarhöll rokksins, fyrst sem meðlimur The Yardbirds og svo sem sólótónlistarmaður. Hann hefur einnig unnið átta Grammy-verðlaun á ferlinum. Spurður hvar hann geymi verðlaunin segir hann: „Þau eru í tónlistarherberginu. Ég hleypi engum þangað inn vegna þess að ég fer hjá mér vegna þess," segir hann og hlær.

Hafnaði The Rolling Stones

Árið 1974 gaf Beck út sína fyrstu sólóplötu, Blow By Blow, með aðstoð upptökustjóra Bítlanna, George Martin. Skömmu áður hafði Beck komið til greina sem næsti gítarleikari The Rolling Stones í staðinn fyrir Mick Taylor og fóru eins konar áheyrnarprufur fram í Rotterdam í Hollandi.

„Þeir plötuðu mig til að fara til Rotterdam. Umboðsmenn mínir sögðu mér ekki að ég kæmi alvarlega til greina sem staðgengill. Þegar ég kom til Rotterdam héldu allir að fyrst ég var mættur þangað myndi ég sjálfkrafa samþykkja að ganga til liðs við Stones. Ég var þarna í þrjá daga og skildi svo eftir bréf þar sem stóð að mér þætti þetta leitt en ég gæti þetta bara ekki." Spurður hvers vegna segist hann ekki hafa haft áhuga á að taka þátt í djammlíferni Keiths Richards og félaga. „Ég var búinn með allan þann pakka og vildi halda áfram með tónlistina. Einum eða tveimur vikum fyrr hafði ég fengið skilaboð frá George Martin um að hann væri til í að gera með mér plötu. Ég varð að taka ákvörðun á staðnum. Fara í Stones eða ekki og auðvitað var George Martin rétti maðurinn. Hann kom ferli mínum á flug með Blow by Blow. Ég hefði ekki getað tekið betri ákvörðun," segir hann. „En ég spilaði samt með þeim [The Rolling Stones] í O2-höllinni fyrir um mánuði og hafði mjög gaman af því."

Spilaði undir hjá Pavarotti

Skömmu eftir að óperusöngvarinn Luciano Pavarotti lést árið 2007 var Beck beðinn um að spila undir söng hans í nýrri útgáfu af laginu Caruso. „Ég lærði þetta lag Caruso í rangri tóntegund. Ég var með 65 manna strengjasveit fyrir framan mig og var í tómum vandræðum. Þegar hljómsveitarstjórinn sá það sagði hann: „Þetta er ekkert mál. Við skulum breyta okkar tóntegund". Þannig að þessi 65 manna sveit hjálpaði mér, sem var hið besta mál, en þetta var ansi taugastrekkjandi," segir hann. „Ég fór á heimili Pavarotti í Modena. Þarna voru myndir af honum með Bon Jovi og fleirum og hann var mikill rokkari. Það er leiðinlegt að hafa ekki náð að spila með honum."

Beck er eins og gefur að skilja eftirsóttur gítarleikari og spilar til að mynda í haust á næstu sólóplötu Brians Wilson úr The Beach Boys.

Öllum sama um heimþrá

Beck lauk í fyrra þriggja ára tónleikaferð um heiminn til að fylgja eftir sinni tíundu hljóðversplötu, Emotion & Commotion, þar sem Joss Stone, Imelda May og Olivia Safe voru söngvarar.

„Eftir það þurfti ég smá hvíld en ég gæti samt ekki átt betra líf. En það eru dökkar hliðar á þessu tónleikalífi. Ef þér líður illa og þú ert haldinn heimþrá er öllum sama um það. Þú verður bara að halda þínu striki. Ef þú fylgir ekki lögmálum tónlistarbransans endistu ekki lengi í honum."

Hann bætir við að skattarnir í Bretlandi, sem eru 50%, hjálpi ekki til. „Maður á ekki að hugsa um þetta en þegar maður er í miðju Rússlandi í þrjátíu gráðu frosti hvarflar það að manni að þeir fái helminginn. Við elskum samt starfið okkar og það er ekkert betra en þegar maður stígur af sviðinu og fólk hefur fílað það sem maður var að gera."

freyr@frettabladid.is

STYTTIST Í FRUMBURÐINN Kate og Vilhjálmur eiga von á barni í næsta mánuði. Spítalavistin fyrir fæðinguna verður í dýrari kantinum.

Rándýr fæðing hjá Kate og Vilhjálmi

Það gæti kostað Kate Middleton allt að tvær milljónir að fæða frumburð sinn í næsta mánuði. Kate ætlar að fæða barnið í Lindo-álmunni á St. Mary's-spítalanum í Paddington-hverfi Lundúnaborgar, en spítalavistin í þessari tilteknu álmu er í dýrari kantinum. Verðandi mæður sem kjósa að fæða börn sín í Lindo-álmunni eiga von á lúxusmeðferð frá starfsfólki spítalans og bestu læknisþjónustu sem völ er á. Skyldi Kate einnig fá gríðarlega löngun í ákveðinn mat stuttu fyrir fæðingu verða kokkar eldhússins henni innan handar allan sólarhringinn. Þá eiga þau Kate og Vilhjálmur kost á því að skála í rándýru kampavíni þegar barnið er komið í heiminn. Þau vita hins vegar ekki hvort um stúlku eða dreng sé að ræða, en þau hafa ákveðið að það eigi að koma á óvart.

FYRIR STERKAR OG HREINAR TENNUR

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

SAMBÍÓIN

KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
MAN OF STEEL 3D	KL. 5 - 8 - 11	12
MAN OF STEEL 2D	KL. 4:30 - 7:30 - 10:10 - 10:30	12
MAN OF STEEL VIP	KL. 5 - 8 - 11	12
PAIN AND GAIN	KL. 5:20 - 8 - 10:40	16
NOW YOU SEE ME	KL. 8 - 10:30	12
HANGOVER - PART 3	KL. 5:50 - 8	12
IRON MAN 3 3D	KL. 5:20	12
SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
MAN OF STEEL 3D	KL. 8 - 11	12
MAN OF STEEL 2D	KL. 5	12
PAIN AND GAIN	KL. 10:30	16
NOW YOU SEE ME	KL. 8	12
EPIC ÍSLTAL 2D	KL. 5:50	L

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL		
MAN OF STEEL 3D	KL. 5 - 8 - 11	12
MAN OF STEEL 2D	KL. 4 - 7 - 10	12
PAIN AND GAIN	KL. 8 - 10:40	16
NOW YOU SEE ME	KL. 5:30 - 8 - 10:30	12
HANGOVER - PART 3	KL. 5:50	12
SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI		
MAN OF STEEL 3D	KL. 5 - 8 - 11	12
MAN OF STEEL 2D	KL. 5 - 10:30	12
PAIN AND GAIN	KL. 8 - 10:40	16
NOW YOU SEE ME	KL. 5:30 - 8	12
SAMBÍÓIN AKUREYRI		
MAN OF STEEL 3D	KL. 5 - 8 - 11	12
PAIN AND GAIN	KL. 8	16
NOW YOU SEE ME	KL. 10:40	12
HANGOVER - PART 3	KL. 5:50	12

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

SMÁRABÍÓ 5%		
MAN OF STEEL	KL. 4 - 7 - 10	12
MAN OF STEEL 3D	KL. 5 - 6 - 8 - 9	12
MAN OF STEEL 3D LÚXUS	KL. 5 - 8 - 11	12
THE INTERNSHIP	KL. 5.30 - 8 - 10.35	7
EPIC 2D ÍSL.TAL	KL. 3.20	L
EPIC 3D ÍSL.TAL	KL. 3.20	L

HÁSKÓLABÍÓ 5%		
THE ICEMAN	KL. 5.40 - 8 - 10.20	16
THE INTERNSHIP	KL. 5.25 - 8 - 10.35	7
AFTER EARTH	KL. 8 - 10.15	12
EPIC 3D ÍSL.TAL	KL. 5.45	L
THE GREAT GATSBY	KL. 6 - 9	12

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIDI.IS		
THE INTERNSHIP	KL. 5.40 - 8	7
FAST & FURIOUS 6	KL. 5.40	12
THE ICEMAN	KL. 8 - 10	16
AFTER EARTH	KL. 10.20	12

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
THE ICEMAN	8 - 10.20	16
THE INTERNSHIP	5.30 - 8 - 10.30	7
EPIC 2D	5	L
EPIC 3D	5	L
FAST & FURIOUS	8 - 10.30	12

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

Klæðum okkur úr

BAKPANKAR
Stígs Helgasonar

Það var póetískt að fylgjast með Mike Miller, skyttu Miami Heat í NBA-körfuboltanum, missa af sér vinstri skóinn í fjórða leikhluta á móti San Antonio Spurs á þriðjudagskvöld, geysast engu að síður upp völlinn og negla niður einum þýðingarmesta þristi sem hann hefur nokkru sinni skorað. Skólaus á öðrum skildi hann eftir iljarlaga svitabletti um allt parkettið sem skömmu síðar blönduðust perlum af skallanum á LeBron James eftir að af honum skrapp ennisbandið sem flestir töldu gróið við höfuðleðrið og hann fór í kjölfarið hamförum á vellinum. Miami-menn höfðu verið í afleitri stöðu en unnu leikinn.

VARLA er hægt að ímynda sér atburðarás sem er táknrænni fyrir það að losa sig úr viðjum vanans, hlekkjum hugarfarsins eða einhverjum öðrum löngu geldum orðasamböndum að eigin vali. Og ég sá reyndar merki þess strax í gær að Íslendingar væru á svipaðri leið og kannski væri bjartari tíð fram undan.

HVERT sem litið var mátti sjá fólk sem var glaðbeitt og hnarreist, með eftirvæntingu í augunum og sem laust undan krónísku oki. Þetta fólk átti það allt sameiginlegt að vera miklu léttklæddara í gær en dagana þar á undan, fyrir utan einn kollega minn sem sást sniglast um lóðina í flíspeysu og regnjakka – sem er kannski ekki skrýtið á vinnustað þar sem menn á hlýrabolum einum að ofan hafa til þessa ekki þótt boðlegir til starfa.

EN það eru ekki allir vinnustaðir svona handleggjafælnir, því að þegar mér varð litið á sjónvarpið blasti við mér fersk sjón: nýkjörin þingkona að flytja ræðu í ermalausri flík. Í fyrstu gladdi það mig ögn minna en Óttarr Proppé í forsetastól fyrir viku, en svo áttaði ég mig á því að hún var í Framsóknarflokknum! Þetta er líklega það framsæknasta sem Framsóknarflokkurinn hefur gert síðan um 1930 og ef Sigurður Ingi Jóhannsson hefði bara haft vit á því að mæla fyrir veiðigjaldafrumvarpinu sínu í ermalausri skyrtu (stelpurnar eru vitlausar í þær) væru kannski ekki 30 þúsund manns að mótmæla því og allir væru glaðir.

PETTA þarf nefnilega ekki að vera flókið. Klæðum okkur bara úr fötunum.

Spiluðu til sigurs

Kvennaliðið FC Ógn bar sigur úr býtum í árlegum styrktarleik sem fram fór í Frostaskjólinu á miðvikudag. Þær spiluðu gegn landsþekktum söngvurum og söngkonum en leikurinn vannst í vítaspyrnukeppni.

DAVID JAMES KANN SITT FAG Það var markmaður ÍBV, David James, sem dæmdi leikinn. Hér stillir hann varnarveggnum upp á skemmtilegan hátt.

TAPSÁR LIÐSTJÓRI Rithöfundurinn og fótboltakempan fyrrverandi Þorgrímur Þráinsson þurfti að horfa upp á lið sitt tapa í Frostaskjólinu.

SIGURGLEÐI FC Ógn sigraði í vítaspyrnukeppni og tilfinningarnar leyndu sér ekki.

FALLEG MÆÐGIN Sigga Beinteins var með alvöru stuðningsmenn á leiknum. Hér er hún með börnum sínum tveimur.

LAGT Á RÁÐIN Liðsmenn FC Ógnar fara yfir leikskipulagið fyrir leikinn.

HITAR UPP Högni Egilsson í Hjaltalín hitaði vel upp fyrir átökin.

Tónlistarmyndband gagnrýnt harðlega

Myndbandið við Blurred Lines þykir ósmekklegt.

Myndband við lagið Blurred Lines með söngvaranum Robin Thicke hefur vakið hörð viðbrögð, enda þykir það niðrandi í garð kvenna.

Tvö myndbönd voru gerð við lagið; í öðru dansa fyrirsætur léttklæddar í kringum fullklædda söngvarana en í hinu eru stúlkurnar á nærbuxum einum fata.

„Lagið fjallar um stúlku sem vill stunda kynlíf en þorir ekki að segja það – sem kallast á við hið gamalkunna vandamál að sumir karlmenn telji að nei þýði já, nema að núna er hugmyndin sett í fram í formi grípandi sumarlags," segir á vefsíðunni The Daily Beast.

„Í myndbandinu sést söngvarinn muldra „Ég veit þú vilt það" í eyra stúlku. Kallið mig bölsýna en þessi setning nær ekki yfir hugmyndina um samþykki," ritaði Lisa Huyne á bloggi sínu Feminist in L.A.

GAGNRÝNDUR Robin Thicke hefur verið gagnrýndur fyrir myndband sitt við lagið Blurred Lines. NORDICPHOTOS/GETTY

James Gandolfini látinn

Leikarinn **James Gandolfini** lést á Ítalíu á miðvikudag, 51 árs að aldri. Gandolfini er hvað þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Tony Soprano í sjónvarpsþáttunum The Sopranos.

Leikarinn var í fríi á Ítalíu er hann lést. Talið er að hann hafi fengin hjartaáfall.

„Það er með sorg í hjarta að við tilkynnum um lát James Gandolfini. Hann lést er hann var í fríi í Róm. Við söknum hans mikið. Hann og fjölskylda hans voru hluti af okkar fjölskyldu," sagði í tilkynningu frá umboðsskrifstofu Gandolfinis sem birt var í fjölmiðlum í gær.

BÍÓ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS
ÍSLANDS
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS

NÝR FORD **KUGA** TITANIUM

Jeppi sem þú getur talað við? Sem svarar símtölum og spilar tónlist fyrir þig? Sem hringir sjálfkrafa eftir aðstoð í neyð? Sem opnar fyrir þig skottið þegar þú ert með báðar hendur fullar? Nýi Ford Kuga gerir þetta fyrir þig. Hann er svo snjall að í raun er hann snjalljeppi. Kynntu þér hvernig Ford gerir líf þitt þægilegra. Komdu og prófaðu.

KRAFTMIKILL
UNDRAVERÐUR
GLÆSILEGUR
AFAR SNJALL

FORD **KUGA** TITANIUM

BEINSKIPTUR FRÁ
5.790.000 KR.

SJÁLFSKIPTUR FRÁ
6.190.000 KR.

FORD KUGA ER ÖRUGGASTI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI SKV. EURO NCAP

Ford

ford.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17

Ford SYNC samskiptakerfið er staðalbúnaður í Ford Kuga. Rafdrifinn afturhleri með skynjara er fáanlegur sem aukabúnaður.
Ford Kuga AWD 2,0 TDCi dísil 140 hö. 6 gíra beinsk./sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9/6,2 l/100 km. Losun koltvísýrings CO_2 154/162 g/km.
Ford Kuga AWD 1,6i EcoBoost bensín 182 hö. sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,7 l/100 km. Losun koltvísýrings CO_2 179 g/km. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

Pavel fer frá Norrköping Dolphins

KÖRFUBOLTI Pavel Ermolinskij á ekki von á því að hann verði áfram í herbúðum sænska úrvalsdeildarfélagsins Norrköping Dolphins á næstu leiktíð. Þjálfari félagsins sagði við sænska fjölmiðla í gær að félagið hefði ekki lengur efni á honum. „Þeir vilja fara nýjar leiðir og skera niður. Þetta var heldur ekki það frábært ár að ég vilji endilega fara aftur," sagði Pavel í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hann er því að þreifa fyrir sér en leikmannamarkaðurinn í Evrópu fer ekki almennilega af stað fyrr en í júlí. „Það er í raun ekkert að gerast sem er að fara að klárast á næstunni. En ég vil vera áfram úti og er að kanna mína möguleika."

Pavel hafði verið orðaður við Grindavík en hann segir ólíklegt að hann spili á Íslandi á næstu leiktíð. „Ég hef ekki talað við neitt íslenskt félag á þeim nótum," sagði hann. - esá

Gæti átt sex ára fangelsi yfir höfði sér

FÓTBOLTI Skattamál Argentínumannsins Lionels Messi, leikmanns Barcelona, verða í fréttunum næstu mánuði en búið er að stefna honum vegna skattsvika. Málið verður dómtekið þann 17. september næstkomandi.

Messi og faðir hans eru sakaðir um að hafa stungið undan um 650 milljónum króna. Báðir neita þeir sök í málinu og Barcelona stendur með Messi.

Það er ansi mikið undir hjá Messi í málinu því hann gæti átt yfir höfði sér allt að sex ára fangelsi og háa fjársekt verði hann fundinn sekur. Feðgarnir eru grunaðir um að hafa notað fyrirtæki erlendis til þess að selja réttinn á nafni leikmannsins. Það er skattalagabrot.

Ferill Messis hefur verið algjörlega flekklaus hingað til og hefur það þótt tíðindum sæta hversu vel honum gengur að fóta sig þrátt fyrir ótrúlegar vinsældir og mikil fjárráð.

Messi er sagður fá um 2,5 milljarða króna í árslaun en hann er einn launahæsti íþróttamaður heims og hefur verið valinn besti knattspyrnumaður heims síðustu fjögur ár. - hbg

LIONEL MESSI

HARALDUR FRANKLÍN Stóð sig vel í Englandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Féll úr leik í bráðabana

GOLF Haraldur Franklín Magnús, Íslandsmeistarinn í golfi, gerði það það gott á Opna breska áhugamannamótinu. Hann komst alla leið í 16 manna úrslit þar sem hann tapaði í bráðabana.

Alls hófu 288 kylfingar keppni í mótinu en efstu 64 keppendurnir komust í gegnum niðurskurðinn eftir fyrstu tvo keppnisdagana. Þá tók við holukeppni. Haraldur lagði tvo keppendur að velli áður en hann féll út fyrir Ítalanum Renato Paratore. Ítalinn hafði betur í fyrstu holu bráðabanans. - esá

BORGUNARBIKAR

16-LIÐA ÚRSLIT

ÍA - BREIÐABLIK 0-3
0-1 Elfar Árni Aðalsteinsson (103.), 0-2 Ellert Hreinsson (115.), 0-3 Tómas Óli Garðarsson (119.).

STJARNAN - FH 3-1
0-1 Björn Daníel Sverrisson (8.), 1-1 Garðar Jóhannsson (33.), 2-1 Garðar Jóhannsson (37.), 3-1 Garðar Jóhannsson (90.+3).

Hef enn trú á liðinu okkar

Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu fer með tap á bakinu á EM í Svíþjóð. Liðið tapaði gegn Dönum í gær, 2-0. Stelpurnar hafa aðeins unnið einn leik af sjö á árinu. Þjálfarinn segist ekki vera af baki dottinn.

FÓTBOLTI „Við spiluðum fínan varnarleik en við sköpuðum ekki mikið í sókninni. Varnarleikurinn var betri en oft áður og agaður. Það var jákvætt en við vorum mikið í eltingarleik," sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari kvennalandsliðsins, eftir 2-0 tapið gegn Dönum í Viborg í gær.

Næsta verkefni hjá landsliðsþjálfaranum er að velja 23 manna hóp fyrir EM sem hefst 11. júlí. Sigurður segist nánast vera búinn að velja hópinn en að hann sé enn að velta einu sæti fyrir sér.

Gengi liðsins í ár hefur verið lélegt. Einn sigur, sex töp og markatalan 7-18.

„Við tókum þá ákvörðun að mæta sterkum liðum í undirbúningnum. Við áttum samt von á því að standa okkur betur en þetta. Okkur hefur tekist að vinna þessi lið á síðustu árum. Ég varð fyrir vonbrigðum með formið á leikmönnum fyrr í ár og svo höfum við verið að missa menn í meiðsli. Það hefur eðlilega haft áhrif á undirbúninginn hjá okkur," sagði Sigurður Ragnar.

„Ég hef enn trú á liðinu okkar. Við höfum mætt Noregi oft á síðustu árum og við getum unnið þær. Sama með Holland en róðurinn verður þungur gegn Þjóðverjum. Möguleiki okkar á EM liggur í leikjunum gegn Noregi og Hollandi."

Hefur þjálfarinn ekkert áhyggjur af sjálfstrausti leikmanna eftir þetta slaka gengi í ár?

„Þetta gengi getur eðlilega haft áhrif á sjálfstraustið. Það má kannski deila um hvort það hafi verið rétt að velja svona sterka andstæðinga í undirbúningnum en það var sú leið sem við völdum að fara og við verðum að standa með því. Vináttuleikir blekkja líka svolítið því þá er verið að skoða leikmenn og skipta meira en gengur og gerist. Auðvitað hefðum við samt viljað gera betur og koma með meira sjálfstraust í mótið. Það er nýtt fyrir liðið að lenda í mótlæti eins og núna og það verður þá að koma í ljós úr hverju liðið er gert. Ég bíð spenntur eftir því að sjá það."

Þjálfarinn verður kominn með allan hópinn þann 2. júlí og þá verður farið að vinna í taktík og öðru sem þarf að skerpa á.

„Þetta er nýtt og spennandi verkefni sem bíður okkar og við verðum að einblína á það en ekki gengið í síðustu leikjum. Þar kemur nýtt tækifæri og við verðum að mæta ákveðnar til leiks. Það er ekkert annað í boði."

henry@frettabladid.is

NÝTT TÆKIFÆRI Sigurður Ragnar er ekki með neinn uppgjafartón þó svo að það hafi gefið á bátinn hjá kvennalandsliðinu upp á síðkastið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Síðustu dagar lagersölunnar!

Frábært verð á úrvals Guess og Calvin Klein kvenfatnaði!

Lagersalan Faxafeni 12
(Áður Pílu Gluggatjöld)

Stjarnan og Breiðablik fengu síðustu farseðlana í bikarnum

LOKSINS, LOKSINS Eyðimerkurgöngu framherjans Garðars Jóhannssonar, leikmanns Stjörnunnar, lauk loksins í gær er hann skoraði frábæra þrennu gegn FH. Félagi hans, Veigar Páll Gunnarsson, fagnaði mun meira en Garðar sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FÓTBOLTI Síðustu leikirnir í sextán liða úrslitum Borgunarbikars karla fóru fram í gær.

Liðin sem komin eru áfram eru ÍBV, Fylkir, KR, Fram, Grótta, Víkingur R., Breiðablik og Stjarnan.

Leikur ÍA og Breiðabliks uppi á Skaga var hrútleiðinlegur. Nánast ekkert gerðist í 90 mínútur og því varð að framlengja leikinn. Þá stigu gestirnir úr Kópavoginum upp og kláruðu leikinn með stæl.

Leikur Stjörnunnar og FH var aftur á móti frábær skemmtun þar sem Garðar Jóhannsson skoraði loksins.

Aðeins einn leikur í sextán liða úrslitunum fór alla leið í vítaspyrnukeppni en það var leikur Víkings Ó. og Fram. Úrslit fengust ekki þar fyrr en eftir bráðabana í vítaspyrnukeppninni.

Dregið verður í átta liða úrslitin í höfuðstöðvum KSÍ í dag. Drátturinn verður í beinni lýsingu á Vísi. - hbg

visir.is
Frekari umfjöllun um Borgunarbikarinn.

OZ
Sjónvarp framtíðarinnar

Stöð 2 hvar sem er

Upplifunin hefst á stod2.is

Nú eru tímamót í íslenskri sjónvarpssögu. Með OZ-appinu getur þú horft á Stöð 2, Stöð 2 Bíó, Stöð 2 Krakkar, Gull, PoppTíví, Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 í iPad, iPod eða iPhone, iOS 6 eða nýrra. Njóttu þess að horfa á notendavænan og þægilegan máta, hvar og hvenær sem er.

Horfðu á útsendinguna

Útsending Stöðvar 2 er nú aðgengileg fyrir áskrifendur í Apple-spjaldtölvum og í iPhone.
Nú getur þú horft á Stöð 2 hvar og hvenær sem er.

Speglaðu á sjónvarpið

Þeir sem eiga Apple TV geta speglað myndina yfir á sjónvarpsskjáinn.

Spólaðu aftur í tímann

Með einum smelli er hægt að spóla allt að eina klukkustund aftur í tímann. Misstirðu af byrjuninni á uppáhaldsþættinum? Ekkert mál, þú smellir bara á byrjun og missir ekki af neinu.

Taktu upp dagskrárliði og safnaðu þínum þáttum

Merktu við uppáhaldsþættina og appið sér um að taka þá upp. Þú getur svo horft á þá í safninu þínu þegar þér hentar.

Fáanlegt í App Store

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is

Skráðu þig á stod2.is

- Appið virkar aðeins á þeim iPad, iPod touch og iPhone sem hafa stýrikerfið iOS 6 eða nýrra. (iPad 2 og nýrri og iPhone 4 og nýrri og iPod touch af 4. eða 5. kynslóð).
- Notaðu OZ-appið með Wi-Fi sem býður upp á meiri gæði og er hagkvæmara en t.d. 3G og 4G.
- Einungis fyrir áskrifendur á Íslandi.
- OZ TV þjónustan kostar aðeins 990 kr. á mánuði fyrir áskrifendur. (Frítt fyrir áskrifendur til 1. ágúst).

FITON / SÍA

DAGSKRÁ

Stöð 2 kl. 20.10
Besta svarið

Besta svarið er glænýr spurninga- og skemmtiþáttur undir öruggri stjórn Sveppa. Í hverjum þætti mætir einn þjóðþekktur gestur til leiks og keppendur eru vinir eða ættingjar gestsins. Aðalgestur þáttarins að þessu sinni er Gísli Örn Garðarsson leikari. Vinirnir eru Ingvar E. Sigurðsson, Skúli Malmquist og Jóhannes Níels Sigurðsson.

Í KVÖLD

Two and a Half Men

POPPTÍVÍ KL. 19.25 Gamanmyndaflokkur um þrjá stráka, tvo fullorðna og einn á barnsaldri. Ashton Kutcher fer með hlutverk Waldens Schmidt, en hann var fenginn í þáttaröðina eftir að glaumgosinn Charlie Sheen var rekinn.

TV.COM 8,4 IMDb 7,0

Arrested Development

STÖÐ 2 KL. 19.35 Við fylgjumst með Michael Bluth, sem tekur við fjölskyldufyrirtækinu eftir að faðir hans fer í fangelsi. Bluth-fjölskyldan var vellauðug áður en allt fór úrskeiðis en meðlimir hennar eru ekki í tengslum við raunveruleikann.

TV.COM 9,0 IMDb 9,2



Family Guy

SKJÁR 1 KL. 20.10 Peter Griffin er ekki sá skarpasti. Peter og fjölskylda hans búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.

TV.COM 8,9 IMDb 8,4

X977 kl. 7
Harmageddon

Morgunþátturinn Harmageddon er á dagskrá alla virka daga frá klukkan 7 til 10. Það eru þeir Frosti og Máni sem stjórna þættinum en þeir taka púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag. Harmageddon tekur á öllu sem skiptir máli og sumu af því sem skiptir engu máli.

FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM

Sundföt

Fjölbreytt úrval fyrir alla aldurshópa

Sundbolir
Dömustærðir
Verð: 7.990 - 12.990 kr.
Outlet-verð:
frá 4.990 kr.
Allt að 60%
Stelpustærðir:
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.

Bikiní
Dömustærðir
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð:
frá 1.990 kr.
Allt að 75%
Stelpustærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr

Sundskýlur
Herrastærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.
Allt að 40%
Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
2.990 kr.

Watershorts
Herrastærðir
Verð: 8.990 - 7.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.
Allt að 55%
Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
2.990 kr.

SPORT OUTLET
Vínlandsleið 6 113 Reykjavík
Opið:
Virka daga kl. 11-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.10 Malcolm in the Middle (7:22)
08.30 Ellen (170:170)
09.35 Doctors (108:175)
10.20 Fairly Legal (1:10)
11.50 The Mentalist (5:22)
12.35 Nágrannar
13.00 Dodgeball: A True Underdog Story
14.30 Extreme Makeover: Home Edition (6:25)
15.10 Sorry I've Got No Head
15.40 Leðurblökumaðurinn
16.25 Ellen
17.10 Bold and the Beautiful
17.32 Nágrannar
17.57 Simpson-fjölskyldan (20:21)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.06 Veður
19.15 Simpson-fjölskyldan (19:22) Tuttugasta og fjórða þáttaröðin í þessum langlífasta gamanþætti bandarískrar sjónvarpssögu. Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur ef eitthvað er aldrei verið uppátektarsamari.
19.35 Arrested Development (2:15 Fjórða þáttaröðin um hina stórskrýtnu en dásamlega fyndnu Bluth-fjölskyldu. Michael tók við fjölskyldufyrirtækinu eftir að faðir hans var settur í fangelsi.
20.10 Besta svarið (2:8) Frábær spurninga- og skemmtiþáttur þar sem hinn eini sanni Sverrir Þór Sverrisson, Sveppi, stýrir af einstakri snilld. Í hverjum þætti mætir einn þjóðþekktur gestur til leiks og keppendur eru þrír, vinir eða ættingjar gestsins.
20.55 Philadelphia Áhrifamikil Óskarsverðlaunamynd með Tom Hanks, Denzel Washington og Antonio Banderas í aðalhlutverkum um lögfræðing sem þarf að takast á við sína eigin fordóma sem og samfélagsins þegar hann greinist með alnæmi.
23.00 The Bad Lieutenant: Port of Call New Orleans Spennumynd með Nicolas Cage, Evu Mendes og Val Kilmer. Rannsóknarlögreglumaður fær til rannsóknar flókið mordmál en sjálfur hefur hann ýmsa djöfla að draga og berst við eiturlyfja- og spilafíkn.
01.00 Into the Blue
02.45 Poison Ivy: The Secret Society
04.25 Dodgeball: A True Underdog Story
05.55 Simpson-fjölskyldan (19:22)

POPPTÍVÍ

19.00 Friends (17:24)
19.25 Two and a Half Men (14:24)
19.45 Simpson-fjölskyldan (18:25)
20.10 Holidate (1:10)
20.55 Crusoe (10:13)
21.40 Hellcats (21:22)
22.25 Holidate (1:10)
23.10 Crusoe (10:13)
23.55 Hellcats (21:22)
00.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

INN

20.00 Hrafnaþing **21.00** Motoring
21.30 Eldað með Holta

SPORT *besta sætið*

07.00 Miami - San Antonio
16.20 Stjarnan - FH
18.10 Borgunarmörkin 2013 Mörkin og marktækifærin í leikjunum í Borgunarbikarkeppni karla í knattspyrnu.
19.15 Sumarmótin 2013
20.00 Miami - San Antonio
21.50 Kraftasport 2013
22.45 Ben Curtis á heimaslóðum
23.30 Southampton - Chelsea

SPORT 2 *enski boltinn*

17.45 Tottenham - Chelsea
19.30 PL Classic Matches: Liverpool - Chelsea, 1996
20.00 Manstu Skemmtilegur spurningaleikur um enska boltann í umsjón Guðmundar Benediktssonar.
20.45 Fulham - Chelsea
22.25 Manstu
23.10 Chelsea - Barcelona
23.40 Reading - Chelsea

krakkar

07.00 Lalli **07.05** Lalli **07.10**Refurinn Pablo **07.15** Litlu Tommi og Jenni **07.40** Svampur Sveinsson **08.00** Dóra könnuður **08.25** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Strumparnir **09.10** Áfram Diego, áfram! **09.30** Lína langsokkur **09.55** Waybuloo **10.15** Brunabílarnir **10.35** Doddi litli og Eyrnastór **10.45** Histeria! **11.05** Ofuröndin **11.30** Sorry I've Got No Head **12.00** iCarly **12.20** Njósnaskólinn **12.45** Victourious **13.05** Big Time Rush **13.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.50** Lalli **13.55** Lalli **14.05** Refurinn Pablo **14.10** Litlu Tommi og Jenni **14.35** Svampur Sveinsson **14.55** Dóra könnuður **15.20** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.40** Strumparnir **16.05** Áfram Diego, áfram! **16.30** Lína langsokkur **16.55** Waybuloo **17.05** Brunabílarnir **17.30** Histeria! **17.50** Ofuröndin **18.15** iCarly **18.40** Njósnaskólinn **19.10** Victourious **19.35** Big Time Rush

GULL

20.00 Það var lagið Vinsæll skemmtiþáttur frá árinu 2005 þar sem Hemmi Gunn fær til sín þjóðþekkt fólk sem fær að spreyta sig í söngkeppni.
21.05 A Touch of Frost
22.50 Monk (1:12)
00.10 Það var lagið
01.15 A Touch of Frost
03.00 Monk (1:12)
04.20 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

BÍÓ

12.20 Love and Other Disasters
13.50 Time Traveler's Wife
15.35 The Prince and Me 4
17.05 Love and Other Disasters
18.35 Time Traveler's Wife
20.25 The Prince and Me 4
22.00 Brooklyn's Finest
00.10 Awake
01.35 Mirrors 2
03.05 Brooklyn's Finest

RÚV

15.40 Ástareldur *(Sturm der Liebe)*
16.30 Ástareldur *(Sturm der Liebe)*
17.18 Babar *(24:26) (Babar and the Adventures of Badou)*
17.40 Unnar og vinur *(10:26) (Fanboy & Chum Chum)*
18.03 Hrúturinn Hreinn *(13:20) (Shaun the Sheep)*
18.10 Táknmálsfréttir
18.20 Andraland II *(5:5)* Andri Freyr Viðarsson fer á flandur, skoðar áhugaverða staði og spjallar við skemmtilegt fólk.
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.40 Dýralæknirinn *(2:9) (Animal Practice)*
20.05 Kofinn *(The Cabin)*
21.35 Vínviðarblóð – Endurfundir í Jarnac *(Le sang de la vigne: Le dernier coup de Jarnac)*
23.10 Dátar: Uppgangur Kóbru *(G.I. Joe: The Rise of Cobra)*
01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

RÚV ÍÞRÓTTIR

16.00 Álfukeppnin Endursýning á leik Spánar og Tahítí
18.00 Álfukeppnin Endursýning á leik Nígeríu og Úrúgvæ.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Dr. Phil
08.45 Pepsi MAX tónlist
15.10 The Good Wife *(16:23)*
15.55 Necessary Roughness *(12:12)*
16.40 How to Be a Gentleman *(6:9)*
17.05 The Office *(11:24)*
17.30 Dr. Phil
18.15 Royal Pains *(7:16)*
19.00 Minute to Win It Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Það er komið að sérstökum góðgerðaþætti með Kevin Jonas úr Jonas Brothers sem spreytir sig á þrautum við mikinn fögnuð fjölskyldumeðlima.
19.45 The Ricky Gervais Show *(9:13)*
20.10 Family Guy *(9:22)*
20.35 America's Funniest Home Videos *(27:44)*
21.00 The Voice *(13:13)*
23.30 Donnie Brasco Bandarísk kvikmynd frá árinu 1997 með Johnny Depp og Al Pacino í aðalhlutverkum. Lögreglumaður sem fer huldu höfði innan valdamikillar glæpafjölskyldu undir nafninu Donnie Brasco. Hann eignast vini innan fjölskyldunnar og kemst til æðstu metorða.
01.40 Excused
02.05 Flashpoint *(1:18)*
02.55 Lost Girl *(12:22)*
03.40 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **06.45** Travelers Championship **2013** *(1:4)* **09.45** The Open Championship Official Film **1988** **10.**45 Ryder Cup Official Film **2006** **12.**00 Inside the PGA Tour *(25:47)* **12.25** Travelers Championship **2013** *(1:4)* **15.25** Arnold Palmer Invitational **2013** *(4:5)* **19.00** Travelers Championship **2013** *(2:4)* **22.00** US Open **2013** *(2:4)* **01.00** ESPN America

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn
FM 102,2 Útv. Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

Hreysti er 25 ára

allt fyrir kroppinn HREYSTI 25 ára 1988 - 2013

af því tilefni bjóðum við veglegan afmælisafslátt í takmarkaðan tíma

Hreysti er fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað 7. júní árið 1988 af bræðrunum Eggerti, Þórhalli og Sigvalda. Þórhallur og Eggert reka fyrirtækið enn þann dag í dag. Við erum lítill hópur sem leggur áherslu á gæði og persónulega þjónustu.

tilboð

15-20% afsl. af völdum tækjum

LifeFitness

LifeFitness, mest seldu líkamsræktartæki í heimi eru af slíkum gæðum að þú getur aðeins vænst þess besta.

25% afsláttur

Cyclone
Einstök samsetning af mysupróteini og nauðsynlegum næringarefnum sem styðja vöðvavöxt, auka styrk og úthald auk mikilvægrar endurhleðslu.

Afmælistilboðsverð kr. 7.496.-

25% afsláttur

PROMAX DIET
er einstök blanda , hönnuð fyrir fólk sem vill hágæða fæðu-aukablondu sem styður þyngdarstjórnun og þyngdartap.

Afmælistilboðsverð kr. 7.496.-

25% afsláttur

RedKick
Orkuspark fyrir æfingar. Einhver magnaðasti orkudrykkurinn á markaðinum! Inniheldur koffein, guarana og kolvetni, tilvalið fyrir erfiðar æfingar.

Afmælistilboðsverð kr. 2.246.-

25% afsláttur

Eldri model af Slendertone á sérstöku tilboðsverði
Afmælistilboðsverð kr. 19.995.-

25% afsláttur

TRX® Suspension Training®
Eitt öflugasta æfingakerfi sem völ er á og hefur farið sigurför um heiminn.
Afmælistilboðsverð kr. 22.486.-

25% afsláttur

af öllum Yoga og nuddvörum **frá Natural Fitness og Rejuvenation** t.d. Yogadýnum, handklæðum, boltum, nuddrúllum og nuddkeflum

Æfingadýna Powerhouse Pro
Afmælistilboðsverð kr. 7.496.-



Æfingadýna Powerhouse
Afmælistilboðsverð kr. 3.746.-

EcoSmart yogadýna 4 mm
Afmælistilboðsverð kr. 2.996.-

25% afsláttur

Nuddrúlla 59 cm
Afmælistilboðsverð kr. 8.996.-

Nuddrúlla 33 cm
Afmælistilboðsverð kr. 5.996.-

Nuddrúlla 45 cm
Afmælistilboðsverð kr. 3.746.-

Nuddrúlla 90 cm
Afmælistilboðsverð kr. 5.246.-

Æfingaboltar
55 cm Afmælistilboðsverð kr. 3.745.-
65 cm Afmælistilboðsverð kr. 4.496.-
75 cm Afmælistilboðsverð kr. 5.246.-

tilboð



Flott - Flottari - Flottust

Nýtt æfingakerfi fyrir maga, rass og læri.
RopeYoga ferðasett + dýna kr.19.995.-
RopeYoga bekkur kr. 59.995.-

ROPE YOGA WORKOUT

Nuddkefli
Afmælistilboðsverð kr. 4.496.-

25% afsláttur

af öllum **UNDER ARMOUR** fatnaði og af öllum **HREYSTI 1988** bómullarfatnaði.
Hettupeysur, bolir o.fl.
Bolir **Afmælistilboðsverð kr. 2.246.-**
Hettupeysur **Afmælistilboðsverð kr. 3.746.-**
Hettupeysur renndar
Afmælistilboðsverð kr. 3.746.-

25% afsláttur

af YORK bekkjum, Olympic stöngum, bumper lóðum og ketilbjöllum

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

NETVERSLUN: WWW.HREYSTI.IS
OPIÐ MÁN - FÖST.10:00 - 18:00 - LAUGARD. 11:00 - 15:00

maxifuel TRX MAXIMUSCLE maxitone LifeFitness IRON GYM SLENDERTONE PhD YORK Reebok POLAR BBE SPORTLINE EAS REJUVENATION

HELGIN

„Á laugardaginn verður ráðist í göngutúr í miðbænum og um kvöldið ætlum við unnustan í matarboð hjá góðum vinum. Sunnudeginum verður svo varið í faðmi fjölskyldunnar.“

Ægir Þór Eysteinsson, blaðamaður á Kjarnanum.

Helgi heiðursgestur á leikritinu Lúkas

Helgi Rafn Brynjarsson, sem sakaður var um brotthvarf hundsins Lúkasar, viðstaddur frumsýninguna.

„Það er búið að bjóða mér og ég ætla að reyna að komast,“ segir Helgi Rafn Brynjarsson.

Honum hefur verið boðið að vera heiðursgestur í kvöld á frumsýningu leikritsins Lúkas, sem er byggt á Lúkasarmálinu. Það verður sýnt í Rýminu á Akureyri næstu vikur á vegum leikfélagsins Norðurbandalagið.

Helgi Rafn var í bloggheimum sagður höfuðpaur þeirra sem áttu árið 2007 að hafa sett hundinn Lúkas í tösku og sparkað í þangað til hann drapst. Síðar kom í ljós að Lúkas var sprelllifandi og Helgi Rafn hafði verið hafður fyrir rangri sök. Síðar fékk Helgi Rafn greiddar skaðabætur vegna þessa undarlega máls.

➜ Helgi Rafn er búsettur í Reykjavík og mun því keyra norður í dag ef hann ætlar að vera viðstaddur sýninguna.

„Mér finnst þetta ógeðslega skemmtilegt. Ég er ánægður með að þetta sé komið á það stig að þetta sé ekki lengur feimnismál fyrir fólk,“ segir Helgi Rafn, spurður hvort hann sé ánægður með nýja leikritið.

Sjálfur segist hann ekkert vera þreyttur á að rifja upp málið núna. „Ég er ekkert búinn að lenda neitt í þessu alla vega seinustu tvö árin, ekkert eftir að málaferlunum lauk,“ segir hann. - fb

HEIÐURSGESTUR Helgi Rafn verður heiðursgestur á frumsýningunni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



EKKI OF SEINT AÐ BREYTA Ásgeir Trausti segir það ekki vera orðið of seint að breyta listamannsnafninu. Hann ætlar þó mögulega að halda sig við Trausta-nafnið á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ásgeir eyðir Trausta

Tónlistarmaðurinn vinsæli Ásgeir Trausti Einarsson mun ekki lengur notast við millinafnið Trausti. Nafnið þykir einfaldlega of flókið í framburði erlendis.

„Í rauninni er þetta bara út af því að Ásgeir Trausti þykir of erfitt í framburði fyrir alla sem ekki eru frá Íslandi,“ segir tónlistarmaðurinn vinsæli Ásgeir Trausti Einarsson, sem framvegis verður einungis þekktur undir listamannsnafninu Ásgeir á erlendri grundu.

Þá hefur Ásgeir Trausti fjarlægt Trausta-nafnið á aðdáendasíðu sinni á Facebook og á Youtube-rás sinni. „Þetta voru hugmyndir sem voru alltaf á lofti en við ákváðum að kýla á þetta núna áður en það yrði of seint.“ En ertu ekki orðinn of þekktur sem „Ásgeir Trausti“ til þess að hægt sé að breyta nafninu? „Nei, blessuð vertu. Ég hugsa að ég haldi mig nú við Trausta-nafnið hér á Íslandi, án þess að ég sé mikið að spá í þetta. Ég hugsa að það nafn sé orðið frekar fast. En svona áður en við förum á fullt úti ákváðum við bara að breyta þessu aðeins og hafa þetta einfaldara.“

Spurður að því hvort það hafi ekki verið skemmtilegt að heyra útlendingana gera tilraunir með framburð á hinu íslenska nafni, segir Ásgeir svo hafa verið. „Það var virkilega skemmtilegt. Það komu alls konar útfærslur af nafninu og oftast hef ég bara þurft að bera það fram sjálfur.“

Það er nóg að gera hjá tónlistarmanninum um þessar mundir, en fyrr á árinu kom út ensk útgáfa plötunnar „Dýrð í dauðaþögn“. „Við erum að æfa mikið núna og erum á leiðinni til Parísar á mánudaginn að hita upp fyrir Of Monsters and Men. Við verðum úti frá mánudeginum og alveg til 22. júlí. Á þessu tímabili munum við spila á hinum ýmsu tónlistarhátíðum og upphitunargiggum með Of Monsters.“

kristjana@frettabladid.is

Söluhæsta frumraunin

Ásgeir Trausti gaf út fyrstu plötu sína, Dýrð í dauðaþögn, í september á síðasta ári. Platan seldist í um 22 þúsund eintökum fyrir jólin og hefur engin önnur frumraun selst jafn vel á útgáfuári sínu hér á landi. Upptökum á enskri útgáfu plötunnar er lokið en sú plata ber heitið In the Silence. Það var tónlistarmaðurinn John Grant sem þýddi texta plötunnar yfir á ensku.

Tónleikar í fallegu umhverfi

Hljómsveitin Pascal Pinon spilar á ókeypis tónleikum víða um land.

Hljómsveitin Pascal Pinon er á leiðinni í tónleikaferð um landið í næstu viku ásamt þriggja manna blásaratríói. Fyrstu tónleikarnir af sex verða í Garði á þriðjudaginn. Hinir tónleikarnir verða í Fljótshlíð, Höfn í Hornafirði, Húsavík og á Grundarfirði, auk þess sem einir leynitónleikar verða haldnir eingöngu fyrir netið.

Ókeypis verður á alla tónleikana en Pascal Pinon fékk 400 þúsund króna styrk frá Kraumi vegna tónleikaraðarinnar. „Konseptið hjá okkur var að fólk myndi koma á tónleika í fallegu umhverfi sér að kostnaðarlausu,“ segir skipuleggjandinn Áslaug Rún Magnúsdóttir, sem er hluti af blásaratríóinu. - fb

➜ Áslaug Rún Magnúsdóttir og Jófríður Ákadóttir eru einnig í hljómsveitinni Samaris og komu nýverið fram á tónlistarhátíðinni Sonar í Barselóna.

PASCAL PINON Hljómsveitin er á leiðinni í tónleikaferð um landið.

TILBOÐSPRÍSUR

TIL FÆREYJA Í SUMAR

FERÐADAGAR:

31. júlí – 7. ágúst
7. – 14. ágúst
14. – 21. ágúst
21. – 28. ágúst

Takmarkað sætaframboð

Bókunarfyrirvari 14 dagar

Aðeins bókanlegt í síma
570 3030

BÖRN 50% AFSLÁTTUR
UNGABÖRN 90% AFSLÁTTUR

TILBOÐ
29.900 kr.
FRAM OG TIL BAKA
MEÐ SKÖTTUM

#FLUGFELAG | **VINGUMST:** facebook.com/flugfelag.islands | FLUGFELAG.IS

FÆREYJAR ERU FALLEGAR AÐ SUMRINU. Landslagið er ekki ólíkt íslensku landslagi – bara allt öðruvísi. Fjarlægðin ætti heldur ekki að vera neinum þrándur í götu, flugið tekur bara klukkustund. Bókaðu sumarferð til Færeyja á sérstöku tilboðsverði, aðeins 29.900 kr. báðar leiðir **í síma 570 3030.**

ATLANTIC AIRWAYS
Væl á veg

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

OPIÐ 24 TÍMA
Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla
Iceland

FRÉTTIR AF FÓLKI

Beinbrot í góðgerðarskyni

Árlegur góðgerðarleikur FC Ógnar fór fram í fyrradag. Að þessu sinni rann allur ágóði leiksins til Ágústu Amalíu Sigurbjörnsdóttur, sem háir hetjulega baráttu við krabbamein. Leikurinn endaði með sigri FC Ógnar í vítaspyrnukeppni. Mikill hiti var í leiknum og meðal annars lenti þeim Hreimi Erni Heimissyni söngvara og **Sigurbjörgu Prastardóttur** skáldi saman með þeim afleiðingum að Sigurbjörg úlnliðsbrotnaði. Fregnir herma að liðsfélagar Sigurbjargar í FC Ógn komi til með að aðstoða hana við ritstörfin í náinni framtíð.

- ósk

Toppaði á þrítugsafmælinu

Í gær var opinberað á vef Rásar 2 hvaða lag vermir toppsæti vinsældalista stöðvarinnar fyrir síðustu viku. Það er sumarslagarinn Aheybaró með akureyska rapparanum **Kött Grá Pjé,** sem hefur klifið hratt og örugglega upp listann undanfarnar vikur. Maðurinn á bak við listamannsnafnið Kött Grá Pjé, Atli Sigþórsson, hafði sannarlega ástæðu til að gleðjast í gær því að auk toppsætisins fagnaði hann þrítugsafmæli sínu. Og svo skein langþráð sólin á Reykvíkinga – sem menn geta velt fyrir sér hvort er tilviljun.

- sh

Mest lesið VÍSIR

1. Síbrotamaður ákærður fyrir rán með kúbeini
2. Skilaði nýja ráðherrabílnum - ekur um á tæplega tíu ára gömlum bíl
3. Faktorý lokar
4. Sonur borgarstjórans stelur senunni
5. „Þá rann upp fyrir honum að hann gæti ekki verið með neina þvælu við mig“

ÆSANDI ÍSLENSK SKÁLDSAGA EFTIR KARL FRANSSON

www.forlagid.is

FYRIR ÞÍNAR BESTU STUNDIR!

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

15% afsláttur í júní!
á Tempur heilsudýnum/-rúmum og koddum.

TEMPUR CLOUD heilsudýna

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

TEMPUR CLOUD HEILSUDÝNA
Verðdæmi 160x200 cm
Verð kr. ~~266.000~~,-
Kr. 226.100,- á júníafsætti
Þú sparar kr. 39.900,-

Fæst einnig í stærðunum
80x200 cm
90x200
90x210 cm
100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm
152x200 cm
180x200 cm
180x210 cm
192x203 cm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN*
Aðeins 19.666 kr. á mán.

C&J STILLANLEGT með Tempur Cloud

Charlotte Julien

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

Með fjarstýringu

C&J STILLANLEGT
með Tempur Cloud dýnu
Verðdæmi 2x90x200 cm
Verð kr. ~~740.900~~
Kr. 629.765 á júníafslætti
Þú sparar kr. 111.135

Fæst einnig í stærðunum
2x80x200 cm
2x90x210 cm
2x100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN*
Aðeins 54.482 kr. á mán.

TEMPUR SPRING heilsurúm

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

TEMPUR SPRING
Verðdæmi 160x200 cm
Rúm, dýna og lappir
Verð frá kr. ~~251.000~~
Kr. 213.350 á júníafslætti
Þú sparar kr. 37.650

Aukahlutur á mynd gafl.

Fæst einnig í stærðunum
180x200 cm
180x210 cm
192x203 cm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN*
Aðeins 18.566 kr. á mán.

* með 3,5% lántökugjaldi og 340 kr. greiðslugj. pr. afb.

www.betrabak.is

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16